


skoðun 20



Litir haustsins

Kóngablár, gylltur, hárauður og smaragðsgrænn eru meðal tískulita haustsins.

allt 2

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Veljum íslenskt



FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

26. ágúst 2010 — 199. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Nýr 18 holu golfvöllur

Golfvöllur Kjalar í Mosfellsbæ verður átján holur eftir rúmt ár.

golf 42

Týndar fornminjar

Mörður Árnason bendir á að fimm gamalla muna er saknað úr Laufási við Eyjafjörð.

skoðun 24



Ekkert stress hjá Eiði

Leit Eiðs Smára Guðjohnsen að nýju félagi gengur hægt.

sport 40

veðrið í dag



HLÝJAST SUNNANLANDS Í dag má búast við mjög hægum vindi um allt land. Norðan- og austanlands verður fremur skýjað en sunnantil nokkuð bjart. Vætu má vænta allra austast og SV-til síðdegis. **veður** 4



KIRKJUNNAR MENN Karl Sigurbjörnsson og Geir Waage ræðast við í Biskupsstofu í gærmorgun. Á veggnum hangir málverk af Ólafi heitnum Skúlasyni biskupi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álykta um fyrrum biskup:

Rannsóknarnefnd stofnuð

ÞJÓÐKIRKJAN Kirkjuráð hefur beint því til forsætisnefndar kirkjuþings að undirbúa tillögur um rannsóknarnefnd sem fari yfir starfshætti og viðbrögð kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi. Tillögurnar á að leggja fyrir kirkjuþing 13. nóvember næstkomandi.

Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings, segir starfsfólk innan nefndarinnar verða algjörlega óháð öllum stofnunum kirkjunnar og ráðuneytum ríkisins. Hann segir stefnt að því að niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar verði svo skilað ekki síðar en á kirkjuþingi að ári, helst fyrr.

Karl Sigurbjörnsson biskup átti fund með Geir Waage í gærmorgun og segir í yfirlýsingu frá biskupi að Geir muni hér eftir sem hingað til hlýða þeirri tilkynningaskyldu og samsvarandi ákvæðum sem kveðið er á um í siðareglum þjóðkirkjunnar.

Þá sendi Kirkjuráð frá sér yfirlýsingu þar sem Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Guðrún Ebba Ólafsdóttir eru beðnar fyrirgefningar fyrir hönd þjóðkirkjunnar. **- sv / sjá síðu 12**

Vill síður selja orku til álvera

Ross Beaty lýsir þeirri skoðun í bréfi til iðnaðarráðherra að æskilegra væri að selja græna orku til annarra fyrirtækja en álvera. Græn orka sé eftirsótt og fyrirtæki séu fús til að greiða mun hærra verð fyrir hana.

ORKUMÁL Ross Beaty, hinn kanadíski eigandi Magma Energy, móðurfélags HS Orku, gefur í skyn í bréfi sem hann skrifaði Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra nýlega, að hann hafi lítinn áhuga á að HS Orka selji orku til álvers Norðuráls í Helguvík. Hann kjósi frekar að sú „græna orka“ sem HS Orka framleiðir úr jarðvarma á Reykjanesi og Svartsengi verði seld öðrum kaupendum en álveri.

Samkvæmt heimildum blaðsins setur Beaty þetta fram í bréfinu sem persónulega skoðun sína. Græn orka sé eftirsótt, fyrirtæki erlendis séu tilbúin að greiða fyrir hana mun hærra verð en gert er ráð fyrir í samningum íslenskra orkufyrirtækja við Norðurál og önnur álfyrirtæki.

Áður er komið fram að í þessu bréfi var íslenska ríkinu boðinn forkaupsréttur að ráðandi hlut í fyrirtækinu og einnig opnað á viðræður Magma við íslenska ríkið um styttingu 65 ára leigutíma HS Orku á auðlindum á Reykjanesi.

Fréttablaðið hefur óskað eftir því við iðnaðarráðuneytið að fá aðgang að bréfinu. Sú beiðni er til meðferðar í ráðuneytinu.

Fram hefur komið í fréttum RÚV að Norðurál hefur vísað deilu við HS Orku til gerðardóms í Svíþjóð þar sem orkufyrirtækið vanefni samning um afhendingu orku til álversins í Helguvík. **- pg**

Starfshópur ráðherra að ljúka endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins:

Niðurstöðu senn að vænta

SJÁVARÚTVEGUR Starfshópur um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu er að ljúka störfum. Drög að heildarskýrslu verða lögð fyrir á fundi hópsins í dag. Stefnt er að því að skýrslan líti dagsins ljós í næstu viku.

„Við eigum eftir að sameinast um niðurstöðu en ég vonast til að leggja hana fram á morgun [í dag]. Okkur var falið að velta upp valkostum og möguleikum. Við munum ekki leggja fram útfærða tillögu eða lagabreytingar en verkefnið á morgun er meðal annars að draga fram meginlínur þessarar vinnu“, segir Guðbjartur Hannesson, formaður starfshópsins, spurður um hvort afdráttarlaus sátt eða niðurstaða hafi náðst.



GUÐBJARTUR HANNESSON

Tvær leiðir hafa verið nefndar til sögunnar. Svokölluð samningaleið sem hagsmunaaðilar aðhyllast, en hún byggir á núverandi fyrirkomulagi. Hins vegar er útfærsla á fyrningarleið stjórnvalda; svokölluð tilboðsleið. Spurst hefur úr starfshópnum að samningaleiðin sé ofan á. Guðbjartur rengir það ekki en ítrekar að niðurstaða liggi ekki fyrir. **- shá / sjá síðu 16**







SPURNING DAGSINS



Karl, komu áhorfendurnir þá að vörmu Spori?

„Já, á meðan við tókum sporið."

Danshópurinn Sporið steig dansspor á götum úti í Rúmeníu á dögunum. Dansararnir klæddust þjóðbúningi, sem var í hlýjasta lagi, enda upp undir 40 stiga hiti í landinu. Karl Stefánsson er annar harmónikuleikara hópsins.

Skiptastjóri þrotabús BGE eignarhaldsfélags vill að fyrrverandi starfsfólk Baugs um einn milljarð króna:

Þrír skulda um átta hundruð milljónir

VIÐSKIPTI Ákveðið var á fundi skiptastjóra þrotabús BGE eignarhaldsfélags í gær að innheimta lán sem félagið veitti fyrrum starfsmönnum Baugs. Skuldin nemur um einum milljarði króna.

Meginþungi skuldarinnar fellur á helstu fyrrverandi stjórnendur Baugs, Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformann Baugs, Gunnar Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra, og Stefán H. Hilmarsson, fyrrum aðstoðarforstjóra. Hann er nú fjármálastjóri 365 miðla. Þremenningarnir áttu samtals 76 prósenta hlut í félaginu en starfsmenn Baugs afganginn.

BGE var stofnað árið 2003 utan um hlutafjáreign starfsmanna Baugs í Baugi. Kaupþing Búnaðarbanki lánaði BGE fé sem það lánaði áfram til starfsmanna til hlutabréfakaupanna. Skuldin liggur nú í bókum skilanefndar Kaupþings.

Í ársreikningum BGE má sjá að BGE greiddi upp lánið við bankann og var skuldlaust við hann í lok árs 2007. Á sama tíma hækkaði skuld BGE gagnvart Baugi. Í árslok 2008 námu heildarskuldir BGE rúmum 2,9 milljörðum króna. Eina eign félagsins voru verðlaus hlutabréf í Baugi.



STEFÁN H. HILMARSSON



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



GUNNAR SIGURÐSSON

Bjarni S. Ásgeirsson, skiptastjóri BGE eignarhaldsfélags, segir líklegt að einhverjir fyrrum starfsmenn Baugs semji um uppgjör skuldarinnar. Ekki megi útiloka að stærstu skuldamálin fari fyrir dómstóla.

- jab



BÆJARPRÝÐI Gömlu fiskvinnsluhúsin við smábátahöfnina hafa gengið í endurnýjun lífdaga.

Leynifélagið Rauðka stórtækt:

Veitir Siglufirði andlitslyftingu

LANDIÐ „Maður finnur að bæjarbúar kunna vel að meta þessa andlitslyftingu og þessi nýja ásýnd bæjarins hefur smitað út frá sér því Siglfirðingar eru margir farnir að flikka upp á hús sín," segir Finnur Yngvi Kristinsson, verkefnastjóri Rauðku sem hefur veg og vanda af endurgerð gömlu fiskvinnsluhúsanna við smábátahöfnina á Siglufirði.

Að baki Rauðku standa örfáir einstaklingar sem vilja ekki láta nafn síns getið, en fyrir dyrum stendur enn frekari uppbygging í bænum.

- þlg / sjá Veljum íslenskt

IceJet dregur saman seglin:

Skilanefnd vill selja vélarnar

VIÐSKIPTI Einkaþotuleigan IceJet er að mestu hætt að leigja vélarnar út í forstjóraflug. Endurskipulagning á rekstrinum stendur yfir, að því er fram kemur á netmiðlinum FlightGlobal.

IceJet, sem rekur fjórar Dornier 328-einkaþotur, heyrði undir fjárfestingarfélagið Nordic Partners. Skilanefnd Landsbankans leysti eignir félagsins til sín í lok mars og seldi megnið af starfseminni í Eystrasaltsríkjunum. Til stendur að selja þoturnar þegar betur árar á einkaþotumarkaði, samkvæmt upplýsingum frá skilanefnd Landsbankans.

- jab

Fóðra kanínur í trássi við reglur borgarinnar

Kanínum hefur fjölgað gríðarlega í Elliðaárdalnum. Slysahætta er af nagdýrunum. Íbúar í dalnum fóðra kanínurnar þótt reglugerð borgarinnar banni það. Útivistarfólki er nóg boðið. Heilbrigðiseftirlit borgarinnar íhugar aðgerðir.

DÝRALÍF Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur íhugar nú hvort ástæða sé til að skera upp herör gegn kanínum sem hreiðrað hafa um sig í Elliðaárdalnum. Kanínum þar hefur fjölgað gríðarlega síðustu ár og nú er svo komið að íbúar í dalnum, sem og útivistarfólk sem á þar leið um, hafa fengið nóg. Kanínurnar éti gróður, bæði á einkalóðum sem og í borgarlandinu, þær hafi áhrif á fuglalíf auk þess sem af þeim stafi slysahætta.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, segir að eftirlitinu hafi borist nokkrar ábendingar vegna kanínanna.

Málið sé í skoðun hjá eftirlitinu ekki síst vegna slysahættunnar sem þeim fylgi. „Þær eiga það til að hlaupa út á Breiðholtsbrautina og geta valdið slysum þar. Eins éta þær gróður hjá íbúum í dalnum sem og í borgarlandinu," segir Árný.

Kanínurnar í Elliðaárdal sækja margar hverjar í heimili Jóns Þorgeirs Ragnarssonar og Halls Heiðars Hallssonar sem búa á Skálará við Vatnsveituveg en þeir fóðra kanínurnar daglega. Ekki eru allir sáttir við það og telja sumir að þeir stuðli að fjölgun nagdýranna.

Jón Þorgeir segir þá ekki halda kanínur enda hafi þeir aldrei keypt eina einustu kanínu. „En þær eru hérna í kring og við gefum þeim að borða," segir hann. „Þegar ég er spurður hvort við eigum kanínurnar segi ég alltaf nei. Þær eiga sig sjálfar."

Lausaganga kanína er með öllu óheimil samkvæmt samþykkt Reykjavíkurborgar um gæludýrahald. Halda verður kanínum innan girðingar eða lóðamarka og bannað er að fóðra þær utan þeirra.



KANÍNA Í ELLIÐAÁRDAL Jón Þorgeir Ragnarsson, íbúi í Elliðaárdalnum, segir að kanínur hafi verið þar um langt skeið. „Ég held að fyrsta kanínan hafi komið úr hverfinu hér fyrir ofan. Svo eru einhverjir sem hafa komið og skilið kanínur hér eftir. En þegar fólk spyr hvort við eigum þær segi ég nei. Þær hljóta að eiga sig sjálfar," segir Jón Þorgeir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins segir það ekki ganga að verið sé að fóðra kanínurnar. „Við verðum að tala við þá, því þetta á ekki að líðast. Ef þeir velja að halda kanínur þá verða þeir að gera það inni á sinni lóð," segir Árný.

Jón Þorgeir segir að hann og sambýlismaður hans séu ekki þeir einu sem gefi kanínunum að borða. „Hingað kemur fólk frá veitingastöðum, sjúkrahúsum og öðrum stöðum til að gefa þeim."

Hann telur að um sjötíu til áttatíu kanínur séu í Elliðaárdalnum. Aðrir sem Fréttablaðið hefur rætt við telja að þær séu á annað hundrað talsins.

Jón Þorgeir segir að kanínurnar veki athygli þar sem þær séu mjög spakar. Fólk komi í dalinn til að skoða þær. Hann segir þó sumt fólk, ketti og máva drepa kanínurnar.

„Mér finnst það forréttindi að fá að umgangast dýrin frjáls en við eigum þær ekki," segir hann „Mér finnst yndislegt að fá að umgangast dýrin í sínu náttúrulega umhverfi en þau koma aldrei hingað inn. Við erum meira að segja hættir að klappa þeim því ef þær eru gæfar eru þær dauðar," segir Jón Þorgeir.

kristjan@frettabladid.is

Rannsókn á manndrápi:

Óbreytt staða

LÖGREGLUMÁL „Það er óbreyttt staða," sagði Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn, spurður síðdegis í gær um stöðu rannsóknar á manndrápsmálinu í Hafnarfirði.

Yfirheyrslum var haldið áfram í gærdag. Friðrik Smári kvaðst ekki hafa tölu á hve margir hefðu verið yfirheyrðir vegna rannsóknar málsins frá því að hún hófst. Í einhverjum tilvikum hefðu einstaklingar verið yfirheyrðir oftar en einu sinni.

Spurður um hvenær væri að vænta niðurstöðu rannsóknar á lífsýnum sem send voru út til Svíþjóðar sagði Friðrik Smári að gera mætti ráð fyrir þeim eftir um það bil þrjár vikur. Það færi þó eftir því hversu mikinn forgang sýnin fengju.

- jss



RÚSTIR BIFREIÐAR Vettvangur sprengjuárásar í bænum Ramadi. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir sprengjuárása:

Blóði drifinn dagur í Írak

ÍRAK, AP Fimmtíu og fimm Írakar féllu í tugum sprengjuárása víðs vegar í Írak í gær.

Svo virðist sem árásirnar hafi verið samhæfðar, en daginn áður hafði bandarískum hermönnum í Írak í fyrsta sinn frá upphafi stríðsins fækkað niður undir 50 þúsund manns. Uppreisnarmenn hafa hert árásir sínar undanfarna mánuði, samhliða því sem fækkað hefur í liðsafla Bandaríkjanna. Að minnsta kosti helmingur þeirra sem létust í gær voru íraskir lögreglumenn eða hermenn.

- gb



Erlendir bankar fá ekki veðrétt í innstæðum á reikningum þrotabús Samsonar:

Urðu af hundruðum milljóna

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms frá í júlí að tíu evrópskir bankar geti ekki lagt fram kröfu í reikning þrotabús Samsonar eignarhaldsfélags. Ástæðan fyrir úrskurðinum er að krafan í búið var ekki rétt reifuð, að mati Hæstaréttar. Krafa bankanna hljóðaði upp á rúma 2,1 milljón evra, jafnvirði 330 milljóna króna.

Í úrskurði héraðsdóms kom fram að upphafleg kröfulýsing bankanna hafi verið með þeim hætti að hún næði ekki til veðréttar í innstæðunum.

Bankarnir erlendu eru þýsku bankarnir Commerzbank, HSH Nordbank, Bayerische Landesbank, Bayerische Hypo- und Vereinsbank, Raiffeisen Zentralbank Österreich; frönsku bankarnir Société Générale og Natrixis; asíski bankinn United Overseas, færeyski Eik Bank auk ítalska bankans UBI Banca International.

Samson, sem var í eigu Björgólfsfeðga, átti rúman fjórutíu prósenta hlut í Landsbankanum. Bankarnir lánuðu félaginu fé með veði í hlutabréfum í Landsbankanum. Við fall bankanna haustið 2008 urðu hlutabréf Landsbankans einskis virði. Bankarnir felldu þá lánin á gjalddaga og gerðu kröfu í bú Samsonar, sem fór í greiðslustöðvun um svipað leyti og bankarnir féllu.



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Trygging fyrir lánum Samsonar voru hlutabréf í Landsbankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

- jab

NÝTT!

Orlando Florida





Staybridge Suites

Topp 10 á Tripadvisor yfir fjölskylduvænustu hótelin í Orlando!

Staybridge Suites er gott íbúðahótel staðsett í Lake Buena Vista. Hótelið býður uppá fríar ferðir til og frá skemmtigörðunum á Orlando svæðinu. Veitingahús og verslanir í göngufæri. Morgunverðarhlaðborð innifalið.

VERÐ FRÁ:

119.900 kr.*

m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Brottför: 9. október – 8 nætur

Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum, verslunarmiðstöðvum og veitingastöðum. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Sími 585 4000

MEIRA Á
urvalutsyn.is


Ferðaskrifstofa

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

GENGIÐ 25.08.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	120,56	121,14
Sterlingspund	185,98	186,88
Evra	152,49	153,35
Dönsk króna	20,471	20,591
Norsk króna	19,045	19,157
Sænsk króna	16,117	16,211
Japanskt jen	1,4252	1,4336
SDR	181,67	182,75

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,6481
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



MCLAREN F1 Bíll sömu tegundar og Larry Ellison seldi nýverið á sem nemur 430 milljónum íslenskra króna.

Ellison verður allt að gulli:

Seldi ofursportbíl með gróða

BANDARÍKIN **Fimmtán ára gamall McLaren F1 ofursportbíll milljónamæringsins Larry Ellison var seldur á tæplega 3,6 milljónir dala á uppboði á bílasýningu á Pebble Beach I í Kaliforníu í vikunni. Ellison er forstjóri Oracle hugbúnaðarfyrirtækisins og talinn sjötti ríkasti maður heims.**

Fjallað er um söluna á lífsstílsvef Børsen í Danmörku, en þar kemur fram að nýr hafi bíllinn kostað 970 þúsund dali árið 1995.

„Jafnvel þótt tekið sé tillit til verðbólgu í 15 ár er hægt að segja að Larry Ellison mali líka gull á því að aka dýrum bílum.“ - óká

Austur-Húnavatnssýsla:

Hvalreki við Ásbúð á Skaga

DÝRALÍF Steypireyði rak á land við eyðibýlið Ásbúð á Skaga fyrir skömmu en fornleifafræðingar frá Byggðasafni Skagafjarðar fundu hvalinn í fyrradag, að því er fram kemur á Feyki.is. Dýrið, sem er að líkindum kýr, er 22,8 metrar á lengd sem fróðir menn segja að þýði að dýrið sé að nálgast kynþroskaaldur.

Guðmundur Stefán Sigurðsson fornleifafræðingur segir í samtali við Feyki að hvalreki sem þessi hefði líklega verið tilefni til veisluhalda á Skaga fyrir um hundrað árum en í dag þyki hann ekki matur. Dýrið hafi enda líklega rekið dautt á land. - kh

Um 65 minkar voru veiddir í höfuðborginni í fyrra samkvæmt meindýraeyði:

Minna um mink í Reykjavík

DÝRALÍF Mink fer fækkandi í Reykjavík, að sögn Guðmundar Björnssonar, meindýraeyðis hjá Reykjavíkurborg.

„Þetta voru á annað hundrað dýr sem við vorum að veiða fyrstu árin sem ég var hérna, sem var í kringum 1990. Upp úr 2000 fer honum fækkandi í Reykjavík og í fyrra veiddum við um 65 dýr,“ segir Guðmundur.

Hann segir að minkurinn sé meindýr sem eigi ekki heima í borgarlandinu. Hann sé helst að finna við ár, vötn eða niðri við sjó



MINKUR Um 65 minkar voru veiddir í höfuðborginni í fyrra.

þar sem hann veiðir fisk og fugla. Flesta minka í höfuðborginni hafi meindýraeyðar borgarinnar þó veitt í Viðey.

„Við höfum verið að veiða hann í Elliðaárdal, Úlfarsárdal og á fleiri stöðum en flesta veiddum við í Viðey. Þar veiddum við 24 minka í fyrra að mig minnir. Restin var svo svona vítt og breitt um borgina,“ segir Guðmundur.

Minkur er rándýr af marðarætt sem var fluttur hingað til lands til loðdýraræktar árið 1931. Hann slapp þó fljótlega út og breiddist út um allt land.

Árið 2000 voru tæplega níu þúsund minkar veiddir um allt land samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun en 2008 voru þeir tæplega sjö þúsund. - kh

Ungur karlmaður fyrir dómi:

Vill 700 þúsund í bætur frá ríki

DÓMSMÁL **Ungur karlmaður hefur stefnt íslenska ríkinu fyrir ólögmæta handtöku.**

Maðurinn var handtekinn í júnímánuði árið 2008 vegna gruns um aðild að líkamsárás. Manninum var haldið í tíu klukkustundir á lögreglustöð á meðan yfirheyrslur fóru fram. Honum var síðan sleppt að þeim loknum.

Mál mannsins var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. Hann krefst 700 þúsund króna í skaðabætur. - jhh

ESB blæs til fundar um makrílveiðar

Fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins ætla að ræða um makrílveiði við íslensk og færeysk stjórnvöld í næsta mánuði. Friðrik J. Arngrímsson segir Íslendinga hafa jafn mikinn rétt til veiðanna og aðildarríki ESB.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) ætla að funda um makrílveiðar Íslendinga og Færeyinga í Brussel í Belgíu í næsta mánuði. Þetta tilkynnti Oliver Drewes, talsmaður framkvæmdastjórnarinnar í sjávarútvegsmálum, á blaðamannafundi í gær. Fundurinn verður tæknilegs eðlis á milli fulltrúa ESB og landanna beggja.

Á blaðamannafundinum fór Drewes yfir deilur ESB við Íslendinga og Færeyinga og lagði áherslu á það viðhorf ESB að Íslendingar og Færeyingar valdi makrílstofninum skaða með ofveiði. „Þeir veiða langt umfram það sem réttlætanlegt er í vísindaskyni,“ sagði hann.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

„Þeir [innskot blm: framkvæmdastjórn ESB] geta fundað eins og þeim sýnist. Við eigum jafn mikinn rétt til að veiða innan okkar lögsögu og þeir að veiða innan sinnar,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ). Ekki náðist í Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vegna málsins.

Mjög hefur hitnað í deilum ESB við Íslendinga og Færeyinga sem snúa að úthlutun kvóta á makríl. Skoski Evrópuþingmaðurinn Struan Stevenson, krafðist þess á mánudag að ESB beiti löndin þvingunum á borð við löndunarbann. Þá líkti Financial Times deilunum á þriðjudag við þorskastríðunum við Breta á sjötta og áttunda áratug síðustu aldar og hafði eftir Mariu Damanaki, sjávarútvegsmálastjóra ESB, að Íslendingar taki mikla áhættu með makrílveiðum sínum, þær geti haft neikvæð áhrif á aðildarviðræður Íslands við ESB. Hún hefur skrifað Stefan Fuele, stækkunarmálastjóra ESB, bréf um málið. Þar kemur fram að ekki sé mögulegt að réttlæta makrílkvóta íslenska fiskveiðiflotans. Bréfið var gert opinbert á þriðjudag.

Íslensk fiskiskip geta veitt 130 þúsund tonn af makríl á þessu ári. Friðrik J. Arngrímsson segir fiskveiðiflotann nánast kominn að mörkum, rúm hundrað þúsund tonn séu komin á land. „Við höfum getað veitt mun meira en höfum takmarkað þær,“ segir hann. Makríllinn er að mestu frystur og seldur á erlendum mörkuðum.

jonab@frettabladid.is



MAKRÍLVEIÐI Íslensk stjórnvöld hafa gagnrýnt harðlega makrílveiðar Íslendinga, sem sagðar eru ógna makrílstofninum. Lítið þarf til að ná upp í 130 þúsund tonna makrílkvótann.

Þjófarnir látnir lausir:

Játuðu innbrot við yfirheyrslur

LÖGREGLUMÁL Fimm íslenskir karlmenn, sem lögreglan handtók í fyrramorgun vegna rannsóknar á innbrotum, hafa játað að hafa verið að verki á þremur stöðum. Þeim hefur öllum verið sleppt, að sögn Árna Þórs Sigmundssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns á lögreglustöðinni á Krókhálsi.

Mennirnir, sem eru á milli tvítugs og þrítugs, hafa allir komið við sögu lögreglu áður. Tveimur þeirra var sleppt í fyrrakvöld að loknum yfirheyrslum, en þremur í gærmorgun. Lögregla gerði þrjár húsleitir og fann tölvubúnað, skjái og myndvarpa, sem stolið hafði verið í innbrotum á svæðinu og sönnuðu aðild þeirra. -jss

Sjálfboðaliða vantar í símann:

Rauði krossinn kallar á aðstoð

NEYÐARAÐSTOÐ **Bæta á við sjálfboðaliðum hjá hjálparsíma Rauða krossins 1717 í september.**

Fram kemur á vef Rauða krossins að um þessar mundir sé tekið á móti umsóknum. „Áhugasamir einstaklingar sem vilja leggja þessu þarfa verkefni lið eru hvattir til að senda inn umsókn,“ segir þar. Tekið er fram að æskilegt sé að hver sjálfboðaliði taki tvær til þrjá vaktir á mánuði. Umsjónarmaður sjái um að raða fólki á vaktir og sé það gert samkvæmt óskum hvers og eins. - óká

LÖGREGLUFRÉTTIR

Peningar í óskilum

Peningar sem fundust í vesturbæ Reykjavíkur eru í óskilum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Eigandinn getur vitjað þeirra í afgreiðslu lögreglunnar á Hverfisgötu 115, Reykjavík. Afhending fer fram gegn staðfestingu á eignarhaldi.

PIPAR\TBWA • SÍA • 926 03

-5kr.

ÓB ódýrt bensín

VIÐ FYRSTU NOTKUN ÓB-LYKILSINS SÍÐAN ALLTAF -2kr.

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.


Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141

VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

BEST SYÐST Í dag og á morgun verður hægviðri ríkjandi á landinu. Horfur eru á lítilsháttar vætu allra austast og síðdegis má búast við skúrum við SV-ströndina. Áfram verður nokkuð svalt norðan til en hitinn ætti að komast upp í 10-15°C sunnantil.



HEIMURINN

Alicante	33°
Basel	32°
Berlín	17°
Billund	18°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	30°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	25°
London	18°
Mallorca	31°
New York	27°
Orlando	34°
Ósló	15°
París	28°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benedikt@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

ALVÖRU KERRUR, LEÐUR OG KRÓM

HAMBORGARA Búllan

Krúser

www.kruser.is

BÍLASÝNING KRÚSERKLÚBBSINS Í KVÖLD VIÐ N1 BÍLDSHÖFÐA 9

Komdu og sjáðu allar svölustu kerrur landsins milli 19–21 í kvöld. Sögulegir bílar, borgarar, blús og svakalegt stuð!

- Krúserklúbburinn sýnir flottustu eðalvagna landsins.
- Frítt Maxi popp – flugdrekar og svifdiskar fyrir börnin, meðan birgðir endast.
- Krúserbandið leikur leðurklæddan og krómaðan blús af fingrum fram.
- Grillaðir Búlluborgarar og kók á 600 kall.
- 30% afsláttur af öllum bón og hreinsivörum, olíuvörum, ferðavörum, hjálmum, grillum og grillvörum…og kraftmesta útsala landsins í Nítró - verulegur afsláttur af Kawasaki hjólum.

Sjáumst við stórverslun N1 Bíldshöfða 9 í kvöld, 26. ágúst!

Fíton/SÍA



WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

KJÖRKASSINN



Kvíðir þú sumarlokum?

JÁ 33,7%

NEI 66,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú sagt þig úr Þjóðkirkjunni?

Segðu þína skoðun á visir.is

Stofnandi Wikileaks á ekki yfir höfði sér ákæru fyrir kynferðisbrot:

Ákæra um áreitni rannsökuð

SVÍÞJÓÐ, AP Julian Assange, stofnandi Wikileaks, á ekki lengur yfir höfði sér ákærur fyrir nein kynferðisbrot í Svíþjóð.

Karin Rosande, talsmaður saksóknaraembættisins í Svíþjóð, segir Assange þó enn grunaðan um að hafa áreitt konu, en tekur fram að áreitni telst ekki til kynferðisglæpa samkvæmt sænskum lögum. Undir áreitni getur hins vegar fallið margvísleg hegðun, svo sem óviðeigandi snerting af einhverju tagi eða yfirgangur og almennur ruddaskapur.

Verði hann fundinn sekur af þeirri ákæru gæti hann átt yfir höfði sér allt að eins árs fangelsisdóm.

Eva Finne aðalsaksóknari sagði hins vegar að engin ákæra yrði lögð fram í máli annarrar konu, sem sakaði Assange um kynferðisglæp. Á föstudag kvað Finne upp þann úrskurð að engin ákæra yrði lögð fram vegna nauðgunar, en í gær kvað hún upp þann úrskurð að engin ákæra yrði heldur lögð fram á hendur honum fyrir kynferðisbrot af öðru tagi gagnvart þeirri konu.

Claes Borgstrom, lögmaður beggja kvennanna, segir ekkert hæft í ásökunum um að kærur



JULIAN ASSANGE Hefur birt fjölmörg viðkvæm ríkisleyndarmál á vefsíðunni Wikileaks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þeirra séu lagðar fram að undirlagi bandarískra stjórnvalda, sem eru ósátt við birtingu viðkvæmra leyndarmála á vefsíðunni Wikileaks. - gb

Nýjar skordýrategundir:

Birkifeti veldur tjóni í Dölum

NÁTTÚRA Ormurinn birkifeti hefur valdið tjóni á berjalyngi á nokkrum stöðum á landinu í sumar, að því er fram kemur á Skessuhorni. Töluverðar skemmdir eru af völdum birkifeta vestur í Dölum. Skemmdirnar lýsa sér þannig að heilu lynghlíðarnar verða rauðar eða rauðbrúnar að lit.

Skordýrasérfræðingar rekja atferli birkifeta til hlýnandi loftlags, en hann hefur látið á sér kræla hér á landi síðustu sumur, að því er segir á Skessuhorni.

- kh

Lokað

Vegna útfarar Hannesar Þórs Helgasonar verður lokað fimmtudaginn 26. ágúst hjá Sælgætisgerðinni Góu-Lindu og á skrifstofum og veitingastöðum KFC og Taco Bell.

Góa Stofnað 1968 · KFC · TACO BELL

Mígreni tengt meiri líkum á hjartaáfalli

Íslensk rannsókn um tengsl milli mígrenis með áru og líkinda á því að deyja úr hjartasjúkdómum vekur heimsathygli. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í gær í British Medical Journal. Byggt er á gögnum Hjartaverndar.

HEILBRIGÐISMÁL Auknar líkur eru á því að fólk með ákveðna tegund mígrenihöfuðverkja deyi af völdum hjarta- og æðasjúkdóma. Í niðurstöðum íslenskrar rannsóknar sem birt var í gær í vefútgáfu British Medical Journal (BMJ) kemur fram að fólk sem þjáist af mígreni með áru, en þá fylgja höfuðverknum sjón- eða skyntruflanir, sé í þessum áhættuhópi. Fólk með mígreni án áru er ekki í aukinni hættu.

Lárus Steinþór Guðmundsson, faraldsfræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands, sem leiddi rannsóknina, segir að í eldri rannsóknum hafi verið að finna vísbendingar um tengslin, en í þessari hafi í fyrsta sinn verið hægt að greina á milli mígrenis með og án áru. Rannsóknin marki því tímamót.

Næsta skref segir Lárus að svara spurningunni um hvað valdi tengingunni. „Við eigum eftir að svara spurningunni um hvort lyfjameðferð sem fækkar köstum mígrenis með áru dragi einnig úr líkum á hjartaáfalli og hjartasjúkdómum.“

Rannsóknin var á vegum Hjartaverndar og unnin í samvinnu við Háskóla Íslands, National Institute of Aging og Uniformed Services University of the Health Sciences í Bandaríkjunum. Í tilkynningu Hjartaverndar kemur fram að þetta sé í fyrsta sinn sem niðurstöður hóprannsóknar með langtíma eftirfylgni sýni fram á þessi tengsl mígrenis með áru við hættuna á því að deyja úr hjarta- og æðasjúkdómum.

Lárus segir þó mikilvægt að niðurstöðurnar valdi ekki ótta að óþörfu því áhættan sem sýnt hafi



LÁRUS STEINÞÓR GUÐMUNDSSON Lárus, faraldsfræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands, og prófessor Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar, leiddu tímamótarannsókn Hjartaverndar sem birt var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verið fram á sé í raun lítil miðað við hefðbundna áhættuþætti. „Þarna er hins vegar komin enn ein ástæðan fyrir fólk að fylgjast með þessum lífsstílsáhættuþáttum,“ segir hann og vísar meðal annars til reykinga og kólesterólsöfnunar.

Forsendu rannsóknarinnar segir Lárus vera hversu vel hafi verið staðið að rannsókn Hjartaverndar, en þar var mígreni með og án áru greint með spurningalista sem þátttakendur svöruðu á árunum 1967 til 1991. Þátttakendur voru 18.725 karlar og konur sem fædd voru á árunum 1907 til 1935. Meðaleftirfylgni var 26 ár, en Lárus segir að í rannsókn sem þessari sé 15 ára eftirfylgni lágmark.

Í tilkynningu Hjartaverndar segir að tímalengdin þýði að rannsóknin sé meðal umfangsmestu rannsókna sem gerðar hafi verið. Hún vakti enda strax heimsathygli við birtingu í gær. Um miðjan dag var Lárus þegar búinn að vera í viðtali við CBS News Radio, auk þess sem ýmsir fréttamiðlar á netinu höfðu sett sig í samband við hann.

olikr@frettabladid.is



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Alþjóðleg ráðstefna um sjálfbærar samgöngur haldin hér á landi í september:

Þekktur bílahönnuður spáir í framtíðina

RÁÐSTEFNUR Bílahönnuðurinn, Chris Bangle, verður aðalfyrirlesari á ráðstefnunni Driving Sustainability sem haldin verður í Reykjavík dagana 16. til 18. september næstkomandi.

Chris stýrði hönnunardeild BMW frá 1992 til 2009 og er talinn einn áhrifamesti bílahönnuður sögunnar. Á ráðstefnunni kynnir hann sýn sína á samgöngur árið 2050.

Fram kemur í tilkynningu að ráðstefnan sé nú haldin hér á landi fjórða árið í röð. „Á ráðstefnunni gefst stjórnendum, áhrifafólki, frumkvöðlum og áhugamönnum um samgöngur, orkumál og umhverfismál tækifæri til að tengjast verkefnum, kynnast nýjungum og hlýða á heimsþekkta fyrirlesara spá í samtímann og framtíðina. Á síðustu þremur árum hafa fyrirlesarar og gestir frá meira en 25 þjóðlöndum sótt ráðstefnuna í Reykjavík,“ segir þar.

Meðal ræðumanna að þessu sinni eru stjórnendur frá Tokyo Electric Power Company, Toyota Motors og einnig frá Tesla Motors. „Landsvirkjun, CHAdeMO-samtökin og Mitsubishi Heavy Industries munu taka þátt í umræðum um orkumál og hlutverk orku í umbreytingu samgangna.“

Ráðstefnan hefst með opnunarávarpi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, fimmtudaginn 16. september, en fyrsta ráðstefnudaginn verður fjallað um þróun borgarsamgangna næstu áratugi. Á öðrum degi ráðstefnunnar verður fjallað um orkuskipti í samgöngum og þann síðasta verður fjallað um fjármögnun nýsköpunarverkefna sem tengjast umbreytingu í samgöngum.

- óká



BMW Chris Bangle, sem heldur fyrirlestur hér á landi, hannaði meðal annars þennan BMW.



TAX FREE DAGAR

Afnemum VSK af öllum barnafatnaði!

Dagana 26. - 29. ágúst afnemum við VSK af öllum BARNAFATNAÐI.

Þú færð allan barnafatnað, barnanáttföt, barnaundirföt, barnasokka og barnasokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra. daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. ágúst 2010.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu margir voru þjófarnir sem lögreglan handtók í Árbæ?*
2. *Hvar veiddist stærsti lax sumarsins?*
3. *Hversu margir farþegar hafa siglt til Vestmannaeyja á einum mánuði?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Formaður Landssambands lögreglumanna gagnrýnir breytingar á skráningum mála:

Engin kvörtun borist ríkislögreglustjóra

LÖGREGLUMÁL Ekkert erindi hefur borist embætti ríkislögreglustjóra varðandi ásakanir þess efnis að skráningum brotamála hjá lögreglu sé breytt þannig að þær gefi ranga tölfræðilega mynd af eðli og tíðni brota.

Þetta segir Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna hefur greint frá því að lögreglumenn gagnrýni breytingar á skráningum mála þannig að þau falli ekki undir þann brotaflokk sem þau ættu að teljast til. Þannig sé innbrot ekki innbrot nema að einhverju sé stolið. Ella sé það skráð sem eignaspjöll. Umferðarslys sé umferðarslys þurfi að kalla til sjúkrabíl, en árekstur meiðist einhver lítillega og leiti sér sjálfur hjálpar. Þá geti líkamsárás orðið aðstoð við borgarann finnist fórnarlamb liggjandi í blóði sínu en gerandinn sé á bak og burt.

„Þetta skekkir tölfræðina og þá þróun í fjölda afbrota sem á sér stað," segir Snorri. „Með öðrum orðum, þetta sýnir betri árangur en á sér raunverulega stað."



GUÐMUNDUR GUÐJÓNSSON



SNORRI MAGNÚSSON

Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu hefur brugðist við.

„Ég hef beðið dómsmálaráðuneytið að rannsaka þessar ásakanir sem eru grafalvarlegar og algjörlega úr lausu lofti gripnar," segir hann.

Að sögn Guðmundar hefur ríkislögreglustjóri gefið út reglur og leiðbeiningar um skráningu mála í lögreglukerfinu, meðal annars í þeim tilgangi að afbrotatölfræðin sé rétt og samræmd. Embættið gengur út frá því að lögreglustjórar vinni samkvæmt þeim. -jss



SÖLUNÁM SEM SELUR!

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 385.000.- Einingar til stúdentprófs: 16

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir alla þá sem vilja tileinka sér þekkingu á sölu,- markaðs,- og rekstrarmálum. Námið er sérstaklega fjölbreytt eins og sést hér að neðan:

Fyrri önn:
- Hlutverk sölumanns (6) • Windows, Internet og tölvupóstur (6)
- Samskipti við viðskiptavini (6) • Sölu- og viðskiptakerfi (24)
- Verslunarreikningur (24) • Word ritvinnsla og tilboðsgerð (30)
- Markaðsfræði (30) • Excel töflureiknir og gerð söluáætlana (30)
- PowerPoint og gerð sölukynninga (12) • Framkoma og framsögn (6)
- Sölutækni og aðferðir (18) • Markaðsrannsóknir (12)
- Auglýsingatækni (6) • Markaðsfræði 2 (6) • Publisher umbrot (6)
- Tímastjórnun (6) • Fyrra lokaverkefni og sölukynning - 30

Seinni önn:
- Frumkvöðlar og framtíðarsýn (6) • Hagnýtur bókhaldsskilningur (12)
- Stofnun fyrirtækja (6) • Excel við áætlanagerð (24)
- Fjármálastjórnun og framlegð (30) • Markaðsfræði 3 (42)
- Lokaverkefni og gerð viðskiptaáætlunar (48)

Möguleiki á framhaldsnámi í Danmörku

Einn af stærstu viðskiptaháskólum í Danmörku, EASV í Esbjerg og Sønderborg, hefur gert samstarfssamning við NTV um að viðurkenna tveggja anna námsbrautir NTV sem inntökuskilyrði fyrir nám í skólanum. Fjöldi íslenskra námsmanna stundar nú nám hjá EASV en skólinn býður meðal annars upp á: Stjórnsýslufræði, Fjármálafræði, Markaðsfræði, Tölvunarfræði, Margmiðlun og Tískuhönnun.

Næstu námskeið:
Morgunnám byrjar 13. sept.
Kvöld- og helgarnám byrjar 14. sept.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



FUNDUR Í IÐNÓ Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hélt reglulega blaðamannafundi í Iðnó skömmu eftir hrunið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Evran hefði litlu breytt í hruninu

Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands leitar skýringa á því af hverju Ísland fauk um koll en önnur lönd sluppu betur í hinu fjármálalega gjörningaveðri 2007-2009. Segir gengissveigjanleikann hafa reynst Íslandi tvíeggjað vopn.

EFNAHAGSMÁL „Ég átti satt að segja von á því að aðild að myntbandalaginu myndi skipta meira máli," segir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands.

Hann hefur ásamt Þorvarði Tjörva Ólafssyni hagfræðingi gert viðamikla rannsókn á heimskreppunni 2007-2009 og áhrifum hennar á 46 meðal- og hátekjulönd víðs vegar um heim.

Þórarinn segir það hafa komið á óvart að í mælingum þeirra hafi ekki komið fram nein merki þess að aðild að evrusvæðinu hefði breytt miklu um áhrif kreppunnar. Hann tekur þó fram að ekki megi túlka þetta sem svo að rannsóknin sýni að evran hefði engu breytt hér á landi.

„Það er ekkert útilokað að efnahagsaðstæður í aðdraganda kreppunnar hefðu verið allt öðruvísi ef landið hefði verið í myntbandalaginu, þó að það hafi ekki mælst í rannsókninni," segir Þórarinn.

Þórarinn kynnti rannsókn þeirra Þorvarðar á málstofu í Seðlabankanum á þriðjudag. Erindið sitt nefndi hann „Hið fjármálalega gjörningaveður 2007-9" og gaf því undirtitilinn „Af hverju fauk Ísland um koll en önnur lönd sluppu betur?"

Meginniðurstaða rannsóknarinnar, hvað Ísland varðar, ætti að sögn Þórarins varla að koma mörgum á óvart: „Þar skipti mestu að hér var mjög skuldsettur einkageiri og mjög stórt bankakerfi ásamt ójafnvægi í aðdraganda kreppunnar sem birtist til dæmis í hárri verðbólgu og miklum viðskiptahalla."

Þetta rímar vel við það, sem almennt hefur verið talið, en tíðindin eru þó þau að rannsókn Þórarins og Þorvarðar staðfestir það sem margir höfðu haft á tilfinningunni.

„Það er nú einu sinni okkar starf að koma með einhverja vísindalega staðfestingu eða afsönnun á þessu, og nú er sem sagt kominn rannsóknarlegur stuðningur við þessar fullyrðingar."

Þórarinn segir annað hafa komið á óvart í niðurstöðum rannsóknarinnar, en það er hversu tvíbent áhrif hinn margrómaði gengissveigjanleiki hefur.

„Í þeim löndum, þar sem gengissveigjanleikinn er meiri varð kreppan almennt bæði minni og styttri en annars staðar," segir Þórarinn, „en á móti eru líkurnar á því að fara í banka- og gjaldeyriskreppu meiri eftir því sem gengissveigjanleikinn er meiri."

Þórarinn mun kynna þessa rannsókn frekar á ráðstefnu sem haldin verður í Seðlabanka Slóvakíu snemma í næsta mánuði, þar sem fjallað verður um evrusvæðið og fjármálakreppuna.

gudsteinn@frettabladid.is

Nokkrar helstu niðurstöður

- Efnahagsaðstæður í aðdraganda alþjóðlegu fjármálakreppunnar skiptu miklu máli um hversu illa lönd fóru út úr kreppunni. Lönd með traustan og sjálfbæran efnahag og sveigjanlegan hagstjórnarramma virðast hafa átt auðveldara með að takast á við kreppuna.
- Meginástæður þess að kreppan varð harkalegri hér á Íslandi og að hér varð kerfislæg banka- og gjaldeyriskreppa voru annars vegar mjög gíraður einkageiri og óvenju stórt bankakerfi, hins vegar mikið efnahagslegt ójafnvægi eins og það birtist í verðbólgu og viðskiptahalla.
- Lönd sem höfðu hlutfallslega stórt bankakerfi og náin tengsl við alþjóðlega fjármálakerfið höfðu tilhneigingu til að lenda í dýpri og langvinnari samdrætti og voru jafnframt líklegri til að lenda í alvarlegri banka- eða gjaldeyriskreppu.
- Meiri gengissveigjanleiki virðist hafa farið saman við minni og styttri efnahagssamdrátt, en meiri gengissveigjanleiki virðist einnig hafa farið saman við meiri líkur á gjaldeyris- eða tvíburakreppu.



ÞÓRARINN G. PÉTURSSON



ÞORVARÐUR TJÖRVI ÓLAFSSON

TOYS R US

LAGERÚTSALA
SPARIÐ ALLT AÐ
80%
Á VÖLDUM VÖRUM

KOMIÐ OG SJÁIÐ OKKAR FRÁBÆRA ÚRVAL

FULLT AF GÓÐUM TILBOÐUM



Tilboðin gilda til og með 19.09.2010. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.



GRJÓTI GRÝTT Ýmis konar aflraunir eru hluti af glímumóti sem fram fór um helgina í Sviss. Þessi glímumaður spreytti sig á að henda 83,5 kíloa steini. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan verður með hert umferðareftirlit þar sem skólarnir eru að hefjast á ný:

Aukið eftirlit við grunnskóla í borginni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan biður ökumenn að hafa í huga að framhalds- og grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu eru teknir til starfa að loknum sumarleyfum og því megi búast við að umferð þyngist á álagstímum. Í tilkynningu biður lögreglan ökumenn um að gera ráð fyrir að ferðatími til og frá vinnu kunni að aukast nokkuð frá því sem verið hefur.

„Síðustu ár hefur slysum í umferð fjölgað í lok ágúst og í september með aukinni umferð," segir í tilkynningunni. Ökumenn eru af þessu tilefni hvattir til að sýna sérstaka aðgát. „Bent er á að flest umferðarslys verða við aftanákeyrslu og því mikilvægt að gæta að því að gott bil sé milli ökutækja."

Þá segir að lögreglan muni á næstunni kappkosta að vera sýnileg á helstu umferðaræðum höfuðborgarsvæðisins og grípa inn í og aðstoða þar sem þess er þörf. Hún mun og vera við grunnskóla í umdæminu til að minna ökumenn á aðgæslu enda margir vegfarendur að stíga þar sín fyrstu spor í umferðinni.

Enn fremur segir að lögreglan hafi fengið ábendingar um hraðakstur við nokkra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og mun hún af þeim sökum vera þar með ómerkta bifreið við hraðamælingar, auk hins sýnilega eftirlits. „Þeir ökumenn sem aka of hratt miðað við aðstæður mega búast við sektum."



EFTIRLIT Lögreglan verður með aukið eftirlit við grunn- og framhaldsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í LYFTUNNI Oft er glatt á hjalla hjá ungviðinu í Hlíðarfjalli.

Fjölga lyftum í Hlíðarfjalli:

Vinna hafin við nýja barnalyftu

AKUREYRI Framkvæmdir við uppsetningu nýrrar barnalyftu í Hlíðarfjalli eru hafnar en jarðvegsframkvæmdir hafa staðið yfir í nokkrar vikur. Kristinn H. Svanbergsson, deildarstjóri íþróttadeildar hjá Akureyrarbæ, segir í samtali við fréttamiðilinn Vikudag að stefnt sé að því að taka lyftuna í notkun í vetur. Óvíst sé hins vegar með aðrar framkvæmdir fyrir veturinn.

Samkvæmt Vikudegi var stefnt að því að reisa sumarhús eða heilsárshús til viðbótar við skíðahótel og þá eru uppi hugmyndir um uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæði við Hlíðarenda.

- kg

Leynilegt minnisblað frá CIA birt á vef Wikileaks

Vefsíðan Wikileaks hefur birt nýtt leyniskjal sem sýnir áhyggjur bandarískra stjórnvalda af eigin ímynd. Rifjuð er upp saga bandarískra hryðjuverkamanna og þau sögð geta torveldað samskipti við önnur ríki.

BANDARÍKIN Bandarísk stjórnvöld hafa áhyggjur af því að bandarískir hryðjuverkamenn skaði ímynd Bandaríkjanna út á við og torveldi þeim að eiga samskipti við önnur ríki, þar á meðal samskipti sem teljast á mörkum þess sem lög leyfa.

Þetta kemur fram í leyniskjali, dagsettu 5. febrúar á þessu ári, sem birt var á vefsíðunni Wikileaks í gær. Um er að ræða þriggja blaðsíðna minnisblað frá „rauðu sellunni" svonefndu, sem er deild innan bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Þessari deild var komið á laggirnar í kjölfar árásanna 11. september og var henni fengið það hlutverk að hugsa eftir óhefðbundnum leiðum og leita eftir óhefðbundnum lausnum í öryggismálum bandarísku þjóðarinnar.

„Öfugt við það, sem almennt er talið, er útflutningur Bandaríkjanna á hryðjuverkastarfsemi eða hryðjuverkamönnum ekki nýlegt fyrirbæri, né heldur hefur slíkt eingöngu verið tengt íslömskum róttæklingum eða fólki sem á ættir að rekja til Mið-Austurlanda, Afríku eða Suður-Asíu," segir í skjalinu.

Bent er á dæmi um bandaríska ríkisborgara, sem staðið hafa að hryðjuverkum í Pakistan, Indlandi, Ísrael og Norður-Írlandi.

„Ef litið er á Bandaríkin sem uppsprettu hryðjuverkastarfsemi, þá geta erlendir samstarfsaðilar orðið tregari til að vinna með Bandaríkjunum að verkefnum utan dóms og laga, svo sem handtöku, flutningi á og yfirheyrslum yfir grunuðum einstaklingum í þriðja landi," segir í skjalinu.

Birting skjalsins þykir vandræðaleg fyrir bandarísk stjórnvöld, ekki síst leyniþjónustuna CIA.

Bandarísk stjórnvöld hafa átt í deilum við aðstandendur vefsíðunnar Wikileaks, meðal annars vegna birtingar á síðunni í sumar á tugum þúsunda skjala um starfsemi Bandaríkjahers í Afganistan, þar sem staðfest er að hernaður Bandaríkjanna þar í landi hefur kostað fjölda almennra borgara lífið.

Bandaríkin hafa þrýst á Wikileaks um að birta ekki fleiri skjöl af þessu tagi, en Wikileaks hefur boðað birtingu fimmtán þúsund skjala frá Bandaríkjaher í Afganistan til viðbótar því sem komið er.

gudsteinn@frettabladid.is



Í HÖFUÐSTÖÐVUM CIA Barack Obama Bandaríkjaforseti ásamt Leon Panetta framkvæmdastjóra og Stephen Kappas aðstoðarframkvæmdastjóra leyniþjónustunnar CIA. NORDICPHOTOS/AFP





FORSETI GANTAST Luiz Inacio Lula da Silva Brasilíuforseti þóttist ætla að kasta skó í blaðamenn einhvern tímann á síðasta ári. NORDICPHOTOS/AFP

Ný mótmælatíska hefur breiðst út um heiminn:

Færist í aukana að skóm sé kastað í ráðamenn

BANDARÍKIN Íraski blaðamaðurinn Muntadhar al-Zeidi varð heimsþekktur í nokkra daga eftir að hann henti skóm sínum að George W. Bush Bandaríkjaforseta á blaðamannafundi í Bagdad í desember árið 2008.

Lítið hefur síðan heyrst frá al-Zeidi, en ýmsir hafa þó farið að dæmi hans og hent skóm í óvinsæla þjóðarleiðtoga og lífverði þeirra.

Þannig hafa forsætisráðherrar Kína og Tyrklands orði fyrir skókasti. Sama hefur yfirdómari við hæstarétt Ísraels mátt þola, sem og framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og úkraínskur stjórnmálamaður sem vill að land sitt gangi í NATO.

Nú síðast varð Asif Ali Zardari, forseti Pakistans, fyrir þessu fyrir nokkrum vikum.

Durgham, bróðir al-Zeidis, segir bróður sinn hafa látið stjórnast af augnablikinu. „Hann hélt aldrei að neinn myndi herma eftir honum, en hann styður það svo fremi sem þessu er eingöngu beint gegn harðstjórum."

- gb

Kringlan
Laugar
Mosfellsbær
Seltjarnarnes
Spöngin
Ögurhvarf

DWC

DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS



Grunnflokkar

Kennd eru öll undirstöðuatriði í grunndansþjálfun ásamt góðri tækni, liðleika- og styrkleikaþjálfun og danssköpun.

HAUSTÖNN HEFST 13.september

NÝTT! BREAK MED NATÖSHU



Unglinga- og Framhaldsflokkar

FRÍTT líkamsræktarkort fylgir á meðan á námskeiði stendur!

Þú lærir ALLT á einum stað :

Hip Hop / Funk Jazz / Lyrical / Break / Contemporary / Jazz / Broadway / House / Pop / Michael Jackson dansar

Kennarar eru nýkomnir heim úr dansnámi í Los Angeles



SKRÁNING ER Í FULLUM GANGI Í S. 553 0000

WWW.WORLDCLASS.IS / WWW.FACEBOOK.COM/DANSSTUDIOWORLDCLASS

FRÉTTASKÝRING: Hvernig brást kirkjan við ásökunum á hendur Ólafi Skúlasyni?

Biðst fyrirgefningar og leggur til nefnd

Kirkjuráð biður fórnarlömb fyrirgefningar fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Beinir til kirkjuþings að stofna rannsóknarnefnd til að skoða starfshætti og viðbrögð kirkjunnar í kjölfar ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni.

Kirkjuráð ákvað á fundi sínum í gær að beina því til forsætisnefndar kirkjuþings að undirbúa tillögur að rannsóknarnefnd til þess að rannsaka alla starfshætti og viðbrögð kirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Tillögurnar verða lagðar fyrir kirkjuþing 13. nóvember. Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings, segir starfsfólk innan nefndarinnar algjörlega óháð öllum stofnunum kirkjunnar og ráðuneytum ríkisins. „Tillögur um einstaklinga og starfsreglur um verksvið og valdheimildir nefndarinnar verða lagðar fyrir þingið í nóvember og mun það taka þessa ákvörðun," segir Pétur. Hann segir stefnt að því að niðurstöðum verði skilað ekki síðar en á kirkjuþingi að ári, helst fyrr. Það færi þó eftir umfangi starfs nefndarinnar. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hversu fjölmenn rannsóknarnefndin verður.

Karl Sigurbjörnsson biskup átti fund með Geir Waage í gærmorgun og segir í yfirlýsingu frá biskupi að Geir muni hér eftir sem hingað til hlýða þeirri tilkynningaskyldu og samsvarandi ákvæðum sem kveðið er á um í siðareglum þjóðkirkjunnar. Biskup áréttar í tilkynningunni að allir prestar og starfsmenn kirkjunnar séu skuldbundnir þeim reglum. Fundurinn átti sér stað vegna ummæla Geirs í Morgunblaðinu um að þagnarskylda presta væri alger.

Kirkjuráð fundaði síðar í gær og sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu þar sem Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Guðrún Ebba Ólafsdóttir eru beðnar fyrirgefningar fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Ráðið kveðst harma þjáningu og sársauka sem þær og aðrir þolendur kynferðisbrota hafi liðið og segir frásögnum þeirra trúað. Kirkjuráð ítrekar í tilkynningunni að kynferðisbrot séu ekki liðin innan kirkjunnar.

Karl Sigurbjörnsson biskup vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið.

Geir Waage við RÚV: Slitið úr samhengi

Eftir fundinn í gærmorgun segjast Karl Sigurbjörnsson biskup og Geir Waage, í samtali við Ríkisútvarpið, sammála um að orð og ummæli Geirs um þagnarskyldu hafi verið slitin úr samhengi.

„Ég hef alla tíð farið eftir landslögum og held því áfram hér eftir sem hingað til. Ég hef verið talsmaður þess að menn héldu sig við lög og rétt og það er enginn ágreiningur með okkur biskupi um það. Vitaskuld fara allir prestar eins og aðrir embættismenn og allir landsmenn eftir lögum landsins," segir Geir í samtali við RÚV eftir fundinn í gærmorgun.

Í hádegisfréttum RÚV á laugardag segir Geir: „[Þagnarskylda presta] er hafin yfir landslög og hefur alla tíð verið það og fyrir því eru dómafordæmi." Fréttamaður spyr þá hvort þagnarskylda presta gildi einnig ef einstaklingur viðurkenni kynferðislega misnotkun á dætrum sínum. „Hún gildir algjörlega. Annaðhvort er hún algjör eða engin," svarar Geir.

FRAMVINDA MÁLSINS

1989		Séra Ólafur Skúlason tekur við embætti biskups.
1996		
febrúar	15.2.	Sigrún Pálína Ingvarsdóttir kærir mál biskups fyrst fyrir siðanefnd.
	22.2.	Hr. Ólafur Skúlason biskup fer fram á opinbera rannsókn hjá ríkissaksóknara.
	26.2.	Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum staðfestir að þrjár konur hafi leitað til Stígamóta vegna áreitni biskups.
	27.2.	Hr. Ólafur Skúlason biskup kemur fram í Dagsljósi Ríkissjónvarps.
	28.2.	Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari segir að ekki sé grundvöllur til rannsóknar.
mars	5.3.	Kona fellur frá ásökunum með yfirlýsingu.
	7.3.	Séra Karl Sigurbjörnsson, Sigrún Pálína og Alfred Wolfgang Gunnarsson hittast í Hallgrímskirkju til að leita sátta og semja yfirlýsingu.
	12.3.	Hr. Ólafur Skúlason biskup fer á ný fram á opinbera rannsókn hjá ríkissaksóknara.
	14.3.	Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari fellst á opinbera rannsókn.
	14.3.	Sigrún Pálína Ingvarsdóttir fer á fund siðanefndar.
maí	20.5.	Hr. Ólafur Skúlason biskup dregur kröfuna um rannsókn til baka.
júní	25.6.	Hr. Ólafur Skúlason biskup tilkynnir afsögn sína.
1997		
desember	31.12.	Hr. Ólafur Skúlason lætur af embætti biskups.
1998		
janúar	2.1.	Hr. Karl Sigurbjörnsson tekur við embætti biskups.
2009	Vorið	Guðrún Ebba Ólafsdóttir sendir bréf til Hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups.
2010		
maí	27.5.	Guðrún Ebba Ólafsdóttir sendir bréf til kirkjuráðs.
ágúst	17.8.	Guðrún Ebba Ólafsdóttir fær áheyrn kirkjuráðs.
	21.8.	Sr. Geir Waage ritar ummæli í Morgunblaðið varðandi þagnarskyldu presta.
	25.8.	Karl Sigurbjörnsson biskup og Geir Waage funda.
	25.8.	Kirkjuráð ákveður að koma á fót sannleiksnefnd til að rannsaka alla starfshætti og viðbrögð kirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni um kynferðisbrot.
	25.8	Kirkjuráð biður fórnarlömb Ólafs fyrirgefningar.

Ólafur Skúlason fer fram á rannsókn: 12. mars 1996

Beiðni dregin til baka: 20. maí 1996

Ólafur Skúlason biskup fór fram á að hefja skyldi opinbera rannsókn af hálfu ríkissaksóknara á máli þeirra kvenna sem ásökuðu hann um kynferðislega áreitni og tilraun til nauðgunar. Hallvarður Einvarðsson, þáverandi ríkissaksóknari, ákvað að taka mál biskups fyrir á grundvelli greinargerðar og annarra fylgiskjala sem biskup hafði sent ríkissaksóknara.

Biskup ritaði ríkissaksóknara erindi 11. mars 1996 og bar þar fram kröfu um opinbera rannsókn á hendur konunum á grundvelli rangs sakarburðar og ærumeiðandi aðdróttana í sinn garð. Greinargerðin virðist hafa verið í ítarlegu máli ásamt fylgiskjölum.

Biskup hafði áður farið fram á opinbera rannsókn í málinu, í febrúar 1996, en taldi embættið þá ekki tilefni til þess.

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir, ein þeirra þriggja kvenna sem ákærð var af biskupi, segir að hún hafi verið bæði útkeyrð og hrædd í kjölfar kærunnar. Hún var boðuð í yfirheyrslu til ríkissaksóknara 21. mars 1996, klukkan tíu.

Sigrún var yfirheyrð sem sakborningur af Arnari Jenssyni rannsóknarlögreglumanni sem hún segir hafa komið vel fram.

„Ég varð samt svo hrædd í yfirheyrslunni að það þurfti margsinnis að taka hlé. Ég grét svo mikið," segir Sigrún Pálína. Hún var yfirheyrð í sex klukkustundir.

Ríkissaksóknari mæltist svo til þess við biskup að hann léti málið niður falla í kjölfar yfirheyrslna á konunum þremur. Ólafur lét falla frá kærunni 20. maí 1996. Ríkissaksóknari sendi frá sér yfirlýsingu 22. maí sem í stóð:

„Með bréfi biskups, dagsettu þann 20. [maí], greindi biskup ríkissaksóknara frá því, að hann hefði ákveðið að draga til baka þá kröfu, sem hann bar fram 11. mars s.l., og bar jafnframt fram þá ósk, að ekki yrði frekar aðhafst í máli þessu eða gagnvart þeim einstaklingum sem við sögu koma í kærubréfi sínu."

Segir Karl Sigurbjörnsson hafa breytt yfirlýsingu Sigrúnar

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Alfred Wolfgang Gunnarsson, eiginmaður hennar, hittu séra Karl Sigurbjörnsson í Hallgrímskirkju til þess að leita sátta við þjóðkirkjuna. Eins og fram hefur komið hafði Karl leitað til Ólafs Skúlasonar biskups og borið upp þá bón Sigrúnar að hann bæðist afsökunar opinberlega og viðurkenndi brot sín. Ólafur neitaði því og leituðu því Sigrún og Alfred til Karls, sem þá var sóknarprestur í Hallgrímskirkju.

Sigrún, Alfred og Karl sömdu yfirlýsingu í sameiginu sem skrifuð var með penna. Að sögn hjónanna fór Karl með blaðið inn á skrifstofu til að skrifa yfirlýsinguna inn í tölvu og prenta út. Hann kom síðan með yfirlýsinguna útprentaða til Sigrúnar til að fá hennar undirskrift. Sigrún neitaði að skrifa undir.

Yfirlýsingin:

„Af minni hálfu er máli þessu lokið og harma ég þá opinberu umfjöllun sem það hefur hlotið og hvorki hefur það verið af mínum völdum né vilja. Ég hef náð þeim tilgangi mínum að sættast við kirkjuna og hvet einnig aðra til að yfirgefa ekki þjóðkirkjuna vegna þessa máls. Vænti ég þess að þjóðkirkjunni auðnist að móta þær starfsaðferðir þannig að framvegis verði unnið úr slíkum málum af virðingu og trúnaði. Í ljósi þess óska ég eftir því að umfjöllun um mál mitt sé lokið innan stofnunar kirkjunnar."

„Svona leit hún út þegar Karl var búinn að fara upp og semja hana, eða skrifa hana upp," segir Sigrún Pálína. „Það vantar hins vegar það atriði að ég dragi umfjöllun mína og málið til baka í fjölmiðlum, en ég sé að segja sannleikann og ég dragi sannleikann ekki til baka. Það vantar. Þess vegna skrifaði ég aldrei undir hana. Hann fór og falsaði þessa yfirlýsingu í þeirri von að ég væri orðin svo útkeyrð að ég tæki ekki eftir þessu. Ég hefði aldrei skrifað undir þessa yfirlýsingu. Alveg sama hversu útkeyrð og hrædd ég var."

Alfred Wolfgang Gunnarsson, eiginmaður Sigrúnar Pálínu, segir Karl hafa gjörbreytt meiningu yfirlýsingarinnar með því að taka út þessa einu setningu.

„Hann breytir þessu þannig að Pála virkar ósannsögul og pappírinn verður ekki þess virði að skrifa undir hann. Pála sagði við hann að þetta gæti hún aldrei skrifað undir og við löbbuðum út," segir Alfred. „Þá spyr Karl Pálu í anddyri Hallgrímskirkju hvort hún geti ekki hætt þessu vegna barnanna hennar. Hún segir við hann á móti að börnin hennar vilji að hún segi sannleikann, svo hún hætti þessu ekki. Þá spyr Karl hvort hún geti ekki hætt þessu vegna móður hennar sem er svo sjúk. Þá förum við."

Alfred segir sér hafa orðið flökurt við það að horfa á Kastljósþætti síðustu daga. „Ég get ekki lýst því hvernig mér leið. Það var ömurlegt. Að horfa á þetta og upplifa þetta aftur. Það er alveg með ólíkindum," segir hann. „Karl segir líka í Kastljósinu að frásögn Sigrúnar væri orð gegn orði. Þar er hann greinilega búinn að gleyma að ég var þarna líka þannig að það eru okkar tvö orð gegn hans eina."

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is





Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Lexus notaðir bílar



SC 430
4,3 V8 bensín
Sjálfskiptur
Leðuráklæði
Mark Levinson hljómkerfi, navi ofl.
Nýskr.: 04.07
Ek.: 7.000. km.
8.590.000. kr.



LEXUS
Nýbýlavegi 2 | sími 570 5400 | www.lexus.is
Afgreiðslutími: mán. - föst. kl. 9 - 18. Lau. kl. 12-16.
lexus@lexus.is

RÝMA

ÚTSALA REKKJUNNAR

40% AFSLÁTTUR!
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 159.451 kr.
NÚ 95.671 kr.

30-70% AFSLÁTTUR!



COMFORT solutions®
By King Koil®

HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 112 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

Argh! 090810

LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS Good Housekeeping Promises REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

FCER

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



295
KR.750g

EUROSHOPPER KORNFLEKS 750G



498
KR.518g

CHEERIOS 518g



698
KR.715g

CHEERIOS HONEY NUT 715g
698 KR.



659
KR. 1 kg.

KELLOGGS KORNFLEKS 1 KG

GÓÐAN DAGINN! HVAÐ MÁ BJÓÐA ÞÉR Í MORGUNMAT?



198
KR.STK

HAND FRUITS HANDSÁPUR 500ml



298
KR.1000g

EUROSHOPPER MÚSLÍ
1 KG



79
KR.500g

EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g
79 KR.

RAUÐUR GOUDA 26%
NÚ MEÐ
25% AFSLÆTTI



972 KR.KG
MERKT VERÐ 1296 KR.KG



259
KR.STK

MYLLU JÓLAKAKA 420g



198
KR.STK

PAMPERS SIMPLY CLEAN 72 STK



198
KR. 1000g

BÓNUS KORNBRAUÐ
HEILT KÍLÓ 26 SNEIÐAR



159
KR. 350g

BÓNUS HRÁSALAT 350G

ALLT FYRIR SULTUGERÐINA



98
KR. STK

SULTUKRUKKUR
290ml



359
KR. PK

SULTUSYKUR MEÐ
SULTUHLEYPI 1 KG



98
KR.3 STK

FRISSI FRÍSKI 3 x 250 ml
APPELSÍNU / EPLA



195
KR.1 KG

EUROSHOPPER SYKUR 1 KG



339
KR.STK

FETAOSTUR 325g



195
KR.1 LTR.

TRÓPI 1 LÍTRI.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B



NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR RAUÐAR OG HVÍTAR **149 KR.KG**



NÝJAR GULRÓFUR



NÝJAR GULRÆTUR

EINFALLT OG FLJÓTLEGT *TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA!*



NF GRÆNMETISBUFF 1 KG



NF STEIKTAR FISKBOLLUR FROSNAR



BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800G



BÓNUS LASAGNA 1 KG



BÓNUS BURRITOS 4 STK



KS FROSINN SALTFISKUR Í BITUM



ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



NAUTAVEISLU FERSKT HAKK

ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE

ÞESSI EINA SANNA ÍTALSKA UPPSKRIFT !

SMELLTU ÞÉR Á: WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR



EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG



KJARNAFÆÐI NÝTT KJÖTFARS 620G

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

FRÉTTAVIÐTAL: Jón Steinsson, prófessor í hagfræði

Glímt er um tvær ólíkar leiðir

Jón Steinsson, hagfræði-prófessor við Columbia-háskólann í Bandaríkjunum, og Þorkell Helgason, fyrrverandi orkumálastjóri, hafa unnið að útfærslu á fyrningarleiðinni fyrir starfshóp um endurskoðun á lögum um fiskveiðistjórn. Hagsmunaaðilar í greininni fullyrða að fyrning aflaheimilda muni koma illa við marga núverandi handhafa aflaheimilda og jafnvel valda fjöldagjaldþrotum fyrirtækja. Þessu hafnar Jón með öllu.



FARSÆLL Á VEIÐUM Deilur um fiskveiðistjórnunarkerfið hafa staðið allt frá því að því var komið á. Starfshópur, einnig nefndur sáttanefnd, hefur starfað frá því í júlí 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Innan starfshóps um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu eru tvær leiðir helst til skoðunar. Annars vegar svokölluð tilboðsleið sem Jón og Þorkell hafa útfært og kalla leigutilboðsleið. Hins vegar er samningsleið sem hagsmunaaðilar aðhyllast. Þar er gert ráð fyrir auðlindagjaldi sem byggir í raun á núverandi fyrirkomulagi.



JÓN STEINSSON

Miklar deilur hafa verið innan starfshópsins og sögðu útgerðarmenn, ásamt fleiri hagsmunaaðilum, sig frá nefndarstarfinu um tíma. Jón Steinsson var fenginn til samstarfs við nefndina að frumkvæði formanns hennar, Guðbjarts Hannessonar. Útfærslan sem hér er kynnt er í raun hugsuð til að milda upphaflega fyrningarleið stjórnvalda. Stefnt er að því að starfshópurinn ljúki störfum á allra næstu dögum.

Hvað telur þú tilboðsleiðina hafa umfram samningaleiðina (auðlindagjald)?

„Þegar tilboðsleiðin er borin saman við samningaleiðina er það risastór kostur við tilboðsleiðina að auðlindagjaldið ræðst af tilboðum útgerðarinnar og ræðst þannig í raun af greiðslugetu hennar. Eina leiðin til þess að fá útgerðina til þess að veita raunsannar upplýsingar um greiðslugetu sína er að gera henni að bjóða í veiðiheimildir. Eða á hvaða upplýsingum á ríkið að byggja samningagerð sína við útgerðina ef samningaleiðin er farin? LÍÚ mun án efa ráða til sín herskara sérfræðinga sem munu setja fram flókna útreikninga þess efnis að greiðslugeta útgerðarinnar sé engin. Og útgerðin mun þar að auki áfram hafa sterka hvata til þess að skuldsetja sig upp í topp og þannig veikja efnahagsreikning sinn til þess að það líti þannig út að hún hafi ekkert bolmagn til þess að greiða auðlindagjald. Slíkt mun veikja sjávarútveginn. Í raun er samningaleiðin áframhald á núverandi kerfi því útgerðin greiðir nú þegar málamyndaauðlindagjald."

Hverjir eru helstu kostir (leigu)tilboðsleiðarinnar?

„Stóri munurinn á leigutilboðsleiðinni og grunngerð tilboðsleiðarinnar er fyrirkomulag greiðslna. Í leigutilboðsleiðinni greiða útgerðir fyrir eitt ár í einu á meðan grunngerðin gerir ráð fyrir fyrirframgreiðslu á réttindum fram í tímann. Leigutilboðsleiðin minnkar þannig fjárbindingu í kvóta. Hún hentar einnig betur ef menn vilja takmarka framsal og þannig færa öll viðskipti með kvóta inn á opinberan tilboðsmarkað. Leigutilboðsleiðin veitir útgerðinni auk þess meiri aðlögunartíma varðandi greiðslur. Greiðslurnar verða lágar í byrjun en fara stighækkandi. Í grunngerðinni skella greiðslur á af meiri þunga frá byrjun. Þar að auki felur leigutilboðsleiðin í sér að auðlindasjóður er að veita útgerðinni ákveðna tryggingu ef til aflabrests kemur. Við slíkar aðstæður myndi verð á aflahlutdeildum lækka og því myndu útgerðir ákveða að framlengja ekki dýra eldri leigusamninga en gera þess í stað fleiri nýja á tilboðsmarkaðnum það árið á lægra verði. Leigutilboðsleiðin veitir útgerðinni þannig meira öryggi en grunngerðin."

Stendur þessi leið ekki í vegi fyrir verðmætasköpun?

„Þessi leið hefur, ef eitthvað er, jákvæð áhrif á verðmætasköpun þar sem hún ýtir undir að kvóti færist til þeirra sem best geta nýtt hann. Útgerðarmenn hafa lengi staðið fyrir hræðsluáróðri um fyrirtæki sem ekkert fá mörg ár í röð og daga þannig uppi. Þeir hafa augljóslega ekki kynnt sér fyrirkomulagið sem verið er að tala um. Það yrðu mikilvægir öryggisventlar á tilboðsmarkaðnum sem myndu tryggja að ekkert fyrirtæki standi uppi allslaust ef það á annað borð er samkeppnishæft. Mikilvægast í þessu sambandi er að útgerðum yrði leyft að setja inn ný tilboð eftir að þær hafa séð tilboð annarra. Þannig er tekið fyrir hættuna á að menn standi uppi slyppir og snauðir vegna þess að þeir misreiknuðu markaðinn."

Hvað með skuldir útgerðarinnar?

„Núverandi kerfi gerir það að verkum að útgerðin hefur sterka hvata til þess að skuldsetja sig upp í topp til þess að hún virðist ekki hafa bolmagn til að greiða auðlindagjald. Það veikir sjávarútveginn. Og það er ansi öfugsnúið að ætla að verðlauna slíka hegðun. Það er auðvitað ekki hægt að borða kökuna og eiga hana. Ef auðlindaarðurinn á að renna til þjóðarinnar verður að taka hann af eigendum útgerðarfyrirtækja. Raunar virðast mörg útgerðarfyrirtæki þurfa að ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu hvort sem er. Tilboðsleiðin mun ekki skipta sköpum hvað það varðar. En með því að fara tilboðsleiðina er framtíðarrekstrargrundvöllur útgerðarinnar tryggður þar sem tryggt er að auðlindagjaldið mun ráðast af greiðslugetu útgerðarinnar og því ekki vera það hátt að það sligi hana.

„Geta menn ekki áfram selt sig út úr greininni sem er það atriði sem almenningur hatast mest við?

Nei! Það er regin munur hér. Ef tilboðsleiðin er farin, hvort sem er leigutilboðsleiðin eða grunngerðin, hafa menn þá þegar greitt markaðsverð fyrir kvótann til auðlindasjóðs. Ef þeir selja síðan kvótann áfram eru þeir því ekki að taka neinn hagnað út með sér. Í dag fá menn kvóta á miklu undirverði frá þjóðinni og geta síðan selt hann og hirt mismuninn. Í nýja kerfinu verður enginn mismunur þar sem verðið á eftirmarkaði, þar að segja ef framsal er leyft, mun ráðast af verðinu á tilboðsmarkaðinum. Þetta gróðatækifæri verður því fyrir bí."

Er ekki æ líklegra að samningaleiðin verði farin?

„Talsmenn útgerðarinnar virðast hafa dómínerað umræðuna að undanförnu. Það er svo sem ekkert skrítið. Þeir eiga mikilla hagsmuna að gæta. En ríkisstjórnin á eftir að sýna spilin. Ég bind vonir við að hún ætli sér að standa við yfirlýsta stefnu sína um að færa auðlindaarðinn til þjóðarinnar. Reyndar er ég hræddur um afstöðu Vinstri grænna. Það væri með ólíkindum ef VG myndi fylkja sér á bak við LÍÚ í þessu máli. En maður veit aldrei."

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Starfshópur sjávarútvegsráðherra

- Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skipaði starfshópinn í byrjun júlí 2009. Vísaði hann þar til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.
- Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, er formaður starfshópsins.
- Verkefni starfshópsins er að skilgreina helstu álitaefni sem fyrir hendi eru í löggjöfinni og lýsa þeim. Eins að hann „láti vinna nauðsynlegar greiningar og setji að því loknu fram valkosti um leiðir til úrbóta, þannig að greininni verði sköpuð góð rekstrarskilyrði til langs tíma, fiskveiðar verði stundaðar með sjálfbærum hætti og sem víðtækust sátt náist um fiskveiðistjórnunina meðal þjóðarinnar," eins og sagði í fréttatilkynningu.
- Á grundvelli vinnu starfshópsins og þeirra valkosta sem hann bendir á, mun ráðherra ákveða frekari tilhögun við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar.
Tólf stjórnarþingmenn hafa lagt fram þingsályktunartilllögu á Alþingi um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðarskipan íslenskar fiskveiðistjórnunar.
- Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, lýsti því yfir í viðtali við Fréttablaðið 8. mars að hún telji heppilegt að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Útfærsla á fyrningarleiðinni

Tilboðsleiðin:

- 92% aflahlutdeilda endurúthlutað á hverju ári til fyrri handhafa án endurgjalds.
- 8% aflahlutdeilda á tilboðsmarkað.
- Frjálst verði að framselja aflahlutdeildir og úthlutað aflamark.

Endurúthlutun
- 92% endurúthlutun á við um bæði upprunalega kvóta og þá sem fengnir eru á tilboðsmarkaði.
- Með öðrum orðum: Öllum kvóta – óháð því hvort hann var fenginn í upphafi eða á tilboðsmarkaði – er endurúthlutað að 92% hluta á hverju ári án endurgjalds.

Tilboðsmarkaður
- Áhugasamir aðilar skila inn tilboðum sem tilgreina magn og einingarverð.
- Sami aðili má skila inn mörgum tilboðum á mismunandi einingarverði.
- Aðili má ekki bjóða í meira magn en hann má eignast (hámarkseign hvers aðila).
- Sérstakur tilboðsmarkaður í hverri tegund.
- Tilboðsmarkaðir í öllum tegundum fara fram Samtímis.
- Bjóðendum gefið tækifæri til þess að hækka tilboð sín og/eða setja inn ný tilboð eftir að upphafleg boð hafa verið gerð opinber.
- Tilboðsmarkaðnum lýkur þegar ný boð hætta að berast.

Frjálst framsal
- Ekki jafn mikilvægt vegna þeirra miklu viðskipta sem ættu sér stað á hinum opna tilboðsmarkaði.
- Þó væri nauðsynlegt að fyrirtæki sem einhverra hluta vegna þyrftu að losa sig við veiðiheimildir sem þær hefðu leigt á tilboðsmarkaðinum gætu gert það.
- Það myndi líka tryggja að þeir sem tækist illa upp á tilboðsmarkaðinum gætu sótt sér veiðiheimildir á eftirmarkaði.

(Leigu)tilboðsleiðin:

- Aflahlutdeildum verði skipt í G- og L-flokk.
- G- flokkur: Eftirstöðvar „gamalla" aflaheimilda.
- L-flokkur: Aflaheimildir leigðar á tilboðsmarkaði.
- Aflahlutdeildum í G-flokki endurúthlutað ár hvert að 92% hluta án endurgjalds. Aflahlutdeildir sem þannig losna færast yfir í L-flokk.
- Auðlindasjóður leigir út aflahlutdeildir í L-flokki fyrir hönd þjóðarinnar.
- Aflahlutdeildir í L-flokki leigðar til eins árs á tilboðsmarkaði.
- Útgerð getur framlengt leigu að 92% hluta ár hvert á sama leigueiningarverði.
- Frjálst framsal á aflahlutdeildum í G-flokki.
- Framsal óheimilt á aflahlutdeildum í L-flokki.
- Útgerð er heimilt að skila leigðu aflamarki innan árs og fá stærstan hluta leigugjaldsins endurgreiddan.
- Útgerð sem skilar aflamarki heldur rétti sínum til þess að framlengja leigusaming sinn.
- Skilað aflamark leigt á mánaðarlegum tilboðsmarkaði.
- Aflamarki sem leigt er á miðju fiskveiðiári fylgir ekki réttur til þess að framlengja leigu.

Tilboðsmarkaður
(Sjá að ofan)

Frjálst framsal í G-flokki
- Nauðsynlegur hluti af aðlögun að nýju kerfi.
- Ekkert leigugjald og því til einskis að skila inn í Auðlindasjóð.
- Án framsals læsist G-kvóti inni hjá núverandi handhöfum.
- Handhafar G-kvóta verða að hafa tök á því að bregðast við breyttum aðstæðum með því að koma G-kvóta í verð.

Framsal óheimilt í L-flokki
- Tekur fyrir „kvótabrask" og það að ein útgerð verði leiguliði annarrar útgerðar.
- Útgerðir sem vilja draga saman seglin afþakka einfaldlega framlengingu leigusamninga.
- Hinn opinberi tilboðsmarkaður kemur í stað viðskipta á frjálsum markaði.
- Tilboðsmarkaðurinn tryggir að kvóti leitar áfram til þeirra sem best geta nýtt hann.

Skil á aflamarki innan árs
- Óhöpp geta átt sér stað svo sem bilun skips.
- Tryggir að útgerð geti losað sig við aflamark sem hún getur ekki nýtt án þess að fyrirgera rétti sínum til þess að framlengja leigusamning sinn á viðkomandi aflahlutdeild.

Grunnhugmynd fyrningarleiðar:

Línuleg fyrning
- Aflahlutdeildir fyrnast um 5% af upprunalegum aflaheimildum á ári í 20 ár.
- Aflahlutdeildir leigðar til 20 ára á tilboðsmarkaði.

Línuleg fyrning eða hlutfallsleg endurúthlutun
- 95% hlutfallsleg endurúthlutun er mun „mildari" leið en 5% línuleg fyrning.
- 92% hlutfallsleg endurúthlutun færir álíka stóran hluta framtíðararðsins til þjóðarinnar og 5% línuleg fyrning.

Leiga á kvóta til 20 ára
- Gerir öll viðskipti með kvóta í hinu nýja kerfi mun þyngri í vöfum.
- Sú staða gæti komið upp að stór hluti kvóta einhvers fyrirtækis myndi „renna út" innan fárra ára.
- Þá myndi ríkja mikil óvissa um afdrif þess fyrirtækis (og það skapar hættu á pólitískum inngripum).
- Jafnframt myndi það fyrirtæki ekki hafa langtímasjónarmið að leiðarljósi við umgengni veiðiheimilda.
- Ef tilboðsleiðin er farin getur þessi staða ekki komið upp. Öll fyrirtæki fá alltaf 92% kvóta síns endurúthlutað næsta ár.
- Ef tilboðsleiðin er farin renna upprunalegir kvótar og kvótar fengnir á tilboðsmarkaði strax saman í eina heild og eru óaðskiljanlegir.
- Því væri í framtíðinni ekki hægt að meðhöndla upprunalega kvóta öðruvísi en þá sem fengnir eru á tilboðsmarkaði.
- Línuleg fyrningarleið hefur ekki þennan kost.

Byggt á glærukynningum Jóns Steinssonar á tilboðsleiðinni sem eru aðgengilegar á http://www.columbia.edu/~js3204/

Rafrænir reikningar & Microsoft Dynamics NAV

Opinn morgunverðarfundur Skýrr föstudaginn 27. ágúst um rafræna reikninga, skeytamiðlun og tengdar lausnir fyrir Microsoft Dynamics NAV

Rafræn viðskipti og innkaup gera vinnustöðum kleift að spara tíma, pappír og peninga. Notkun skeytamiðlunar í dreifingu reikninga, pantana, hreyfingalista og annarra skjala lágmarkar kostnað við umsýslu, ásamt því að stórauka nákvæmni og öryggi.

Skýrr býður atvinnulífinu til opins morgunverðarfundar, annars vegar um ávinning af innleiðingu á rafrænum reikningum og hins vegar um tengdar lausnir í Microsoft Dynamics NAV sem lúta að þessu sviði.

Fundurinn er miðaður við þarfir stjórnenda, fjármálastjóra og starfsfólks fjármálasviða í atvinnulífinu.

Fundurinn verður haldinn núna á föstudaginn kemur, 27. ágúst, frá kl. 8:00-10:00.

Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00, en formleg dagskrá hefst kl. 8:30 og fundarlok eru áætluð kl. 10:00.

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).

Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).









8:00 ***Húsið opnar - Morgunverður***
Ljúffengar veitingar að hætti hússins

8:30 ***Morgunverðurinn er aldrei (alveg) ókeypis***
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr

8:40 ***Reykjavíkurborg og rafræn viðskipti***
Jónas Skúlason, deildarstjóri bókhalds hjá Reykjavíkurborg

9:00 ***Rafrænir reikningar – tíminn er núna***
Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar

9:20 ***Rafræn viðskipti með Microsoft Dynamics NAV***
María Leifsdóttir og Styrmir Kristjánsson, ráðgjafar hjá Skýrr


9:40 ***Microsoft Dynamics NAV á skrifstofunni***
(handhæg tól til að stytta ferla og flýta fyrir úrvinnslu bókhalds)
Gunnar Gestsson, hugbúnaðarþróun, Skýrr

Fundarstjóri
Ólína Laxdal, viðskiptastjóri hjá Skýrr

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

Útgjöldin
> Verðþróun á pakka af Cornflakes-morgunkorni síðastliðin tíu ár.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: Kristján Kristjánsson, tónlistar- og útvarpsmaður

Keypti óvart gítar á uppboði

„Bestu kaup mín var Martin-gítar sem ég keypti á uppboði í Malmö í Svíþjóð árið 1980. Ég ætlaði ekki að kaupa hann, var þarna ásamt öðrum. Ég var ungur, 24 ára, hafði aldrei komið á uppboð og var ekki að leita að gítar. Við vorum fátækt námsfólk í Lundi og hann var sleginn mér. Ég keypti hann á fimmtíu þúsund krónur, sem var heilmikil upphæð þá," segir tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, löngum þekktur sem KK. Þessa dagana undirbýr hann stórtónleika í Háskólabíói 11. september næstkomandi auk þess að halda daglega úti þættinum Morgunstundin á Rás 1.

Kristján segir Martin-gítarinn verða í aðalhlutverki á tónleikunum í september. „Ég á hann ennþá, þetta er aðalgítarinn minn, ég nota hann alltaf," segir KK og bætir við að gítarinn góði hafi komið á markað árið 1976. „Þessir gítarar eru þannig að þegar þeir eldast kemur í ljós hvað þeir eru góðir."

KK viðurkennir að hann hafi gert mörg slæm kaup um dagana. Ein þeirra voru kaup á áratuga-gömlu eintaki af Renault L4. Það var líka í Svíþjóð. „Hann kostaði eitt þúsund sænskar krónur, sem voru eitthvað um tíu þúsund íslenskar krónur. Þetta voru skemmtilegir bílar. En þessi bræddi næstum úr sér á leiðinni heim. Ég hvarf í reykjarmökk og varð að láta draga hann restina af leiðinni. Hann var samt ekki alveg ónýtur. Við gátum tjaslað honum saman og seldum hann viku síðar."



GÓÐ HÚSRÁÐ
TÓMÖTUNUM SNÚIÐ

■ *Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.*



Arthur Bogason lumar á húsráði sem hann kveðst hafa lært fyrir skömmu. Í heimsókn hjá honum var franskur ferðamaður sem furðaði sig á því hvernig gengið væri frá tómötum í pakkningar hér. „Hann benti mér á bannað væri að pakka tómötum með rassgatið upp. Þeir eigi að vera með laufhliðina upp og það á ekki að plokka af þeim laufin eins og alltaf er gert hér," segir Arthur, sem nú kveðst byrja á því þegar heim er komið með tómata úr búðinni að snúa þeim öllum við í pakkningunni. „Og þá endast þeir helmingi lengur," segir hann.

■ Söfn dugleg að merkja

Verðmerkingar á söfnum í borginni eru að mestu í góðu lagi. Könnun Neytendastofu leiðir þetta í ljós. Aðeins eitt af 21 safni á höfuðborgarsvæðinu var með ófullnægjandi verðmerkingar þegar Neytendastofa fór á stúfana fyrir skömmu. Það var Hönnunarsafn Íslands við Garðatorg. Þar var hvergi að finna upplýsingar um aðgangseyri. Í öllum tilfellum reyndust verðmerkingar á minjagripum og öðrum sambærilegum vörum hins vegar í lagi. Verðmerkingum í veitingasölum var hins vegar ábótavant á fjórum stöðum af sjö þar sem kannað var.

„Í veitingasölum Árbæjarsafns í Dillonshúsi og Gerðarsafns voru veitingar og drykkir meira og minna óverðmerktir og jafnframt voru vörur í kæli Kaffitárs í Þjóðminjasafninu og Súpubarsins í Listasafni Reykjavíkur óverðmerktar. Aftur á móti voru verðmerkingar í góðu lagi í veitingasölum Kjarvalsstaða, Listasafns Íslands og Víkurinnar - Sjóminjasafns Reykjavíkur," segir í frétt á vef Neytendastofu.

Neytendastofa hyggst halda áfram eftirliti með verðmerkingum og hvetur neytendur eindregið til að koma ábendingum til skila á vef stofunnar.

Síminn kvartaði vegna auglýsinga samkeppnisaðila:

Neytendastofa sektar Vodafone og Tal

NEYTENDUR Neytendastofa sektaði fyrirtækin Tal og Vodafone á mánudag fyrir brot á samkeppnislögum, um tvær og hálfa milljón hvort. Síminn kvartaði til Neytendastofu vegna auglýsinga sem birtar voru í útvarpi og á netinu.

Neytendastofa sektaði Tal fyrir rangar fullyrðingar í auglýsingum sínum og Vodafone fyrir margvísleg brot gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Kári Gunndórsson, sérfræðingur neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu, segir að Vodafone hafi áður borist kæra frá Neytendastofu en þetta sé í fyrsta sinn sem Tal sé sektað. „Það er mikil samkeppni á þessum markaði og menn eru oft að fullyrða eitthvað sem getur ekki alltaf staðist," segir Kári. Vodafone sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem fram kemur að fyrirtækið sé ósammála þeirri túlkun að það hafi brotið gegn lögum og að umræddar auglýsingar byggðust á raunverulegum dæmum. Vodafone hyggst kæra ákvörðunina til áfrýjunarnefndar neytendamála.



VODAFONE Fyrirtækið hyggst kæra ákvörðunina til áfrýjunarnefndar.

Vodafone var sektað fyrir auglýsingu sem ber saman verð fyrir þjónustu Símans annars vegar og Vodafone hins vegar. Brýtur það gegn lögum að mati Neytendastofu. - sv



FUNDUR Í RÁÐUNEYTI Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, var boðaður á fund Jóns Bjarnasonar landbúnaðarráðherra vegna tollamála í gær ásamt fulltrúum Félags atvinnurekenda.

Ofurtollum beitt gegn samkeppni

Innflutningur á ostum og kjöti er nær útilokaður eftir að landbúnaðarráðherra breytti aðferð við álagningu tolla. Neytendur borga þúsundum króna meira fyrir hvert kíló af innfluttri vöru eftir breytingu.

Íslensk stjórnvöld hafa valið dýrustu leiðina fyrir neytendur við álagningu tolla á innflutt matvæli síðustu tvö ár. Neytendur borga þúsundum króna meira fyrir hvert kíló af erlendum ostum og kjöti en ef stjórnvöld beittu annarri mögulegri aðferð við álagningu tollanna.

Eins og kunnugt er gilda mjög strangar takmarkanir um innflutning á mjólkurvörum og kjöti. Til að vernda samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu eru lagðir á háir tollar jafnvel þegar magnið sem flytja má inn er bundið takmörkunum.

Samtök verslunar og þjónustu standa í stappi við stjórnvöld vegna þess hvernig tollum hefur verið beitt síðustu tvö ár. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri samtakanna, segir að alveg frá árinu 1995 til ársins 2008 hafi stjórnvöld beitt magntollum á erlendu framleiðsluna, þ.e.a.s. ákveðið að tollarnir væru föst krónutala á hvert kíló. Núverandi landbúnaðarráðherra hafi hins vegar ákveðið í fyrra að hætta aðferð forveranna og nýta gamla heimild í alþjóðasamningi til þess að beita verðtollum. Vegna þessa geta tollarnir nú numið 180-200% ofan á innkaupsverð.

„Þessir tollar hafa leitt til þess að það er nánast útilokað að flytja þessar vörur til landsins," segir Andrés. Auk tolla landbúnaðarráðherrans sjái gengisþróunin undanfarin ár um að verðleggja innflutta osta og kjöt út úr innlendum matvöruverslunum.

Samtök verslunar og þjónustu hafa gert útreikningana sem birtir eru í töflu með fréttinni sem sýna hvernig verð á innfluttum rjómaosti og kjúklingabringum er miðað við eldri aðferð við tollaálagningu annars vegar og miðað við aðferðina sem nú er beitt hins vegar. Miðað er við 20% álagningu í heildsölu og smásölu, sem Andrés segist telja raunhæft, og 7% vsk. á matvæli. Niðurstaðan er allt að 3.000 króna munur á kílói af rjómaosti eftir því hvort eldri eða nýrri tollaaðferðin er notuð og um 1.800 króna munur á kílóverði innfluttra kjúklingabringna.

Andrés var boðaður á fund í landbúnaðarráðuneytinu í gær til þess að ræða tollamálin og sagðist ætla að gera þær kröfur þar við ráðherrann að verðtollar verði aflagðir og aðeins magntollum beitt.

peturg@frettabladid.is.

Munar þúsundum á kílóverði

Verðmunur á innfluttum rjómaosti og kjúklingabringum eftir því hvort beitt er magntollum, líkt og árin 1995-2008, eða verðtollum sem beitt hefur verið í ár og í fyrra.

Vara*	Verð nú	áður	tollur nú+	tollur áður**
rjómaostur	5.941	2.279	2.507	130
kjúklingabringur	3.604	1.724	1.401	181

* 1 kg. + verðtollar, 185,9% ofan á innkaupsverð rjómaostsins, 149,44% ofan á innkaupsverð kjúklingabringna.
** magntollar, sem heimilt er að beita, 130 kr. á innkaupsverð rjómaosts en 181 kr. á innkaupsverð kjúklingabringna.

Heimild: Samtök verslunar og þjónustu

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

skattfrádráttur vegna þróunarstarfs og skattafsláttur vegna fjárfestinga

Í lok árs 2009 voru samþykkt lög á Alþingi um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr.152/2009. Lögin kveða á um að nýsköpunarfyrirtæki geti fengið skattfrádrátt vegna kostnaðar við rannsóknir og þróunarstarf og að fjárfestar fái skattafslátt vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum. Til að skattyfirvöld veiti slíka ívilnun er gerð krafa um að Rannís veiti staðfestingu á að um nýsköpunarfyrirtæki sé að ræða í samræmi við ákvæði laganna. Gildir afgreiðslan fyrir yfirstandandi almanaksár.

Rannís hefur komið upp rafrænu umsóknarkerfi á slóðinni **http://rannis.is/sjodir/skattivilnun/** í tengslum við lögin um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Umsóknarfrestur er til 1. september nk. Fyrirtæki þurfa að skrá sig í umsóknarkerfið fyrir þann tíma, en ***að þessu sinni er gefinn kostur á að ljúka umsóknum til 20. september nk.***

Á heimasíðu Rannís er handbók með leiðbeiningum og upplýsingum um umsóknarferlið, en þar má einnig finna fyrrgreind lög auk reglugerða nr. 592 og 593 frá 2010.

Rannís mun leggja mat á hvort umsóknir uppfylli skilyrði laganna og tilkynna viðkomandi fyrirtæki niðurstöðuna auk tilkynningar til Ríkisskattstjóra.

Frekari upplýsingar um lögin og umsóknarferlið veitir Sigurður Björnsson hjá Rannís í síma 515 5800, eða sigurdur@rannis.is.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Frigor

frábært verð!



88 ltr
orkunýting A

59.900

Frigor
5 ára ábyrgð

Frystiskápur
88 ltr, H-85cm, B-58cm, D-55cm
orkunýting A
1805492



197 ltr
orkunýting A+

84.900

Frigor
5 ára ábyrgð

Frystikista
197 ltr, H-84 cm, B-89,5 cm, D-59 cm
orkunýting A+
1805482



98 ltr
orkunýting A+

69.900

Frigor
5 ára ábyrgð

Frystikista
98 ltr, H-84 cm, B-54,5cm, D-59 cm
orkunýting A+
1805483



381 ltr
læsing

119.900

Frigor
5 ára ábyrgð

Frystikista
381 ltr, H-89.5cm, B-128cm, D-64,5cm
ljós, 2 körfur, læsing
1805488



277 ltr
læsing

105.900

Frigor
5 ára ábyrgð

Frystikista
277 ltr, H-89.5 cm, B-102 cm, D-64,5 cm
ljós, 2 körfur, læsing
1805487



165 ltr
hraðfrystitakki

85.900

Frigor
5 ára ábyrgð

Frystiskápur
165 ltr, H-142 cm, B-58 cm, D-55 cm
stillanlegt Termostat, hraðfrystitakki
1805493

TAX FREE
FRAMKVÆMDATILBOÐ

Komdu og fáðu tilboð í verkið hjá okkur að upphæð 300 þúsund eða meira, og þú færð TAX FREE af öllum vörum, allt frá eldavél til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

HÚSASMIÐJAN

Þú færð vöruna í verkið Tax free í Húsasmiðjunni.

FRAMKVÆMDALÁN

Arion banki · Íslandsbanki

Ef þú þarft fjármögnun þá færð þú hagstæð framkvæmdalán hjá bankanum þínum.

ALLIR VINNA · ALLIRVINNA.IS

Þú færð 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri vinnu fagmanna auk skattaívilnunar allt að 300 þús.

Látum verkin tala!

Gildir til 31. ágúst.

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar

HÚSASMIÐJAN

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hver er stærsta orsök skuldavanda Orkuveitu Reykjavíkur?

Krónan hækkar heita vatnið

Gífurlegur fjárhagsvandi Orkuveitu Reykjavíkur hefur mikið verið til umfjöllunar að undanförnu. Fyrirtækið skuldar 240 milljarða króna og afborganir á næstu árum verða tugir milljarða.

Mikið hefur verið fjallað um hvernig fást á við vanda Orkuveitunnar. Það verður annars vegar gert með niðurskurði í rekstri fyrirtækisins – og virðist þar reyndar af nógu að taka – og hins vegar með miklum gjaldskrárhækkunum. Stjórnarformaðurinn hefur boðað tveggja tölustafa hækkun og margir gera ráð fyrir að rafmagnið og vatnið hækki um u.þ.b. 20%.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Minni gaumur hefur verið gefinn að því hvernig skuldirnar urðu til. Að hluta til er um það að ræða að Orkuveitan reyndi að gína yfir of miklu og missti sjónar á meginhlutverki sínu; að framleiða rafmagn, heitt og kalt vatn og selja það almenningi og fyrirtækjum. Einkum og sér í lagi í tíð Reykjavíkurlistans lét Orkuveitan sér fátt mannlegt óviðkomandi, allt frá risarækjueldi til fjarskiptarekstrar upp á milljarða króna. Allt kostaði það sitt.

Orkuveitan stofnaði jafnframt til mikilla skulda vegna virkjanaframkvæmda, sem voru þó hluti af heföbundnu hlutverki fyrirtækisins. Það áttu að geta orðið arðbærar framkvæmdir. Fyrir þeim voru tekin erlend lán, enda verkefnin af þeirri stærðargráðu að þau urðu hvorki fjármögnuð eingöngu á innlendum fjármagnsmarkaði né á íslenzkum vöxtum, sem eru hærri en annars staðar vegna smæðar og áhættu gjaldmiðilsins.

Hrun gjaldmiðilsins er svo einmitt stærsta orsök skuldavanda Orkuveitunnar. Skuldir fyrirtækisins tvöfölduðust um það bil; gengistapið á árinu 2008 reiknaðist 93 milljarðar. Þetta er að sjálfsögðu ekkert einsdæmi. Ótal fyrirtæki og heimili um allt land eru í sömu sporum, að skuldirnar tvöfölduðust vegna hruns gjaldmiðilsins. Afleiðingarnar eru hins vegar svo æpandi í tilfelli Orkuveitunnar vegna stærðar fyrirtækisins og áhrifa á daglegt líf og fjárhag meirihluta landsmanna.

Enn sér ekki fyrir endann á vanda Orkuveitunnar, sem leiðir af því að Ísland býr við veikan og í raun ónýtan gjaldmiðil. Á næstu árum mun fyrirtækið þurfa að endurfjármagna talsvert af skuldum sínum á alþjóðlegum lánamörkuðum. Það mun reynast því erfitt nema tekin verði trúverðug skref í þá átt að koma hér á stöðugleika í gjaldmiðilsmálum, sem gerist tæplega nema tekin verði upp ný mynt. Þetta á að sjálfsögðu við um fleiri fyrirtæki en Orkuveituna.

Hrun krónunnar hefur valdið hruni í lífskjörum almennings. Verðbólgan hefur aukizt, allur innflutningur er dýrari og kaupmátturinn hefur rýrnað. Skuldabyrði allra hefur þyngzt vegna krónuhrunsins, hvort sem fólk er með verðtryggð lán eða gengistryggð. Nú bætast við hækkanir á rafmagns-, vatns- og húshitunarkostnaði, allt í boði þeirra sem hafa talið og telja enn íslenzku krónuna vera frábæran gjaldmiðil.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Xerodent
Við munnþurrki



Þreföld virkni Xerodents
- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.
Notkunarsvið og skömmtun: Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
Skammtastærðir fyrir fullorðna: 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
Varúðarreglur: Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
Meðganga/brjóstagjöf: Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / ACTAVIS 99901 1

FRÁ DEGI TIL DAGS

Myndin af Ólafi

Hún hefur vakið verðskuldaða athygli, ljósmynd Gunnars V. Andréssonar af Karli Sigurbjörnssyni og Geir Waage, þar sem þeir standa hvor sínu megin við flennistórt málverk af Ólafi Skúlasyni sem hangir uppi á vegg á Biskupsstofu. Margir hafa orðið til að spyrja hvort eðlilegt sé að á skrifstofu stofnunar sem kennir sig við kærleik gefi að líta slíkan minnisvarða um mann sem meira að segja biskup sjálfur hefur nú eftir dúk og disk viðurkennt að hafi vafalaust gerst sekur um kynferðisbrot gegn minni máttar – eigin börnum og konum sem til hans leituðu eftir aðstoð.



Holl áminning

Við því er einungis til eitt svar: Auðvitað er það ekki eðlilegt. Og ef marka má sljó viðbrögð kirkjunnar síðustu vikur er ólíklegt að nokkrum hafi einu sinni komið til hugar að læsa myndina inni í myrkvaðri hirslu, úr því að of seint er orðið að fara þannig að með fyrirmyndina. Svo er hitt; að kannski hefur biskup bara gott af því að horfast í augu við forvera sinn á ganginum á hverjum degi og minnast þess hvað miður fór.



Nóg að gera

Á örlagatímum sem þessum – þegar landinn býr við mikla óvissu um það hvort tugmilljóna króna húsnæðislán hans standast lög, fólk er borið út af heimilum sínum og svipt ökutækjum og allra færa er sætt til að láta gengis-styrkingu krónunnar ekki skila sér í hagsbótum fyrir almenning, svo dæmi séu nefnd – er gott að til sé stofnun á borð við Neytendastofu. Verkefnin eru ærin og starfsmenn þar hafa líka nóg fyrir stafni. Nú síðast fóru þeir í heilmikinn leiðangur um borgina til að kanna hvort verðmerkingar á söfnum væru í lagi. Sem þær eru. Og þá vitum við það.

HALLDÓR



Að sýna ekki öll spilin

Evrópumál



Andrés Pétursson
formaður Evrópusamtakanna

Það er mér bæði ljúft og skylt að svara áskorun Ásmundar Einars Daðasonar alþingismanns, um svar vegna ummæla Stefan Fule, stækkunarstjóra ESB um varanlegar sérlausnir fyrir einstök aðildarlönd Evrópusambandsins.

Ekki veit ég hvort Ásmundur hefur tekið þátt í samningaviðræðum af einhverju tagi en það er lykilatriði í öllum slíkum viðræðum, ef maður ætlar að ná árangri, að sýna ekki öll spilin í upphafi.

Stefan Fule er embættismaður og hans skylda er að verja hagsmuni ESB. Það gerir hann ekki með því að lýsa því yfir fyrirfram að eitthvert aðildarland fái sérsamninga. Þá væri hann að bregðast skyldu sinni. Öll lönd hafa hins vegar samið um sérlausnir og fengið lausn á þeim málum þar sem miklir þjóðhagslegir hagsmunir eru í húfi.

Það er skemmtileg tilviljun að sama dag og Ásmundur birti áskorun sína í Fréttablaðinu þá skrifaði Sema Erla Serdar, formaður ungra Evrópusinna, grein í sama blað og svaraði í raun mörgu af því sem Ásmundur velti upp í grein sinni. Þar fjallar hún um aðlögunarfresti, tímabundnar undanþágur og varanlegar sérlausnir. Ég hvet því ég Ásmund Daða og aðra til að lesa þessa grein Semu Erlu.

Það er skrýtin árátta margra Nei-sinna á Íslandi að klifa í sífellu á því að það sé ekki til neitt sem heiti samningaviðræður. Ef það væri raunin þá myndi Evrópusambandið senda öllum nýjum aðildarlöndum lög og reglur sambandsins og segja. „Þetta er það sem við bjóðum upp á, take it or leave it!“

Þannig ganga kaupin hins vegar ekki fyrir sig á eyrinni.

Malta fékk til dæmis yfir sjötíu aðlögunarfresti og undanþágur frá reglum ESB, Svíar og Finnar fengu lausn fyrir heimsskautabúskap sinn, og danska sérákvæðið um kaup erlendra ríkisborgara á sumarbústaðalandi á Jótlandi lifir góðu lífi eftir 35 ár. Staðreyndin er einnig sú að aðildarsamningar einstakra landa hafa meira vægi en stofnsáttmálar ESB. Evrópusambandið getur því ekki einhliða gengið gegn rétti einstakra ríkja. Þess vegna tek ég undir orð Semu Erlu og hvet Ásmund Einar og aðra til að sameinast um að semja sem best um okkar þjóðarhagsmuni. Það verður síðan íslensku þjóðarinnar að meta hvort okkur hafi tekist að ná góðum samningi við Evrópusambandið eður ei.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Staðarbófar og farandbófar

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Um stjórnmál eru ævinlega skiptar skoðanir, svo sem liggur í hlutarins eðli. Sum atriði eru þó hafin yfir skynsamlegan ágreining í okkar samfélagi. Þannig er lýðræðisskipanin hafin yfir allan vafa. Um þetta sagði George Brown, utanríkisráðherra Bretlands 1966-68: „There shall be no one to stop us from being stupid if stupid we want to be.“ Með öðrum orðum: Lýðræði er algilt og óvefengjanlegt líkt og önnur mannréttindi og leyfir engin frávik, engar undantekningar. Lýðræði er æðra öðru stjórnskipulagi óháð því, hvort það skilar almenningi betri kjörum en til dæmis einræði, fáræði eða þjófræði (e. kleptocracy). Lýðræði er samt ekki alltaf samfelldur dans á rósum, segja sumir. Um þetta sagði Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands í stríðinu: „Lýðræði er versta stjórnskipulagið, nema allt hitt er enn verra.“

Lýðræði og hagsæld

Er lýðræði aflvaki almennrar hagsældar? Um þetta er deilt. Sumir benda á Kína og halda því fram, að einræðisstjórn Kínverska kommúnistaflokksins frá 1949 hefði ekki getað náð að skapa svo frjó skilyrði til örs hagvaxtar eftir 1978, hefði hún átt á hættu að missa völdin í lýðræðislegum kosningum. Aðrir benda á, að Kína sé undantekningin, sem sanni regluna, þá reglu, að lýðræðisríki búa þegnum sínum yfirleitt mun betri lífskjör en einræðislönd. Þetta stafar meðal annars af því, að lýðræði greiðir fyrir samfelldri endurnýjun á vettvangi stjórnmálanna og þá um leið í efnahagslífinu með því að auðvelda stjórnarskipti, þegar stjórnvöld bregðast vonum kjósenda. Þaulseta á valdastólum er sjaldgæf í lýðræðisríkjum og sums staðar beinlínis bönnuð með lögum. Þaulseta í óþökk almennings er þvert á móti algeng í einræðislöndum. Einræðisherrar bæla krafta og kæfa raddir, sem betra væri að virkja og hlusta á.

Sviðin jörð: Borgar það sig?

Einræði býður upp á óvelkomnar þaulsetur við völd, sem einræðisherrar og klíkur í kringum þá nota iðulega til að láta greipar sópa um eigur annarra. Einræðisherrar fara þó misilla með völd sín. Til að bregða birtu á ólík blæbrigði einræðis og ólíkt háttalag einvalda gerði bandaríski stjórnmálafræðingurinn Mancur Olson greinarmun á staðarbófum (e. stationary bandits) og farandbófum (e. roving bandits).

Staðarbófar eru harðstjórar, sem halda kyrru fyrir á sínum stað og hafa því ekki hag af að stela öllu steini léttara, heldur skilja þeir eitthvað eftir, af því að þeir ætla sér að vera áfram á staðnum. Þeir stilla skattheimtu í hóf. Þeir leggja ekki þyngri skatt á fyrirtæki en sem nemur arðinum, sem reksturinn gefur af sér. Þeir slátra helzt ekki mjólkurkúnum. Þeir hegða sér eins og harðsvíruð einokunarfyrirtæki samkvæmt kenningu Olsons og reyna að ná sem mestum afrakstri af valdasetunni handa sér og sínum. Hagsýni kallar þá á framsýna forsjá, á sjálfbærar gripdeildir, sem hægt er að halda áfram ár eftir ár.

Farandbófar færa sig stað úr stað til að leggja undir sig nýjar lendur. Þeir stela öllu, sem hönd á festir. Þeir hafa engan hag af að stilla gripdeildunum í hóf, því að á morgun verða þeir komnir á annan stað að stela þar öllu, sem þeir komast yfir. Sviðin jörð borgar sig frá þeirra bæjardyrum séð. Olson leit svo á, að ribbaldinn, sem verður staðarbófi frekar en farandbófi, hafi hag af að hægja á illvirkjum sínum. Stjórnleysi farandabófanna vék smám saman fyrir einveldi staðarbófa samkvæmt þróunarkenningu Olsons um stjórnarfar. Það var að sínu leyti framför. Einræði víkur síðan fyrir lýðræði, þótt hægt gangi.

Bófakenningin og farandveiðimenn

Kenningin um staðarbófa og farandbófa hljómar vel, en hún haltrar. Stalín og Maó voru staðarbófar, en þeir voru hagblindir báðir tveir, og enginn þorði að segja þeim til. Þeir lögðu þungar byrðar á þegna sína og drápu þá í hrönnum, enda sigldi kommúnisminn í strand á báðum stöðum. Rússland og Kína eru nú markaðsbúskaparlönd að heita má, þótt Kínverski kommúnistaflokkurinn sitji enn að völdum í Kína og telji sig geta tengt fram hjá lýðræðinu. Genghis Khan, landsfaðir Mongólíu, var einn frægasti farandbófi allra tíma. Hann rændi, myrti og ruplaði, en innleiddi einnig ýmsar umbætur. Alþjóðaflugvöllurinn í Úlan Bator, höfuðborg Mongólíu, ber nú nafn hans, og mynd hans prýðir mongólska peningaseðla.

> Hví skyldu farandveiðimenn ganga vel um annarra mið? Hví skyldu innlendir útvegsmenn ganga vel um miðin, ef þeir treysta því ekki að fá að veiða þar áfram í friði?

Bófakenning Olsons skýrir hættuna, sem fylgir því að selja útlendingum og öðrum eftirlitslausan aðgang að fiskimiðum. Hví skyldu farandveiðimenn ganga vel um annarra mið? Hví skyldu innlendir útvegsmenn ganga vel um miðin, ef þeir treysta því ekki að fá að veiða þar áfram í friði? Stjórnvöld í lýðræðisríki geta ekki veitt útvegsmönnum trúverðugan, varanlegan aðgang að þjóðareign, þar eð ný stjórnvöld hljóta að áskilja sér rétt til að marka nýja stefnu. Kvótahafar hafa því ævinlega hag af ofveiði og brottkasti hvað sem þeir segja.

AF NETINU

Skriftarstóllinn



Hvellurinn út af Geirs Waage-málinu vekur upp ýmsar spurningar fyrir okkur sem ekki þekkjum launhelgar kirkjunnar. Þegar er búið að spyrja augljósu spurningarinnar: hvort sr. Geir myndi virkilega ekki tilkynna það ef hann fengi upplýsingar um pedófíl? Geir segir svo ekki vera. Næsta spurning væri svo til sr. Bjarna Karlssonar og félaga, sem krefjast brottreksturs kollega síns: hvar þeir vilji þá setja mörkin varðandi trúnaðarskylduna? Erum við bara að tala um brot sem snúa að börnum? Myndi sr. Bjarni tilkynna um líkamsárás gagnvart fullorðnum einstaklingi? Myndi hann fletta ofanaf fíkniefnasala? – Þetta þarf sr. Bjarni að skilgreina býsna nákvæmlega. Annars er þagnarskylda hans nálega ónýt, eins og sr. Geir bendir á. Þriðja og stærsta spurningin hlýtur þó að vera sú: hvort nokkur maður skrifti hjá lútersku þjóðkirkjunni? Einhvern veginn hljómar það frekar eins og óskhyggja kirkjunnar að skúrkar landsins keppist við að trúa sóknarprestum sínum fyrir ódæðum sem farið hafa fram hjá löggunni og félagsmálayfirvöldum? Eru menn ekki frekar að lýsa plotti úr e-m Law & Order-þættinum en hversdagslegum veruleika íslenskra sálnahirða?

kaninka.net/stefan

Stefán Pálsson







Ísland og umheimurinn — Grein 5

Landið tekur að rísa!

Þjóðmál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra



Íslendingar eru sjálfstæð og fullvalda þjóð með eigin örlög í sínum höndum. Þannig viljum við hafa það og það er stefna Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. En maðurinn er aldrei einn og eins er það með þjóðirnar. Stjórnmála- og viðskiptasambönd, þátttaka í margskonar tvíhliða og marghliða samstarfi, aðild að alþjóðastofnunum og sáttmálum eru óaðskiljanlegur hluti þess að vera til og þróast sem sjálfstætt ríki meðal ríkja, sem þjóð meðal þjóða. Við úrlausn mála eftir efnahagshrun er sjálfstæðið áfram mikilvægur útgangspunktur allrar okkar vinnu. Við ætlum sem sjálfstæð þjóð, ekki síst efnahagslega sjálfstæð, að endurreisa hér það sem hrundi og sanna okkur á ný sem ráðvant og ábyrg fólkt. Þar höfum við verk að vinna því orðspor okkar er laskað. Svo gripið sé til sögulegrar líkingar þá má segja að ótrúlega fáir hafi valdið ótrúlega mörgum, þ.e. heilli þjóð, ótrúlega miklum skaða. Í reynd heyjum við sjálfstæðisbaráttu sem nú og sennilega nokkur næstu árin mun fyrst og fremst miða að því að tryggja fullt efnahagslegt sjálfstæði landsins. Án þess að endurreisa hér traustan efnahag, tryggja góð lífskjör og fulla atvinnu verðum við ekki sjálfstæð í reynd eða að minnta kosti ekki á þann hátt sem við viljum.

Ísland og Evrópusambandið

Mörgum kann að virðast það sem hér að ofan er sagt í mótsögn við þá staðreynd að meirihluti alþingismanna og undirritaður þar með talinn stóð að því að lögð var inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu fyrir ári síðan. Það var erfið ákvörðun að taka en rökin voru þau – fyrir utan stjórnmálalegar ástæður þ.e. málamiðlun milli samstarfsflokka í ríkisstjórn, – að fá botn í það hvað er í boði og fá einhverja niðurstöðu í áratuga langa umræðu um hvernig framtíðartengslum Íslands við Evrópusambandið skuli háttað. Um leið skýrist hvert verður framtíðarumhverfið í gjaldmiðilsmálum okkar og við getum hagað efnahagsuppbyggingunni í samræmi við það. Fari svo að samningsniðurstaða náist sem þykir á borð leggjandi verður það þjóðin sjálf sem ræður úrslitum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er hin lýðræðislega nálgun í þessu stórmáli, og sem á að viðhafa í öðrum slíkum, að okkar mati í VG. Til að taka af öll tvímæli hefur ekki orðið nein breyting á afstöðu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Evrópumálum. Við erum andvíg aðild Íslands að Evrópusambandinu en við óttumst ekki opna lýðræðislega umræðu og þá niðurstöðu sem slík umræða skilar.

Icesave hluti af mjög stórri heild

Enn er ófrágengið hvernig uppgjöri milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi og breskra og hollenskra gagnaðila verður háttað. Icesave-málið hefur sannarlega reynt á þolrifin í okkur öllum en við hljótum samt að vera sammála um að nálgast málið eins og sjálfstæðri þjóð sæmir. Hluti af sjálfstæðinu er að leysa á ábyrgan hátt úr deilumálum við aðrar þjóðir. Jafnframt fylgir sjálfstæðinu bæði réttindi og skyldur. Rétt eins og sigrarnir eru okkar þegar þeir vinnast eru ósigrarnir og mistökin það líka. Við getum ekki eignað okkur annað en afneitað hinu.

Undirritaður er enn jafn eindregið þeirrar skoðunar og hann var á útmánuðum 2009, eftir að hafa kafað ofaní saumana á málinu, að samningaleiðin sé farsælust og áhættuminnst fyrir Ísland. Málið hefur valdið og mun, óleyst, valda okkur áfram margvíslegum erfiðleikum. Þeir sem nú tala digurbarkalega um að okkur hafi þó ekki gengið verr en raun ber vitni þrátt fyrir óleyst Icesave-mál vita minnst um þá baráttu sem það hefur kostað bak við tjöldin að halda hlutum í horfinu, t.d. knýja fram aðra endurskoðun samstarfsins við AGS þrátt fyrir stöðu Icesave-málsins. Eitt af verkefnum núverandi ríkisstjórnar hefur verið að endurreisa trúverðugleika Íslands út á við og sýna fram á að hér starfi ábyrg stjórnvöld. Rannsóknarskýrsla Alþingis sýnir með ótvíræðum hætti að orðspor Íslands erlendis hrundi meðal annars vegna þess að þáverandi ríkisstjórn landsins hlustaði ekki á vinaþjóðir og var algjörlega ótrúverðug í sínum aðgerðum.

Lausn Icesave-málsins, auðvitað eins hagstæð og aðstæður frekast bjóða hverju sinni, er nauðsynleg forsenda fyrir áframhaldandi endurreisn efnahagslífsins og liður í að koma á eðlilegu ástandi í samskiptum okkar við umheiminn, opna aðgang að erlendum fjármálamörkuðum og endurreisa orðspor okkar. Icesave-málið er því ekki einangrað vandamál heldur hluti af mjög stórri heild, því að koma Íslandi áfram.

AGS

Ísland hefur verið aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá því sjóðnum var komið á laggirnar 1946. Sá sjóður á sér misjafna sögu víðs vegar um heim. Samstarf Íslands við AGS hefur verið vandræðalaust ef frá eru taldar tafir vegna óskyldra mála sem við vorum að sjálfsögðu ekki sátt við. Sjóðurinn er sér meðvitaður um að í tilviki Íslands er hann í samstarfi við norrænt velferðarríki og að hann á sjálfur, ekki síður en við, mikið undir í því að vel til takist. Tillögur hans í skattamálum eru til marks um þetta. Þær miðast við að hér sé hægt að halda uppi samneyslu í norrænum anda og ná fram jöfnuði í þjóðfélaginu. Samstarf okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur til þessa verið málefnalegt og það hefur reynst mögulegt að aðlaga ýmislegt í upphaflegri áætlun að okkar aðstæðum. Ef allt fer að óskum þá lýkur samstarfsáætluninni að ári og að sjálfsögðu munum við fagna þeim tímamótum.

> Til að taka af öll tvímæli hefur ekki orðið nein breyting á afstöðu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Evrópumálum. Við erum andvíg aðild Íslands að Evrópusambandinu en við óttumst ekki opna lýðræðislega umræðu og þá niðurstöðu sem slík umræða skilar.

Framtíðin er umhverfismál

Vinstrihreyfingin - grænt framboð er eins og nafnið bendir til grænn flokkur, umhverfisflokkur. Við leggjum ekki áherslu á umhverfismál bara vegna okkar eigin hugsjóna eða hagsmuna sem þjóðar. Umhverfismálin og framvinda sjálfbærrar þróunar eru mikilvægustu alþjóðamál okkar tíma. Átök framtíðarinnar í heiminum verða um auðlindir á borð við vatn. Átökin verða hörðust þar sem umhverfismálin hafa verið vanrækt. Umhverfismálin snúast því um örlög mannkynsins. Það er mikilvægt fyrir Ísland, bæði fyrir landið sjálft og sem hluta af heiminum, að málstað umhverfisins og sjálfbærrar þróunar sé haldið til haga af myndugleik í ríkisstjórn og á Alþingi. Vænlegasti kosturinn til þess er Vinstrihreyfingin - grænt framboð og áframhaldandi samstarf innan núverandi ríkisstjórnar sem gert hefur umhverfismálum hærra undir höfði í áherslum sínum en nokkur önnur ríkisstjórn á Íslandi.

Hornsteinar utanríkisstefnunar

Hornsteinar utanríkisstefnu okkar eru þessir; Sjálfstæði þjóðarinnar í samvinnu innan Sameinuðu þjóðanna, í vestnorrænu, norrænu og evrópsku samstarfi og með heiminn allan undir á tímum hnattræns samruna. Svæðissamvinna við Norður-Atlantshaf og Norðurslóðasamstarf eru mikilvæg verkefni næstu áratuga. Það samstarf þarf að byggja á framsýnni umhverfisstefnu, virðingu fyrir sjálfstæði einstakra þjóða, friðarviðleitni í þágu alls mannkyns og jafnari skiptingu lífsins gæða. Öðruvísi komumst við og mannkynið allt ekki af.

ÚTSALA
Plankaparket
Verð frá: 5.960
Okkar eigin framleiðsla
Stafaparket
Verð frá: 4.450
PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, 108 Reykjavík
Símar: 581 2220 - 840 0430 - 892 5070
www.parketverksmidjan.is

Þeirra eigin orð II

Evrópumál

Þórir Stephensen
fyrrverandi dómkirkjuprestur



Umræðan um hugsanlega aðild okkar Íslendinga að ESB er lífleg um þessar mundir. Hún hefur kallað á skoðun heimilda um þau málefni, sem hæst ber í rökræðunni. Ég sagði hér nýlega frá því, að mér hefði fundist bera dálítið á milli þess, sem fram kom í „Tengsl Íslands og Evrópusambandsins“, skýrslu Evrópunefndarinnar frá 2007, og málflutningi sumra nefndarmanna undanfarna mánuði. Önnur heimild barst mér nýlega og vakti svipaðar hugrenningar.

Björn Bjarnason skrifaði þetta á „Evrópuvaktina“ 28. júní sl.:

„Aðild Íslands að ESB þýðir, að Íslendingar afsala sér forræði á sjávarauðlindinni og gera atlögu að eigin landbúnaði. Fleiri náttúruauðlindir eru í húfi.“ Hann og fleiri hafa hamast á þessum hraðsluáróðri í greinum sínum þar og víðar.

Við sem aðhyllumst samningaleiðina, höfum undrast skrif þeirra og aðeins hefur veriðýjað að því, að þeir hafi gerst málsvarar sérhagsmuna.

Svo vel vill til, að Björn Bjarnason hefur ekki ætíð talað svona, jafnvel mótmælt skrifum Morgunblaðsins í þessa veru. Það gerði hann í grein 10. mars 1992. Síðan hefur það eitt breyst í sjávarútvegsstefnu ESB, þá EB, að hún hefur heldur færst nær stefnu okkar.

> Svo vel vill til, að Björn Bjarnason hefur ekki ætíð talað svona, jafnvel mótmælt skrifum Morgunblaðsins í þessa veru. Það gerði hann í grein 10. mars 1992.

Umrædd grein Björns er ritdómur hans um bókina „Hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins“ eftir Ketil Sigurjónsson, útg. 1991, og er byggð á lokaritgerð hans fyrir embættispróf í lögfræði. Björn skrifar m.a.: „Þegar rætt er um Ísland og Evrópubandalagið (EB) er því gjarnan slegið fram, að umræður um aðild að EB muni óhjákvæmilega stranda á sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins. Hún sé þess eðlis, að við Íslendingar getum aldrei sætt okkur við hana. Má segja, að þetta sé orðið að viðtekinni skoðun hér og með því að halda henni á lofti sé talið auðvelt að slá vopnin úr höndum þeirra, sem mæla með umræðum um aðild Íslands að bandalaginu, svo að ekki sé minnst á þá, sem gerðust svo djarfir að hvetja til slíkrar aðildar. Til að staðfesta réttmæti þessara fullyrðinga nægir að vitna til Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins, sem birtist 8. mars sl., en þar segir meðal annars: „Þeir Íslendingar, sem kunna að telja tímabært að taka upp viðræður um beina aðild að EB vegna afstöðu annarra Norðurlandaþjóða verða að svara því, hvernig þeir ætla að komast í kringum sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins, sem er eins andstæð hagsmunum okkar Íslendinga og hugsast getur.““

Þarna er talað eins og Neimennirnir gera í dag, en svo er það Björn Bjarnason, sem segir:

„Ef marka má niðurstöður rannsókna innan Háskóla Íslands er sjávarútvegsstefna EB ekki eins andstæð íslenskum hagsmunum og margir hafa ætlað. Þeir, sem vilja kynnast þessari stefnu EB og átta sig á því, hvernig framkvæmd hennar hefur verið háttað, geta auðveldlega glöggvað sig á því í þessu riti, sem eðli málsins samkvæmt er ritað frá lögfræðilegum sjónarhóli.

Sjávarútvegsstefna EB byggist að sjálfsögðu á Rómarsáttmálanum, stjórnarskrá bandalagsins, eins og aðrir sameiginlegir réttargjörningar bandalagsþjóðanna. Sjávarútvegsstefnan er hins vegar ekki njörvuð niður með sama hætti og aðrar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir um atvinnuvegi bandalagsþjóðanna. Á það ekki síst rætur að rekja til þess, að upphaflega voru það meginlandsþjóðir Evrópu, sem stofnuðu EB, og þær voru ekkert sérstaklega með hugann við sjávarútveg. Þetta breyttist þegar áhugi vaknaði í Danmörku og Bretlandi á aðild að EB og til undirbúnings henni var hafist handa við að móta hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu á árinu 1970. Varð stefnan ekki til í þeirri mynd, sem við þekkjum hana, fyrr en 1983.“


Björn bendir enn fremur á, að undir lok bókar sinnar lítur Ketill Sigurjónsson á sjávarútvegsstefnu EB frá sjónarhóli Íslendings og veltir því fyrir sér, hvernig staðan væri, ef Ísland ætti aðild að EB. Ketill nefnir þar t.d., að fiskveiðistjórnun hafi tekist betur á Íslandsmiðum en innan EB-lögsögunnar. Innan EB sé nú forgangsverkefni að bæta eftirlit með fiskveiðum og auka hagkvæmni í útgerð. Loks fengi Ísland verulega fjárstyrki til eftirlits á Íslandsmiðum og væntanlega einnig til að byggja upp atvinnuvegi samkvæmt byggðastefnu EB.

Að lokum segir Björn: „Ástæða er til að minna á þá staðreynd, að við útfærslu landhelginnar hafa Íslendingar ætíð byggt á vísindalegum rökum og skírskotun til alþjóðaréttar. Að baki stefnumörkunar á þeim vettvangi lá fræðilegt álit til styrktar hinum pólitísku ákvörðunum. Sé ætlunin að hefja frekari viðræður við EB-ríki um íslenska sjávarútvegshagsmuni verður málstaður Íslands að byggjast á fræðilegum grunni og víðtækri þekkingu á EB-rétti og framkvæmd hans. Hann klykkir svo út með því að segja: „Í ritgerð Ketils Sigurjónssonar er að finna svör við því, hvernig Íslendingar kynnu að geta gætt mikilvægustu hagsmuna sinna í aðildarviðræðum við Evrópubandalagið.“

Ég er svo innilega sammála Birni, í þessum ritdómi hans. En jafnframt undrast ég mjög hans eigin orð í dag, þau sem ég vitnaði til hér að upphafi: „Aðild Íslands að ESB þýðir, að Íslendingar afsala sér forræði á sjávarauðlindinni og gera atlögu að eigin landbúnaði. Fleiri náttúruauðlindir eru í húfi.“ Og ég spyr enn: Af hverju má ekki reyna samninga?

FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI



Glænýjar vörur beint frá London

ódýrt



- Hettupeysur 1999 kr.
- Gallabuxur frá 999 kr.
- Barnasokkabuxur 799 kr.
- Dömugallabuxur frá 3999 kr.
- Herragallabuxur frá 3999 kr.
- Herraboxer 3 í pakka frá 999 kr.
- Herrahlýrabolir 799 kr.
- Dömuhlýrabolir 799 kr.
- Strákabolir 1299 kr.
- Stelpukjólar 1999 kr.
- Strákagallabuxur 1499 kr.
- Strákaboxer 3 í pakka 799 kr.

Opnum í dag kl. 11

Birt með fyrivara um prentvillur

FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI

OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

ALLA DAGA VIKUNNAR

Fimm gamalla muna saknað úr Laufási

Fornminjar

Mörður Árnason
ritstjóri væntanlegrar bókar Harðar Ágústssonar um Laufáskirkjur



Fimm gamalla muna er saknað úr Laufási við Eyjafjörð. Þeir eru allir úr kirkjunni og hver á sinn hátt verðmætur fyrir sögu staðar og þjóðar. Einn þeirra má raunar kalla gersemi.

Hörður Ágústsson, listmálari og fræðimaður, gaf árið 2004 út bók um Laufás. Þar er gerð rækileg grein fyrir gamla bænum og saga hans rakin eins langt aftur og unnt er, ásamt umfjöllun um útihús og þá gripi og verkfæri sem staðnum tengjast. Hörður lét eftir sig handrit að síðari Laufásbók sem fjalla skyldi um kirkjur staðarins, þá sem nú stendur frá 1865 og þær fyrri sem kunnugt er um, ásamt skrúða öllum og áhöldum sem um er vitað. Nú er verið að ganga frá þessu handriti Harðar til prentunar.

Á söfnum er margt merkra muna úr Laufáskirkju en Hörður fjallar einnig um þá gömlu muni sem enn eru á staðnum. Þegar sá gripakostur var kannaður í sumar kom í ljós að eina sjö muni vantaði. Um afdrif tveggja þeirra er síðan ljóst að öðrum var hent ónýtum (glerflaska tinbúin undir messuvín, frá miðri 18. öld) en hinum stolið (postulínsdós fyrir eldspýtur, lá á altari, frá ofanverðri 19. öld).

Munirnir fimm sem ekkert er vitað um ennþá eru skírnarfat, kertastjaki, minningarskjöldur og tveir patínudúkar.

Skírnarfat frá 17. öld

Skírnarfatið kom í Laufás um miðja 17. öld. Það er úr látúni, tiltölulega lítið eða um 25 cm í þvermál, og á botninn eru krotaðir eða stimplaðir fjórum sinnum stafirnir K og R samlímdir með kommu eða striki ofan í K-ið, líklega auðkenni smiðsins sem hefur verið danskur eða þýskur.

Stjaki frá 18. öld

Stjakinn er úr pari sem kirkjan eignaðist 1742, en jafningi hans týndist á fyrri hluta 20. aldar. Stjakinn er 25 cm á hæð, mikill um sig, stéttin 17 cm í þvermál, úr einhverskonar látúni.

Minningartafla með skildi frá fyrri hluta 19. aldar

Minningarskjöldurinn hékk í kirkjunni til heiðurs Laufásprestinum Gunnari Hallgrímssyni og konu hans Þórunni Jónsdóttur sem bæði létust árið 1828. Sennilegt er að Gunnar sonur þeirra hafi látið gera skjöldinn, eftirmaður föður síns á staðnum til 1853 (meðal annars kunnur sem faðir Þóru í Ferðalokum Jónasar). Minnismerkið sjálft er úr silfruðum eir, og er raunar ekki skjaldarlaga heldur í líki duftkers í forngrískum stíl. Á því er töluverð áletrun sem nú verður ekki lesin, en þar hljóta hjónin að vera nefnd. Málmskjöldurinn var upphaflega festur á töflu og hún römmuð með gylltum listum, hæðin væntanlega á bilinu 30–50 cm.

Patínudúkur Laufeyjar Bjarnardóttur frá um 1880

Yngri patínudúkurinn er úr rauðu flaueli með gullvírskögri, líklega hvítt klæðisefni að neðanverðu. Á hann er saumað fínlegt blómskreyti. Dúkurinn er frá ofanverðri 19. öld, og fékk kirkjan hann að gjöf frá Laufeyju Bjarnardóttur Halldórssonar, sem lést aðeins 24 ára árið 1881. Enn er í brúðarhúsinu í Laufási íslenskur búningur hennar með útsaumi. Líklegt er að Laufey hafi sjálf saumað í dúkinn, og kann að vera að útsaumsmunstrið sé að ráðum Sigurðar mála Guðmundssonar. Þeir sem þekkja til Laufásheimilisins, Laufeyjar og séra Björns föður hennar, sem byggði bæinn í núverandi mynd og lét reisa kirkjuna undir stjórn Tryggva Gunnarssonar, sjá að þetta er merkilegur gripur sem mikill skaði er að skuli hafa týnst úr kirkjunni.

Patínudúkur með rót í katólskum sið

Jafnvel enn merkari er hinn patínudúkurinn. Sá er sagður úr rauðu ullarefni, hvítt klæði að neðan, kögur utanum með vír-



Stjaki úr látúni, líklega eitthvað bilaður, frá fyrri hluta 18. aldar.

dregnum silkiskúfum, en aðeins einn skúfanna var að lokum eftir. Ullarhliðin sem upp snýr er sett saman úr fjórum pjötlum. Til hliðanna er saumað blómskreyti en í miðju að ofan fangamark Krists, i h s (Iesus Hominum Salvator = Jesús frelsari manna) og að neðan fangamark Maríu, ma með striki yfir. Dúksins er fyrst getið í kirkjuheimildunum árið 1728, og hefur verið gerður úr krossi af ónýtum hökli. Líklegt er, segir Elsa E. Guðjónsson, að jurtaskrautið hafi þá verið saumað í dúkinn. Svo vill til að hökulsins sem dúkurinn er saumaður úr sér stað í heimildum aftur til 1659. Þá eru þrír höklar í Laufási, og er þessi talinn síðastur þeirra, orðinn gamall en „vel brúkanlegur, með slitnu fóðri“. Trúlegt er því að þessi hökull sé kominn í Laufás fyrir siðaskipti. Benda fangamörkin til þess, því þótt Maríu guðsmóður væri sýnd full virðing á fyrstu öldum lútersku var hún engan veginn jafnsett nánast Kristi sjálfum, einsog lesa má úr hökulleifunum á patínudúknum.

Ekki eru heimildir um mál á patínudúkunum tveimur en slíkir dúkar eru jafnan milli 12 og 20 cm á hverja hlið.

Ósk um aðstoð

Svo vel vill til að í fórum Harðar eru myndir af Laufáskirkjumunum, líklega teknar á árabilinu 1975–80, þar á meðal af þeim munum fimm sem nú er saknað. Eru þær birtar hér með greininni. Þessar myndir eru einnig yngstu heimildir um tilvist munanna í Laufási.

Einsog áður segir vita menn ekki hvað hefur orðið um þessa muni. Ég hef talað við ekkjur tveggja síðustu presta í Laufási, og minnist hvorug þessara gripa. Þeirra virðist heldur ekki sjá stað í vísitasíum frá síðustu áratugum 20. aldar. Þeir hafa ekki fundist á þeim söfnum sem helst kæmu til greina.

Vel má þó vera að munirnir séu ennþá til. Ef til vill hafa þeir verið teknir úr kirkjunni eða af prestssetrinu til viðgerðar eða einhverskonar athugunar, og síðan dagað uppi í skáp eða hillu, jafnvel hjá erfingjum þeirra sem upphaflega komu við sögu. Munirnir gætu líka verið í öðrum kirkjum í nágrenninu. Hugsanlegt er að einhver afkomenda Gunnars og Þórunnar hafi fengið leyfi til að varðveita minningarskjöldinn þótt um það finnist ekki lengur skriflegar heimildir.

Við sem stöndum að útgáfu síðari Laufásbókar Harðar Ágústssonar biðjum því þá sem kynnu að vita um munina eða þekkja afdrif þeirra að hafa samband. Símanúmer mitt er 896 1385, og netfangið mordurarnason@simnet.is. Einnig má snúa sér til núverandi sóknarprests í Laufási, Bolla Péturs Bollasonar. Hvers konar upplýsingar skipta máli, og að sjálfsögðu er heitið trúnaði ef þess er óskað.


Þakklæti eiga þeir skilið sem geta veitt aðstoð, frá aðstandendum og vinum Harðar Ágústssonar, frá þeim sem annt er um íslenska menningarsögu og frá öllum þeim mörgu sem þykir vænt um Laufás og Laufásfólk fyrr og síðar.



Patínudúkur gerður úr gömlum hökulkrossi 1728, hökullinn líklega úr katólskum sið, með fangamörkum Krists og Maríu meyjar.



Minningarskjöldur Gunnars og Þórunnar frá árunum eftir 1828.



Patínudúkur frá Laufeyju Bjarnardóttur frá um 1875 til 1881. Munstrið kann að vera að fyrirsögn Sigurðar málara.



Postulínsdós fyrir eldspýtur. Kross, akkeri og hjarta á lokinu (= trú, von og kærleikur). Kom í Laufás skömmu fyrir 1883, stolið úr kirkjunni sumarið 1998.

ER KOMINN TÍMI Á
VIÐHALDIÐ!

Komum á staðinn og aðstoðum við kostnaðarmat án skuldbindinga.

ÁF-hús – *alhliða byggingaverktaki*

Áratuga reynsla!

Upplýsingar hjá Árna Geir Magnússyni, verkefnastjóra, í síma 690 6011 eða arni@afhus.is

ÁF HÚS
www.afhus.is



Áfram með smjörið
- vinnufundur evrópusinna

Sterkara Ísland boðar alla evrópusinna til skemmtilegs vinnufundar á Hótel Borg laugardaginn **28. ágúst kl. 10-14**. Ókeypis barnagæsla og léttur hádegisverður á 500 kr.

Stuttar framsögur og hugmyndavinna. Fundarstjóri verður Bergur Ebbi Benediktsson.

Nánari upplýsingar á **www.sterkaraisland.is**



SPIRAL-HÖNNUN verður með opna vinnustofu frá klukkan 13 til 22 í dag í Hafnargötu 2 í Reykjanesbæ í tilefni Ljósanætur. Spiral er hönnun Ingunnar Yngvadóttur og Írisar Jónsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor
XENA
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Fyrir útivistarfólk

Compeed plásturinn

- Hindrar blöðrumyndun – verndar fætur
- Vatnsheldur – vörn gegn bakteríum
- Dregur úr óþægindum og sársauka
- Gervihúð sem andar

Fæst í apótekum



Fyrir bústaðinn og heimilið
Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu mársteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727
www.nora.is - facebook.com/noraisland
Nóra



Kjóll úr smiðju Berglindar Sigurðardóttur sem Agnes keypti sér nýlega og er hæstánægð með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ævintýraleg rómantík

Agnes Amalía Kristjónsdóttir segist ekki fylgjast með tískunni í dag og vera stundum lummó. Vinnu sinnar vegna klæðir hún sig ýmist í þægileg æfingaföt eða skósíða galakjóla og glimmer.

„Ég vil vera vel tilhöfð og set á mig varalit og ilmvatn um leið og ég vakna," segir Agnes Amalía Kristjónsdóttir, söngkona og danskennari. Kjólinn sem hún klæðist á myndinni keypti hún fyrir tónleikana Íslenskar söngperlur í Dómkirkjunni á menningarnótt.

„Ég keypti hann hjá vinkonu minni Berglindi Sigurðardóttur hönnuði. Mér líkar vel við fötin hennar því þau eru rómantísk og smart og sniðin klæðileg. Ég á eftir að nota þennan kjól mikið. Til dæmis við svört há stígvél eða gullstígvélin mín. Gömul gul kápa passar líka vel við hann."

Þegar Agnes er beðin um að lýsa fatastíl sínum vefst henni ekki tunga um tönn og segist rómantísk, vistvæn og jafnvel ævintýraleg í fatavali. „Ég er mjög gjarnan svartklædd en tjalda þá kannski bleikum stígvélum, gullskóm eða litríkum klút við."

Agnes fullyrðir að engar gallabuxur finnist í fataskápnum hennar en þar megi rekast á reiðbuxur. Hún segist hafa gaman af því að klæða sig upp á þótt hún kjósi þægilegan fatnað. „Ég er ekki mikið fyrir að vera mjög fín og er yfirleitt komin úr hælunum undir borði. Það skiptir mig mjög miklu máli að fötin séu þægileg. Ég kenni daglega leikfimi, stott pilates og dans og er því í leikfimifötum alla daga," segir Agnes. Hún bregður sér þó í síðkjóla í hinni vinnunni sinni en hún syngur með Kammerkór Seltjarnarneskirkju.

„Föt skipta mig máli og hafa alltaf gert. Vinir og kunningjar vita af áhuga mínum á fötum og senda mér reglulega fatapoka frá sér til að gramsa í og endurnýta og það kann ég vel að meta. Á unglingsárunum átti ég til dæmis síða gamla pelsa, glimmerkjóla og samkvæmiskápur sem ömmur vinkvenna minna gáfu mér. Ég fylgist ekkert sérstaklega með tískunni í dag og er örugglega stundum lummó. En mér er ekki sama í hverju ég er."

heida@frettabladid.is

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
Svefn & heilsa
www.svefn.is
6 mánaða vaxtalausar greiðslur

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði
Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

TÍSKA

SKÓLADAGAR standa nú yfir í Kringlunni og hægt að fá allt fyrir skólann. Þeir sem versla á Skóladögum geta tekið þátt í lukkuleik þar sem hægt er að vinna 100.000 króna gjafakort.

















Kóngablár og svartur passa einstaklega vel saman en kóngablár er einn af litum haustsins 2010. Þetta er verk hönnuðarins Dimitri sem sýnt var á tískuvikunni í Berlín í janúar.



Hönnun Albertu Ferretti sem birtist í Mílanó í vor. Græni liturinn er tilvalinn í haust.

NORDICPHOTOS/AFP

Litir haustsins

Haustið er að ganga í garð og þá eru sumarfötin oftast lögð til hliðar og haustfötin dregin fram. Tískutímaritið InStyle valdi nokkra vinsælustu litina fyrir komandi haust. Litirnir tóku mið af sýningum haust- og vetrarlína nokkurra tískuhúsa og eru: kóngablár, gylltur, fjólublár, drapplitaður, smaragðsgrænn, hárauður og svart örþunnt efni.




Hárauður er eftirtektarverður litur og víst er að rauðklæddar konur verða lengi í minnum hafðar. Dolce & Gabbana sýndi þennan rauða kjól í febrúar.

Glitrandi gyllt er málmkenndi litur haustsins.

Drapplitað verður með á litapallíettu haustsins.



Slaufa, eða þverslaufa, er formlegt hálsklæði sem hnýtt er eftir kúnstarinnar reglum svo úr verði slaufa sem liggur á þverveginn. Þverslaufur eru mikið notaðar við smóking, en sumir nota þær þó daglega.



is.wikipedia.org



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Haust í lit

Haustið nálgast hratt og það er hálf dapurlegt að tala um vetrartískuna áður en sumri lýkur og ekki síður að sjá vetrartískuna síðan í júní í verslunum hér í borg eins og víðar hvort sem er í fínum eða ófínum verslunum.

Það væri lygi að segja að tískan sé frumleg og byltingarkennd þennan veturinn en það eru nú svo sem engin tíðindi frá því að kreppan skall á. Þannig er stíllinn víða mjög klassískur, talað um „klassisima“ sem lykilorð. Flíkinni er ætlað að vera óaðfinnanlega sniðin en með ekki of mörgum smáatriðum sem tengja hana samtímanum og lifa þannig kannski lengur en einn vetur. Innkaup hvort sem þau eru nauðsynleg eða ekki eiga að vera skynsamleg. Neyslan hefur gjörbreyst með kreppunni og meira að segja þeir sem geta leyft sér að eyða miklu gera það með öðrum hætti en áður hefur þekkst. Mér segir svo hugur að þessi lífsháttur muni ekki breytast hratt með bættum efnahag. Þeir óstýrilátustu í tískunni eins og Riccardo Tisci hjá Givenchy til dæmis eru þægari í vetur en áður. Alltaf eru þó einhverjar nýjungar sem vert er að skoða en yfirleitt eitthvað sem áður hefur sést. Í fyrra sáust slár í vetrartískunni en nú er varla sá hönnuður sem ekki býður upp á eins og eina og er það góð tilbreyting frá vetrarkápunni. Slárnar eru misjafnlega þykkar, ekki allar sérstaklega góðar fyrir frost og byl (Paule Ka). Pilsin eru há í mittið í vetur sem á vel við kröfuna um hið óaðfinnanlega snið. Minnir mjög á Joan Crawford eða Audrey Hepburn í Dior. Stuttbuxur úr leðri eru nokkuð áberandi í vetur sem auvitað þarf að nota með þykkum sokkabuxum og háum stígvélum. Stíllinn er mjög kvenlegur og varir eiga að vera eldrauðar til að fullkomna þetta Hollywood-útlit.

Góðu fréttirnar eru þær að tískan er litskrúðug samanborið við síðasta vetur þegar varla sást annar litur en svart og dökkblátt og hönnuðir virtust allir vera þjáðir af kreppuþunglyndi og kröfum fjárfesta um að skila hagnaði. Svart er áberandi eins og alltaf í vetrartískunni, mikið um grátt og jafnvel súkkulaðibrúnt en nú eru litirnir samt sterkir í bland. Í vetur sést rautt í ýmsum útgáfum eins og hjá Lanvin og sumir blanda bleikum lit eins og fúshía saman við (Valentino) og nota rautt og bleikt saman að hætti YSL. Áhrifa í vetur gætir frá ´50-´60 en einnig frá 1990 en tískan frá árunum ´80 er klárlega á útleið.

Í vetur má einnig tala um síðustu tískulínur nokkurra hönnuða í verslunum, þá síðustu sem Alexander McQueen hafði að mestu leyti klárað fyrir dauða sinn í febrúar og svo síðasta tískulína Jean-Paul Gaultier fyrir Hermès þar sem hann lét af störfum í sumar og ætlar nú að einbeita sér eingöngu að sínu eigin tískuhúsi.

bergb75@free.fr



Hanbok er hefðbundinn kóreskur búningur. NORDICPHOTOS/AFP

Hanbok hafmeyjur

Í Seúl í Kóreu fór fram neðansjávartískusýning á dögunum.

Sýningarstúlkurnar sem syntu um á neðansjávartískusýningunni í Seúl sem fram fór um síðustu helgi minntu helst á ævintýralegar hafmeyjur. Þær voru allar klæddar í hanbok sem er þjóðlegur kóreskur búningur.

Það var hönnuðurinn Park Sul-Nyeo sem átti heiðurinn af kjólunum.

- eö



Sýningarstúlkurnar minntu helst á hafmeyjur þar sem þær syntu um.



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...



12 vikna námskeið fyrir stráka og stelpur 16 ára og eldri!

Innritun hafin í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

Studio 1 – Námskeið fyrir byrjendur
MOVE LIKE A DANCER…
Langar þig að læra að hreyfa þig og komast í gott líkamlegt form?
- Spennandi og skemmtilegt 12 vikna jazzdans og púlnámskeið fyrir stráka og stelpur 16 ára og eldri.
- Kennt er í lokuðum hóp á mánudögum og fimmtudögum kl.19:25.
- Kennarar eru Inga Sjöfn Sverrisdóttir og Irma Gunnarsdóttir.

Studio 2 – Námskeið fyrir lengra komna
MUSICAL JAZZ – LYRICAL JAZZ – COMMERCIAL JAZZ
Leynist jazzdansari í þér? Varst þú í jazzballett og langar að byrja aftur? Nú er tækifærið!
- 12 vikna jazzballettnámskeið fyrir lengra komna þar sem ýmsir dansstílar eru kynntir til sögunnar.
- Kennt er í lokuðum hóp á mánudögum kl. 20:40 og fimmtudögum kl. 20:30.
- Kennarar eru Arna Sif Gunnarsdóttir og Inga Sjöfn Sverrrisdóttir.

Námskeið hefjast 6.september! Skráning í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is Frjáls aðgangur að tækjasal fylgir. Verð: 29.900 kr.



Nýtt! STUDIOKORT
Árskort sem gildir á öll dansnámskeið í Dansstudioi JSB. Kortið veitir einnig frjálsan aðgang að tækjasal JSB.
Verð: 56.900 kr.

Vertu með í haust!

DANSLISTARSKÓLI JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is


EFLIR ehf. / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

September
*Zumba
PoleFitness
*Tap dance
Magadans
Bollywood
www.magadans.is
S: 772 2345



Woodex á Íslandi frá árinu 1977.
Löngu landsþekkt fyrir endingu og gæði.
WOODEX
TEKNOS Síðumúla 34 • www.teknos.com • Sími 517 1500

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 27. ágúst n.k.
Ökur- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



Tækifæristíska

Úrval meðgöngufatnaðar er sífellt að aukast hér á landi og ekki lengur neitt mál að fylgja tískunni með barn undir belti.

Þeim verslunum sem selja meðgöngufatnað hefur fjölgað mikið á síðustu árum og auðvelt að finna fallegar flíkur til að klæðast á meðan borðað er fyrir tvo.

Margar konur vilja ekki eyða miklu í meðgönguföt þar sem þær telja sig ekki geta notað þau nema í 9 mánuði en flestar flíkurnar koma sér líka virkilega vel fyrstu mánuðina eftir fæðingu. Meðgöngugallabuxur eru til dæmis eitthvað sem er gott að eiga á meðan líkaminn er að jafna sig og ekki er möguleiki að nota gömlu gallabuxurnar.

Hér má sjá brot af því sem boðið er upp á í þeim verslunum sem selja meðgöngufatnað.

emilia@frettabladid.is



Tvö líf.
Toppur 7.990 kr.
Nærbuxur 2.990 kr.
Sett 9.990 kr.

Tvö líf.
17.900 kr.

Benetton.
12.495 kr.

Tvö líf.
Peysujakki 12.500 kr. Belti 3.900 kr.

NÝJAR HAUST-VÖRUR
20% kynningar-afsláttur
• Skokkar st. 38–50
• Mussur
• Peysur
• Kápur
• Buxur
Ótrúlegt úrval
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201


Skór úr nýjustu línu Vivienne Westwood.

200 skópör Westwood

Sýning á skópörum Vivienne Westwood stendur yfir í London.

Tískuaðdáendur sem hyggja á ferð til London næstu vikurnar ættu að plana ferð á merkilega sýningu sem stendur yfir í verslunarhúsnæði Selfridges. Þar opnaði í gær sýning á yfir 200 skópörum sem Vivienne Westwood hannaði á árunum 1973 til dagsins í dag.

Sýningin stendur yfir í tæpan mánuð og lýkur 22. september. Meðal þeirra skópara sem fyrirfinnast á sýningunni eru skórnir frægu sem komu Naomi Campbell í heimsfréttirnar árið 1993 þegar hún hrasaði á þeim á sýningarpalli, enda voru hælarnir á þeim afar háir.

- jma

Tefal
20% afsláttur
FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
Margar stærðir og gerðir

AEG LAVAMAT 52840
AEG þvottavél
1200 snúninga · Tekur 6 kg · Öll þvottakerfi
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
LISTAVERÐ: 129.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-

LOKADAGAR SPARIDAGA....!

ÞÚ SPARAR 80.000,-
· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
· AEG VEGGHÁFUR [DK 3160-M]
LISTAVERÐ: 289.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 209.900,-
3 TÆKI Í PAKKA TILBOÐ
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

Nintendo Wii
SPORT RESORTS OG MOTION+ FYLGIR FRÍTT MEÐ
Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
SPARIDAGAVERÐ: 39.900

SPARI DAGAR 2010
Sparidagar Ormsson í 10 ár
GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ
ORMSSON
Umboðsmenn um land allt!
LÁGMÚLA 8 · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 26. ÁGÚST 2010



FATASKÁPAR!
• Margar viðartegundir og litir.
• Mikið úrval á lager - skammur afgreiðslufrestur
• Rennihurðir smíðaðar eftir máli
• Íslensk framleiðsla á góðu verði!
Allar nánari upplýsingar í síma 535 4300
AXIS
75 ÁRA 1935-2010
Smiðjuvegur 9 • 200 Kópavogur • Sími 535 4300 • Fax 535 4301
Netfang axis@axis.is • Heimasíða www.axis
maggi@12og3.is 174.019



Stórkostlegt sjónarspil bíður þeirra sem halda að Jökulsárlóni á laugardagskvöldið. MYND/RUNÓLFUR HAUKSSON


● FLUGELDASÝNING Á JÖKULSÁRLÓNI Ísjakarnir í Jökulsárlóni munu lýsast upp í mörgum litum á laugardagskvöldið þegar Björgunarfélag Hornafjarðar og ferðaþjónustan við Jökulsárlón standa fyrir flugeldasýningu.

„Þessi sýning á uppruna að rekja til uppskeruhátíðar starfsfólksins hér við Jökulsárlón sem vatt upp á sig," segir Ágúst Elvarsson hjá ferðaþjónustunni við Jökulsárlón sem lætur sig ekki vanta á flugeldasýninguna enda segir hann upplifunina óviðjafnanlega. „Þeir sem hafa ekki prófað verða að gera það, þetta er það flottasta sem maður sér."

Nokkur undirbúningur er fyrir sýninguna en á laugardaginn fara menn á gúmmíbáti um lónið og raða 150 friðarkertum á jakana. Um kvöldið er kveikt á kertunum og síðan skotið upp flugeldum af tveimur bátum milli þess sem siglt er milli jakanna og kveikt í tertum.

Þetta verður ellefta árið í röð sem flugeldasýningin er haldin en hún hefst klukkan 23 og stendur í 20 til 30 mínútur. Aðgangseyrir er þúsund krónur en frítt fyrir tólf ára og yngri. Allur ágóði rennur til Björgunarsveitar Hornafjarðar. - sg

● HAUSTMARKAÐUR Á ÁRBÆJARSAFNI Frítt verður inn á Árbæjarsafnið sunnudaginn 29. ágúst í tilefni af árlegum haustmarkaði sem þar verður haldinn. Þangað getur fólk komið með grænmeti, sultur, handverk eða annað skemmtilegt og selt á markaðnum og kostar ekkert að vera með. Árbæjarsafn býður upp á aðstöðu á torginu en fólk verður sjálft að koma með borð, stóla, tjald eða það sem hverjum hentar.



Fólk sem hyggur á að selja muni á markaðnum er vinsamlega beðið að senda póst á minjasafn@reykjavík.is eða hringja í síma 411 6320.

● NÝTT JÓGASTÚDÍÓ Jógastúdíóið Hateshwari Mata Yoga Sansthan opnaði nýverið að Skúlagötu 32. Aðalkennarinn er Bharat Bhushan sem hefur mikla reynslu af kennslu í Ashtanga Vinyasi jóga frá Mysore á Indlandi. Eigandi stúdíósins er Auður Halldórsdóttir áhugamaður um Indland og jóga, en lítil verslun með indverskar vörur er í anddyri stúdíósins.

Nánari upplýsingar er að finna á www.yoga-sansthan.is.







Garðurinn minnir á garð fyrsta lyfjafræðingsins Björns sem ræktaði 20 tegundir matjurta, auk lækningajurta að Nesi á átjándu öld.

Til næringar og heilsubótar

Urtagarður með safni jurta sem ýmist gegndu hlutverki í lækningum eða voru nýttar til næringar á tímabilinu 1760 til 1834 var opnaður nýverið að Nesi við Seltjörn.

Það verður að teljast áskorun að setja niður arfa og fífla í garð en hvort tveggja eru lækningajurtir og eiga því heima í Urtagarðinum við Nesstofu á Seltjarnarnesi. Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, safnstjóri Lækningaminjasafns Íslands, segir garðinn stofnaðan í minningu þriggja manna sem tengdu saman ræktun og heilsubót í lífi og starfi: Bjarna Pálssonar landlæknis, Hans Georgs Schierbeck landlæknis og stofnanda Garðyrkjufélags Íslands og Björns Jónssonar lyfsala. „Garðurinn er sameiginlegt áhugamál og verk margra en hugmyndin kom frá Garðyrkjufélagi Íslands sem er 125 ára á þessu ári. Landlæknisembættið er 250 ára og í stað þess að reisa styttur var ráðist í að búa til svona garð," segir hún.

Nes er einn af fáum stöðum á höfuðborgarsvæðinu sem hefur enn sama yfirbragð og fyrir um 250 árum, þegar Bjarni Pálsson, fyrsti landlæknir Íslands, bjó þar. Nú hefur verið fyllt inn í þá mynd með Urtagarðinum sem minnir á garð Björns Jónssonar lyfsala sem var með stóran matjurtagarð sunnan undir húsinu í Nesi.

Í Urtagarðinum er að finna 130 tegundir plantna, þar af 70 úr íslenskri flóru. Kristín Einarsdóttir, forstöðumaður Lyfjafræðisafnsins, segir lyfjafræði byggða á jurtum. „Fyrsta stóra danska oplækningalyfjaskráin, sem gefin var út árið 1772, innbera skráin um lyf er frá 1760 og þær plöntur sem ekki eru íslenskar völdum við úr þeirri lyfjaskrá." Hún segir nútímafólk gjarnan nota eina og eina jurt í te en á fyrri öldum hafi meira verið gert af því að blanda þeim saman. „Munurinn á alþýðunni og þeim sem voru lærðir var sá að lyfjafræðingarnir höfðu vogir og pressur og önnur áhöld og um leið og efnafræðiþekkingunni fleygði fram fóru þeir að finna út hvert virka efnið væri í hverri plöntu," segir Kristín.

Þær stöllur segja garðinn tilgátugarð og að auðvelt sé að skipta út tegundum. „Hingað koma vafalaust fræðingar með tillögur að plöntum sem eigi erindi hingað umfram einhverjar sem eru hér nú," segir Kristín. „Þá er alltaf möguleiki að verða við óskunum." - gun



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, safnstjóri Lækningaminjasafns Íslands, og Kristín Einarsdóttir, forstöðumaður Lyfjafræðisafnsins, segja Urtagarðinn vera tilgátugarð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Rósanýpur eru C-vítamínríkar. Þessi Örtræsrós ber blóm og nýpur á sama tíma.




Fingurbjargarblómið er innflutt. Það er eitrað en þó er unnið úr því efni í milligrammavís sem notað er í lyf við hjartabilun.



Skarfakálið er sú jurt sem hvað best þótti við skyrbjúg, sjúkdómi sem stafaði af C-vítamínskorti.

Íslenskt hugvit

– okkar hagur!



Veljum íslenskt!

Samtök iðnaðarins - www.si.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08–2133



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


Gömlu fiskvinnsluhúsin á Siglufirði hafa gengið í endurnýjun lífdaga og draga nú ferðalanga sem heimamenn að, enda stásslega fögur með nýtt hlutverk, ósvikinn Siglósjarma og sannkölluð bæjarprýði við gömlu smábátahöfnina. MYND/SIGRÍÐUR MARÍA RÓBERTSDÓTTIR


Svona litu gömlu fisvinnsluhúsin út fyrir andlitslyftingu.


Götumynd með endurgerðu fiskvinnsluhúsunum.

Kaffisopi hjá Hannesi Boy

Á Siglufirði fer nú hamförum leynifélagið Rauðka sem á heiðurinn af ægifögrum, litríkum húsum við svalan sæinn.

„Að hlúa að þessum húsum og gefa þeim nýtt líf hefur verið bæði skemmtileg og gefandi vinna, og hún gerir mikið fyrir Siglufjörð. Maður finnur að bæjarbúar kunna vel að meta þessa andlitslyftingu og þessi nýja ásýnd bæjarins hefur smitað út frá sér því Siglfirðingar eru margir farnir að flikka upp á hús sín. Sömuleiðis hefur miðbærinn gengið í gegnum mikla endurnýjun, þannig að mjög aðlaðandi er að koma inn í Siglufjörð," segir Finnur Yngvi Kristinsson verkefnastjóri Rauðku, sem hefur veg og vanda af stórglæsilegri endurgerð gömlu fiskvinnsluhúsanna við smábátahöfnina á Siglufirði, en norrænn byggingarstíll var hafður til hliðsjónar á húsunum sem endurbyggð eru á gömlu grind sinni.

„Rauðka var stofnuð í ágúst 2007 í því augnamiði að kaupa og gera upp gömul og niðurnídd hús í bænum. Að baki Rauðku standa örfáir einstaklingar sem ekki vilja láta nafn síns getið, en langaði að láta gott af sér leiða og gefa til baka til bæjarfélagsins. Þeir vildu halda gömlu bæjarmyndinni heilsteyptri og fagurri, og endurgera húsin þannig að þau samræmist vel umhverfi sínu og gömlu ímynd Siglufjarðar sem síldarbæs. Hvarvetna má finna anda liðinnar tíðar og víst að landsmenn koma ekki á sambærilega staði annars staðar á landinu," segir Finnur og vísar meðal annars til Hannesar Boy Cafés þar sem húsmunir líkjast síldartunnum og öðrum viðeigandi efnivið.

„Þessir gömlu og niðurgrotnandi bárujárnshjallar voru orðnir til mikillar óprýði fyrir bæinn, en við höfum nú þegar tekið tvo þeirra í gegn. Sá guli geymir kaffihúsið Hannes Boy Café sem við nefndum svo til að heiðra minningu samnefnds siglfirsks sjóara sem sat þarna oft fyrir utan og var í miklu uppáhaldi hjá bæjarbúum og í hinum, þeim bláa, hefur verið útbúin upplýsinga- og þjónustumiðstöð, lítil sjoppa og gallerí fyrir listsýningar," segir Finnur sem um þessar mundir er í startholunum vegna endurbyggingar þriðja hússins, þess rauða, sem opna á sem kaffihús og fleira næsta sumar. Að auki hefur Rauðka endurgert allt umhverfi í kringum smábátahöfnina.


Finnur Yngvi Kristinsson við reykvísku smábátahöfnina að kynna sér breytingar sem þar hafa átt sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Víst eru þetta dýrar framkvæmdir og stórar, en umfram allt ánægjulegar. Þegar hafa farið 200 milljónir í uppbyggingu fyrstu húsanna og áætlað að 150 milljónir kosti að gera rauðu húsin upp. Þá vill Rauðka reisa hótel innan við smábátahöfnina á næstu árum, sem gæti kostað 800 milljónir og mun öll hönnun taka sama mið af gamla tímanum." - þlg





Leikur að bragðinu

Ólafur Jónsson, matreiðslumaður hjá Ferðaþjónustunni að Hólum í Hjaltadal, reynir að nota hráefni úr nánasta umhverfi við matargerð sína.

„Ég er til dæmis með afar vinsæla hvannarsúpu. Skógurinn hér er svo með ótal tegundir af sveppum sem eru afar vinsælir í súpur og ýmsa rétti. Síðan bý ég til mitt eigið krydd á lambakjötið úr jurtum í skóginum."

Inntur eftir því af hverju Ólafur nýti jurtir úr nágrenninu við matargerðina segir hann: „Það er svona leikur að bragði. Ég er ákveðinn byrjandi hér í Skagafirði með verkefnið matur úr héraði. Við skuldbindum okkur hér til að nota heimafengið hráefni í alla þá rétti sem við getum."



Ólafur segir rétti úr heimafengnu hráefni vinsæla og að fólk komi víða að til að gæða sér á þeim.

„Við höfum fengið fólk sem gistir á Akureyri og kemur hingað í kvöldverð og fer svo til baka. Það er ákveðinn bónus." - mmf



● LÍFRÆNT GRÆNMETI Í SKAFTHOLTI Opinn dagur verður í Skaftholti í Gnúpverjahreppi laugardaginn 28. ágúst frá klukkan 14 til 17. Þar verður einnig lífrænn grænmetismarkaður og veitingasala.

Skaftholt er heimili og vinnustaður þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín í sátt við lífið og náttúruna. Skaftholt var stofnað 1980 með það að markmiði að opna þroskaheftum, og öðrum sem þurfa verndað umhverfi, tækifæri til að takast á við líf og starf sem þroskar hvern og einn í samræmi við getu og hæfileika. Í Skaftholti búa um tuttugu manns. Verkefnið er sameiginlegt; að rækta líf og starf í sameiningu eftir bestu getu hvers og eins, öllum til þroska.

● NÝIR SPILASTOKKAR Fjórir nýir stokkar bættust við spilið Spurt að leikslokum í maí. Einn er fyrir 7-12 ára, annar fyrir áhugamenn um HM í fótbolta, sá þriðji er um popp, dægurmál og afþreyingu og sá fjórði með spurningum úr öllum áttum. Nýju spilin eru minni í sniðum en hvert spil hefur að geyma einn spurningastokk og nóg af spilaspjöldum. Stokkana er hægt að spila eina og sér eða nota með Spurt að leikslokum. Spurt að leikslokum kom út sumarið 2009. Í spilinu eru 1.620 spurningar sem er skipt í sex flokka. Allt að tólf leikmenn geta spilað í senn. Höfundar spilsins eru þeir Ölvir Gíslason og Steinþór Steingrímsson.



● FYRSTU FJÁRRÉTTIRNAR UM HELGINA Bændasamtökin hafa tekið saman lista yfir helstu fjárréttir og stóðréttir á landinu á komandi hausti. Fyrsta fjárrétt haustsins verður nú á sunnudaginn 29. ágúst en það er Baldursheimsrétt í S-Þingeyjarsýslu. Fyrsta stóðrétt ársins er hins vegar Miðfjarðarrétt í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu laugardaginn 4. september. Þá verður fyrst réttað í landnámi Ingólfs í Þórkötlustaðarétt í Grindavík og er hún laugardaginn 18. september klukkan 14.

Lista yfir réttirnar má finna á vefsíðunni www.bondi.is



Nýtt fréttablað í Barðastrandarsýslu

Nýtt fréttablað verður gefið út í Vestur-Barðastrandarsýslu frá og með næstu mánaðamótum. Blaðið hefur fengið nafnið Fjörðurinn sem vísar til fjarðanna Arnarfjarðar, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar. Blaðinu verður dreift á Bíldudal, Patreksfirði, Tálknafirði og í nágrannasveitum.

„Markmiðið er að flytja fréttir af svæðinu en auk þess verðum við með pistil, matgæðing sem gefur uppskrift og umfjöllun um fyrirtæki á svæðinu. Þá verður boðið upp á fríar smáauglýsingar fyrir lesendur auk þess sem þegar virðist áhugi fyrir því að fá að birta ljóð í blaðinu," segir ritstjórinn Sverrir Júlíusson. Blaðinu verður dreift frítt og er gert ráð fyrir að það komi út tvisvar í mánuði. „Við byrjum með átta síður en svo er aldrei að vita nema blaðið komi til með að stækka."

Sverrir er ekki ókunnur fjölmiðlum en hann hefur starfað á útvarpsstöðvunum Alfa, Stjörnunni, Bylgjunni, Aðalstöðinni og X-inu. Þá heldur Sverrir úti síðunum sportfrettir.is og skrudhamar.is ásamt því að gefa út Grafarholtspóstinn einu sinni í mánuði. „Ég hef verið að vinna hér á Vesturlandi að undanförnu og kom til Tálknafjarðar fyrir tveimur vikum. Ég fór fljótlega að kynna mér hvort ekki væri gefið út blað á staðnum en komst að því að svo var ekki og ákvað að slá til."



Ritstjórinn Sverrir Júlíusson hefur starfað í útvarpi og við aðra fjölmiðla.

ÚTSALA

ÖLL REIÐHJÓL Í VERSLUN MEÐ 20-30% AFSLÆTTI





Bronco Windsor
Verð 49.900 Útsala 39.920



Bronco Elegance
Verð 59.900 Útsala 41.930

Norco Rainbow 12"
Verð 19.900 Útsala 15.920



Bronco 240
Verð 43.900 Útsala 30.730



Giant Boulder
Verð 65.900 Útsala 52.720


Verkstæði og varahlutir í miklu úrvali.

MARKIÐ

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Fullt af golfdóti, frábært verð

20 % afsláttur af golffatnaði



Barna- og unglingagolfsett
í standpoka frá 19.900
Stakar kylfur frá 3.900
Driver 5.500
hanskar, pokar og kerrur.





Rescue kylfur og driverar
verð frá aðeins 7.900
Driverar dömu frá 8.900
John Letters Driver 27.900
Nýr Hippo XXL Driver 22.900

HI-TEC



Golfskór
Verð frá 10.900
Hi-tec frá 12.900
Hi-tec unglinga 10.500



Golfkerrur frá 6.990
Þriggja hjóla kerrur frá 18.500
Tri Cart á mynd 19.900
Clicgear 42.900



Rafmagnsgolfkerra
Powerhouse Freedom frá Bretlandi, 28 AH geymir 69.900

JOHN LETTERS

John Letters
Golfsett, stakar kylfur, pokar og fleira frá þessum þekkta framleiðanda.
Standpokar 12.900
Kerrupokar 24.900



Golfsett í poka 10% afsl.
Heilt sett karla og kvenna frá 44.550
Hálft sett í poka frá 24.750

Golfboltar á góðu verði
Teitleist, Nike, Pinacle, Wilson o.fl.
Verð 15 stk. frá 2.490

Almennur opnunartími virka daga 11 til 18

Golf Outlet

Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800 • www.golfoutlet.is

Íslenskar værðarvoðir

Ýmissa grasa gætir í íslenskum ullarvörum og eru stórar og notalegar værðarvoðir þar engin undantekning. Bæði njóta gömlu góðu Álafossteppin stöðugra vinsælda og svo hafa þekktir hönnuðir hérlendis lagt fyrir sig hönnun á heimilisteppum og hafa þau selst afar vel. Þannig eru teppi Lindu Bjargar Árnadóttur, sem hún hannar undir eigin merki, Scintilla, uppseld en væntanleg í verslanir fyrir jól.

-jma



Vefurinn litlubudirnar.is varð til fyrir hálfu ári. Tilgangurinn með vefnum er að selja vörur handverksmanna og þeirra sem búa til lyf og náttúruvörur úr íslensku hráefni en þýsk útgáfa af vefnum er rétt handan við hornið. Þetta teppi er heklað úr tvöföldum plötulopa af Ágústu Þorvaldsdóttur og er meðal þess sem hægt að kaupa á vefnum.

Álafossteppin hafa alltaf notið mikilla vinsælda. Ullarvinnslan í Mosfellsbæ hefur starfar samfleytt frá árinu 1896 en Ístex tók við starfseminni árið 1991. Teppin fást í ýmsum verslunum víða um land en sölustaði má finna á heimasíðu Ístex, istex.is.

Marý vöruhönnuður hannaði svokallað Dyggðateppi fyrir nokkrum árum en hugmyndin er sótt til íslenskra dyggðaklæða frá 18. öld. Teppið er vélprjónað úr íslenskri ull, fáanlegt í þremur litum og fæst meðal annars í Safnverslun Þjóðminjasafnsins, Birkiland.com og í Sirku á Akureyri.

Linda Björg Árnadóttir fatahönnuður hannar textílvörur fyrir heimilið undir eigin merki, Scintilla, en nýlega var sagt frá því að hönnun Lindu, rúmteppi, gardínur, rúmteppi og fleira, yrði notuð á lúxushóteli í Dúbaí. Teppið er úr þeirri línu og er væntanlegt í verslanirnar Kraum, Aurum og Mýrina í Kringlunni.

FRÍTT ZUMBA
MARAÞON fitness
NORDICASPA
OG
OPIÐ HÚS
Föstudaginn 27. ágúst kl. 17–20
Komdu og prófaðu!
Einföld spor –
allir geta verið með
Gestakennari:
Taina Grimstad frá Danmörku
ZUMBA-maraþonið hefst kl. 17.30
Frábær tilboð á árskortum og annarri þjónustu
Hlökkum til að sjá ykkur!
NORDICASPA
www.nordicaspa - sími 444 5090 - nordicaspa@nordicaspa.is



My Pressuse er heiti á nælum eða klemmum úr hreindýrshorni sem væntanlegar eru á markaðinn frá Hönnu í haust.



„Þéttsetrið er afdrep sem leikur við nánd einstaklinga," segir Hanna um bekk sem hún vann úr saltfiskgrindum.

Sækir efni í heimahagana

Vöruhönnuðurinn Hanna Jónsdóttir lærði sitt fag við The Design Academy Eindhoven í Hollandi. Hún er ættuð úr Suðursveit og vinnur með efnivið úr heimahögunum.

„Ég er að vinna að nýrri tegund af nælum eða klemmum úr hreindýrshornum og við sem ég kalla My pressuse," útskýrir Hanna Jónsdóttir vöruhönnuður en nælurnar sýnir hún á hönnunarýningunni Náttúran í hönnun í Ljósafossvirkjun, sem lýkur nú á laugardaginn. „Ég framleiði nælurnar sjálf en þær eru handunnar. Ég reikna svo með að þær komi á markaðinn með haustinu."

Hanna er uppalin í Suðursveit og kom sér upp vinnustofu í gamalli verbúð á Höfn í Hornafirði þegar hún kom heim úr námi fyrir einu og hálfu ári. Með haustinu ætlar hún að flytja sig til Reykjavíkur en hún sækir bæði innblástur og efnivið í heimahagana.

„Mér hefur alltaf fundist hreindýrshorn spennnadi. Horn er sterkt og gott efni að vinna úr og þekktur efniviður í handverki. Ég vildi hins vegar gera það óþekkjanlegra og nota það sem hráefni frekar en vinna sérstaklega með það sem horn."

Rekaviður hefur einnig verið Hönnu hugleikinn en á ferðum sínum um fjöruna rekst hún gjarnan á nýtilegt hráefni. Eins hefur Hanna steypt skálar í postulín út frá formum sem fundust í fjörunni. „Hugmyndirnar vinda gjarnan upp á sig. Ég gerði postulínsskálarnar úr flothringjum sem ég sagaði niður og bjó til skúlptúr úr þeim og leir, tók svo mót af því. Þá er alveg óþekkjanlegt hvaðan formið kom í byrjun."

Hillan Skálatindur og kollurinn Koll af kolli eru afrakstur þátttöku Hönnu í verkefni á vegum Eyjólfs í Epal. Þar var unnið með íslenskt hráefni, birki og lerki og frumgerðirnar smíðaðar á Austurlandi. Hanna segir það mikilvægt að geta framleitt vörur hér á landi.

„Það hentar ekki öllum að senda teikningar til Kína og fá síðan eitthvað til baka. Ég vil vera með hendurnar í ferlinu. Geta farið á staðinn og séð hvernig varan er framleidd."

Nánar má forvitnast um verk Hönnu á heimasíðunni, www.hannajonsdottir.com. - rat



Hanna Jónsdóttir með afa sínum Ingimar Bjarnasyni á vinnustofunni á Höfn

MYND/RÓSLÍN ALMA VALDIMARSDÓTTIR



Von er á Kolli af kolli á markaðinn í vetur en hann er úr íslensku birki.

Jógúrtísinn sækir í sig veðrið

Jógúrtís eða Frozen Yogurt, sem kom fyrst fram á sjónarsviðið í Bandaríkjunum árið 1965, hefur verið að ryðja sér til rúms á ný þar í landi síðustu ár og hefur fjöldi jógúrtísbúða og -keðja skotið upp kollinum. Nýr jógúrtís er nú fáanlegur í Ísbúðinni Álfheimum 2-4.


„Ísinn er sérframleiddur af Emmessís fyrir búðina. Hann er seldur undir vörumerkinu FroYo og fæst með fjölda bragðtegunda," segir Kristinn I. Sigurjónsson eigandi Ísbúðarinnar í Álfheimum. Hann segir vaxandi áhuga á hollustu og fersku mataræði skýra vinsældir íssins vestanhafs en þar er jógúrtísinn hugsaður sem hollur og spennandi skyndibiti. „Jógúrtís er fitulítill auk þess sem leitast er við að halda notkun á hvítum sykri í lágmarki. Þá er boðið upp á hollara meðlæti en með hefðbundnum ís eins og ávexti, hnetur, og granola svo dæmi séu nefnd. Ísinn okkar er ýmist með 1 eða 3,5 prósent fituinnihaldi," segir Kristinn.



Jógúrtísinn er girnilegur á að líta.

Björn Gunnarsson, vöruþróunarstjóri MS, segir kosti jógúrtíss liggja í því að jógúrtin er sýrð með mjólkursýrugerlum sem hafa jákvæð áhrif á meltingastarfsemina. Hann segir ísinn auk þess næringaríkan og innihalda prótein, kalk, B-vítamín og steinefni í ríkum mæli. - ve


Til hamingju Björn!
Það er engin tilviljun að
sigurvegararnir nota asics
Björn Margeirsson,
sigurvegari í Reykjavíkurmaraþoni 2010
anima sana in corpore sano
heilbrigð sál í hraustum líkama
asics
sound mind, sound body
Endursöluaðilar:
Intersport - Útilíf - Flexor - Stoð - Fjölsport - Ozone - Efnalaug Suðurlands - Sportver Akureyri - Tískuhúsið Sauðárkróki
- Fjarðasport Neskaupstað- Skóbúð Húsavíkur - Hafnarbúðin - Sportbúð Óskars - Skógar - Axel Ó. - Siglósport - Veiðiflugan Reyðarfirði.



Sex þátttakendur fá hvatningarverðlaun í lok Hugmyndasmiðjunnar sem Hugmyndahús háskólanna stendur fyrir.

Hugmynda-smiðjan 2010

Hugmyndahús háskólanna hleypir svokallaðri Hugmyndasmiðju 2010 af stokkunum nú í september. Verkefnið er hugsað fyrir þá sem langar að koma hugmynd að vöru eða þjónustu í framkvæmd á sviði skapandi greina, tækni, vísinda eða viðskipta. Hugmyndasmiðjan hefst 2. september og stendur í sex vikur þar sem fyrirlestrar verða haldnir á fimmtudögum og vinnusmiðjur á laugardögum. Í lokin fá sex þátttakendur hvatningarverðlaun að upphæð 500.000 krónur og eru verðlaunin veitt þeim sem þykja hafa unnið best úr hugmynd sinni. Ekki er greitt fyrir þátttöku í Hugmyndasmiðjunni en umsóknum þarf að skila rafrænt á hugmyndahus.is og er takmarkað sætaframboð. *- jma*



● MEÐ KEIM AF ÍSLANDI Fjallagrasasnafs sem fram á síðasta ár hefur aðeins fengist í Leifsstöð er nú seldur í Vínbúð og á börum og veitingahúsum í miðbæ Reykjavíkur. Íslenska þjóðin hefur notað fjallagrös frá landnámi að talið er, bæði til matargerðar og lækninga. Árið 1993 var farið að framleiða snafs með því að láta möluð grös liggja í spírablöndu sem leysir upp og dregur í sig líffræðilega virk efni úr þeim og gefur drykknum sérstakan lit og bragð. Heil fjallagrös eru svo sett ofan í flöskuna til prýði.



● NÝTT NAN BRAUÐ Á MARKAÐ Veitingahúsið Tandoori í Skeifunni hefur sett á markað nýlega tvær tegundir af Nan brauðum, venjulegt og með hvítlauk. Brauðin eru bökuð í ekta Tandoori ofni við 400 gráðu hita en þau eru handgerð og án allra aukefna. Þau hafa notið nokkurra vinsælda en von er á fleiri tegundum í verslanir bráðlega.




● ÚTIKAFFIHÚS KVENNASKÓLANS Við ákváðum að nýta góða veðrið meðan við höfum það, áður en skammdegið með prófum skellur á og hafa fyrstu skólavikuna skemmtilega. Útikaffihús, þar sem kakó, kaffi og meðlæti er selt á kostnaðarverði, er einn liður í því," segir Sindri Már Hjartarson formaður Keðjunnar, Nemendafélags Kvennaskólans í Reykjavík. Hann segir listanefnd félagsins hafa skipulagt dagana og skreytt allt úti og inni. Því sitji fólk frekar úti en inni. „Við erum búin að vera að spila rúllutónlist hér úti frá átta til fjögur á daginn og á morgun [í dag] kemur hljómsveitin Boba fram í hádeginu, frá hálf tólf til tólf.



Frumsýning

á MindManager 9

föstudaginn 27. ágúst milli kl. 9 og 10
í Hlíðarsmára 8, 4. hæð. Allir velkomnir.





Mindjet
MindManager
Version 9 for Windows

LEIÐBEINENDUR:


Elín Þ. Þorsteinsdóttir


Sigrún Stefánsdóttir


Ómar Á. Óskarsson

NÁMSKEIÐSDAGSKRÁ:

ÓKEYPIS OPNIR KYNNINGARFUNDIR
7 klst.
kl. 8.30–16.30
7. október
5. nóvember

HRAÐFERÐ
7 klst.
kl. 8.30–16.30
25. ágúst
9. september
14. október
11. nóvember
Forkröfur: Að vera vel tölvufær

GRUNNUR + FRAMHALD
2x4 klst.
kl. 8.30–12.30
22.–23. september
26.–27. október
24.–25. nóvember

HELSTU NÁMSKEIÐS-ÞÆTTIR

- Hugarflug
- Grunnæfingar
- Tölulegar upplýsingar
- Gerð skipurita
- Fundarstjórnun
- Ritgerðasmíð og skýrslugerð
- Verkefnastjórnun og skipulagning
- Samspil Outlook og MindManager
- Kynningar
- Stjórnun upplýsinga

Verkefnalausnir

Hlíðarsmára 2 • 201 Kópavogi • Sími 565 7272 • www.verkefnalausnir.is

BÍLAR & FARATÆKI





M.Benz GL 320 CDI Diesel, 05/2008 Ekinn 34þús. Ssk, Leður, Dráttarkrókur. Einn með öllu, sumar og vetradekk Ásett Verð 11.900.000.-



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar í Bílaryðvörn í síma : 587 1390.



MMC Pajero GLX 3.2 DID Diesel, 08/2006 Ekinn 114þús. Ssk, Dráttarkrókur, Filmur ofl. Ásett Verð 3.980.000.- Möguleiki á allt að 90% láni.


Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



SUZUKI XL7 PLUS/ TOURING/LTD
Árgerð 2002. Ekinn 170 þ.km Nýskráður 2/2002. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 990.000



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX
Árgerð 2006. Ekinn 122 þ.km Nýskráður 6/2006. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 4.690.000



BMW 3 320I S/D E90
Árgerð 2010. Ekinn 14 þ.km. Nýskráður 1/2010. Næsta skoðun 2014. Verð kr. 6.980.000.

Höfðahöllin
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



M.BENZ CLS 55 AMG. Árg.'06, ekinn 37 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 12.500.000. Rnr.260387. Skipti Ódýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is



VW PASSAT HIGHLINE. Árg.'06, ekinn 58 þ.km,, Sjálfskiptur. Verð 2.600.000. Rnr.298658. Skipti Ódýrari & Dýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is




HARLEY DAVIDSON V-ROD. Árg.'05, ekinn 3 þ.km, V.1.790.- Rnr.601450 Skipti Dýrari og ódýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is



NISSAN PATROL ELEGANCE 35". Árg. ,00, ekinn 169 þ.km, , Sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.298588.Skipti Ódýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is



CHEVROLET CORVETTE COUPE C6. Árg.'05, ekinn 48 þ.km, 6 gírar. Verð 7.500.000. Rnr.260259 Geggjaður Sportari ! Skipti Ódýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is



AUDI Q7 7 Manna PREMIUM. Árg.'08, ekinn 44 þ.km, , Sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.298657 Skipti Ódýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is



BMW 318 IA. Árg. ,92, ekinn 163 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 375.000. Rnr.260386. Mjög gott eintak ! Skipti Ódýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is



CADILLAC ESCALADE 7 MANNA. Árgerð 2002, ekinn 126 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 3.300.000. Rnr.260277 Topp eintak! Skipti Ódýrari. Ca 2000 bílar á skrá á www.br.is

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is



NISSAN PATROL 3,0 ELEGANCE 44". Árgerð 2002, ekinn 178 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.930.000. Rnr.182658

Bílasalan Planið
Breiðhöfða, Reykjavík
Sími: 517 0000
www.planid.is



VW Polo 1.4 Comfort
Árgerð 09/2004, ekinn 77þ.km, bsk, verð 970.000kr! Raðnúmer 150937. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.



VW Tiguan Sport & Style DIESEL
Árgerð 09/2008, ekinn 15, ssk. Bíllinn lítur út eins og nýr! Verð 4.990.000kr. Raðnúmer 150935. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is



FORD FOCUS Árg. 1999, ek. 206 þ.km, BENSÍN, 5 gírar-Topp viðhald - Er ástaðnum- Rnr.152095 ÓSKUM EFTIR BÍLUM Á SÖLUSKRÁ OKKAR OG Á STAÐINN WWW.HOFDABILAR.IS

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



Cadillac Escalade AWD, árg. 6/2007, ek. 14þús.km, 404hö, sjálfskiptur, DVD & playstation,sumar & vetrar dekk, LÍTUR ÚT SEM NÝR og með öllum aukahlutum!, Ásett verð 8990þús.kr!

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



TILBOÐ 399 þús STAÐGREITT (100% vísalán?)
Til sölu Mmc Galant Glsi nýskráður 1.10.1998 Bensín. Ekinn 225 þ.km sjálfskiptur, nýskoðaður, filmur, álfelgur, aukadekk á felgum og dráttarkrókur Verð 590 þúsund (ath skipti) TILBOÐ 399 þúsund STAÐGREITT Eða 100% vísa/euro lán í allt að 59 mánuði. Upplýsingar í síma 693-5053.



Báillinn sem eyðir engu!!
Toyota Prius Hybrid 2006 Ekinn 60 þús. Mjög vel með farinn. Ásett verð 2.390 þús - Tilboð 2.150 þús. stgr. Uppl. í síma 8975012.



Corolla á 350.000-
Toyota Corolla S/D árg 97 1.6 XLi ekinn 214 þ km 5 gíra CD álfelgur vetrardekk, mikið endurnýjaður s.s kúpling, tímareim, bremsur, ný smurður, skoðaður 2011 mjög gott lakk, bifreiðargjöld greidd til áramóta verð aðeins 350.000- stgr upplí síma 899 8789.



4x4 á 350.000-
Nissan Terrano II 2.4 bensín árg. ,95 ekinn 246 þ km 5 gíra 4x4 33" breyttur krókur 7 manna skoðaður 2011 krome felgur góð dekk mikið endurnýjaður ný smurður verð aðeins 350.000 stgr. uppl. í síma 861 7600.



Bílaútsölur framleiðenda í USA. Nú færðu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Eigum einnig heimkomna sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge og öðrum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



Toyta Aygo árg 03.06 ek.aðeins 53.þús. km. Mjög vel með farinn bíll. Eins árs ábyrgð eftir hjá Toyota. Álfelgur,spoiler ath skipti. uppl. í s: 898 8228.



Skoda Octavia turbo árg. „02 ek. 153 þús. ný tímareim. vel með farinn bíll. Álfelgur,nýleg dekk nýsmurður. Ath. skipti. uppl.í s:848 4984.



MMC L200 árg.'05, ek.83þús. 33'', litað gler,lok á palli.V. 2.2m eða 1800þús staðgr. S. 663 7121.



Suzuki Vitara árg. ,00 ek. 112 þús. km. Beinsk. 1600 vél. Einn eig. S. 698 1244.



Til sölu Ford Escorg árg. ,97 sk. 2011. Ek. 125þ. sjsk. Ný vetradekk með nöglum á felgum fylgja. Verð 170þ. Uppl. í s. 896 3575.



Gerðu felgurnar eins og nýjar!
Níðsterkt Powdercoat WWW.duft.is Sími 512 4460.



Ford Galaxy árg. 2003, 2.l, 7manna, ek. 112.000km. Verð 1 m. Sími 693 2991.



Mazda 6 Sport stw.árg. ,06. ek.aðeins 78.þús.km. Mjög vel búinn og vel með farinn bíll. 17"álf, leður, rafm.í öllu. Skoða ýmis skipti uppl. í s: 869 5681.



Nissan Almera árg. ,99. Gangv. 420 þús. Tilboðsv. 350 þús. S. 840 6940.

0-250 þús.



Sparibaukur 150 þús!!!
renault twingo 2000 árgerð,sjálfskiptur,skoðaður 2011,mjög sparneytinn,ásett verð 320 þús fæst á 150 þús þarfnast smá lagfæringa enn er alveg ökufær og er í fullri notkun! s.841 8955

Tilboð 95 þús.
Mitsubitsi lancer, 5 dyra, árg. ,92. Ek. 200 þ. km. Ssk. Sk. út okt. S. 891 9847.

1-2 milljónir



Toyota Aygo árgerð 06, sérstaklega sparneytin bíll. keyrður 42þús. Verð 1150 þúsund. Hafið samband: halluru@gmail.com eða síma 860 0227.

Bílar óskast

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Sendibílar



Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Mótorhjól



Vtx 1800c ,02 til sölu. Uppl. í s. 772 0800.

Fjórhjól

Ný dekk á fallegum felgum, sparaðu stórt! uppl. á www.motorhjol.net

Fellihýsi

Fellihýsi til sölu.
Lítið notað og reyklaust Fleetwood Niagrara 14 fet, árg. 2008. Upphækkað á loftpúðafjöðrun, 15" álfelgur, fortjald, sólarsella, ofl.. Nánari upplýsingar á www.aflvelar.is og síma 480 0000.

Vinnuvélar



Beltagröfur 0,6-10 tonn Hjólagröfur-hjólaskóflur Beltavagnar 1,1-3,8 tonn IMPEX.is S. 534 5300.





Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Einnig hjólavél, Komatsu 150 árg. ,91. Nýlegur mótor. S. 892 5309.

Vinnuvélar



Lyftarar



Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Bátar




Til sölu Viksund 340 vel búinn tækjum og búnaði. Upplýsingar í síma 849 4583.

Veiðivötn-Veiðivötn
Nýkomin 3" - 4" silunganet. 5" - 6" stórfiskanet. Heimavik ehf. S. 892 8655. www.heimavik.is

Bílaþjónusta



HÖRKU TILBOÐ Í GANGI Það er alvega sama hversu langan tíma tekur að gera við bílinn þinn þú greiðir aðeins 10 þús. krónur. MEIRA www.besturreykjavik.com



Hjólbarðar

4 stk. 175/65 14" á álf. á 30þ. 4 stk. 235/65 17" á 40þ. 4 stk. 185/65 14" á Imprezu felgum á 25þ. 4 stk. 175/70 13" á Golf álfelgum á 20 þ. 2 stk. 195/65 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ.4.stk ný dekk 5.30 12" á 5gata felgum á 25þ. 4 stk. 225/75 16" á 25 þ. Uppl. í s. 896 8568.

Varahlutir



Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is



Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.



Japanskar Vélar Varahlutasala
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

partabílar.is 770-6400
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja









Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.





Haustklippingar
Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

SÓLPALLAR, skjólveggir, öll almenn smíða og garðvinna, vanir menn og góð verð. Brynjar s: 862 8621.

Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður.

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

Er öspin til ama ?
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Þarftu að láta mála hjá þér? Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. Föst verð eða tímakaup. S. 858 7531, Pétur.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald









N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - mála - múrarar - smíðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069 og 663 5315.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Stífluþjónusta



Tölvur





123lén.is. Hýstu vefinn þinn hjá okkur. Betri þjónusta, betra verð. Aðeins 6990 árlega m/vsk. http://www.123lén.is/

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Nudd

ALGJÖR LÚXUS! Unaðsnudd í boði, komdu og leyfðu okkur að dekra við þig. S. 692 1123.

in Akureyri good massage - whole body 659 62 69

Spádómar

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður.
Er byrjuð á fullu aftur.
Opið frá 3-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun



Önnur þjónusta



LAGERÚTSALA - 50% AFSLÁTTUR.

Sjóstöng, Sjóstöng.
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

Til sölu





OPNUNARTILBOÐ
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
Italiano Pizzeria
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

MAE - YA
SUKHOTHAI
Hamraborg 11. Kópavogi
Sjáið matseðillinn á www.thaimatur.is
Réttur dagsins í hádegi kr 980.-
Frábær fjölskyldutilboð
2 kjúklingabitar, franskar, sósa & gos kr. 990.-
Djúpst Ýsa, hrísgrjón & karrý kr. 1090.-
Sími: 564 6677

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR
Yfir 300 gerðir af perlum og náttúrusteinum, gott verð. Alltaf eitthvað nýtt.
Námskeiðin að hefjast.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

JÓGA OG VELLÍÐAN
Endurnærandi hádegisjóga fyrir alla aldurshópa þriðjudaga og fimmtudaga kl.12-13.
Jóga fyrir fólk 60-75 ára þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10:45-11:45.
Hjartanlega velkomin í jóga hjá Hrefnu, Kærleiksetrinu, Mjóddinni Álfabakka 12, 2. hæð. Kennslan hefst þriðjudaginn 31. ágúst. Aðeins 9 manns eru saman í hóp.
Skráning á nánari upplýsingar á: www.jogaogvellidan.com, hrefna@jogaogvellidan.com eða hringið í síma: 824 9028

Nýkomin sending af lömpum með stækkunargleri í úrvali.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

Mótorhjóla-burðargrind úr áli.
Ber 195 kg hjól.
Þú keyrir hjólið upp á grindina.
Nú 39.000 þ.
Verð sem sést ekki aftur, fullt verð 69.000 þ.
Motor sport
Síðumúla 34 • 567 1040

GPS GARMIN NAVIGATION
m/ íslandskorti og evrópukorti
Verð 65.000 kr.
Einnig þráðlaus bakkmyndavél, bluetooth og radarvari með laser.
Verð aðeins 36.000 kr.
Motor sport
Síðumúla 34 • 567 1040

30% afsláttur af útiolíu og viðarvörn
Meðan birgðir endast
Ásborg vélaverkstæði
Smiðjuvegi 11• S. 5641212

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Bílaþjónustan Bilaði Billinn
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Hjólbarðaviðgerðir
Smurþjónusta
Bremsur
Demparar
Rafgeymar
o.fl.
Hjólbarða Grafarvogs Verkstæði
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

MP Sólpallar ehf
Gerum tilboð í Sólpalla Hellulagnir
S. 893 3300
www.solpallur.is
24 ára reynsla í faginu

Vörubílar og vinnuvélar, öll almenn jarvinna, trailerakstur og gröfuvinna.
KRAFTLIND EHF - S:866-3533

Þjónustuauglýsingar

Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is





Óskast keypt

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

ÓSKUM EFTIR ÞVOTTAVÉLUM
Fjarlægjum gömlu þvottavélina ókeypis. Borgum allt að 2.000 Kr. fyrir góðar vélar. Vistvæn endurnýting. Óskum sérstaklega eftir STÓRUM (Amerískum) þvottavélum og þurrkurum. 847-5545

I- hellur gráar. mega vera notaðar. Gangstéttarhellur 20 m2 óskast keyptar, I- hellur læsast saman. Finnbogi 898 9117

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun



KJÓLAR OG TUNICUR!! Full búð af nýjum vörum. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

Heilsuvörur





Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Kaupauki með öllum pöntunum í ágúst. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Whole body massage 841 8529.

nudd í tveimur eða fjórum höndum á allan líkamann good massage 693 75 97

SPA - DREAM OASIS
Fáðu kort og nudd frítt.
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

NUDD - Tilboð - NUDD

Nudd kr. 3500,-

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Námskeið



ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. Starts 13. sept. - s. 553 8259, 551 7700.



Leirkrúsin Spennandi námskeið á haustönn Uppl. www.leir.is S: 661 2179/555 1809

Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ fyrir samræmduprófin í sept. Nemendaþjónustan sf. S. 557 9233.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsgögn

Nýlegur svefnsófi úr Betra bak til sölu á 150.000 kr. Kostar nýr 400.000. S:6987807

Ísskápur, rúm og fataskápur. Allt fjagra mánaða gamalt. Uppl. í s. 895 9053.

Dýrahald



Óliver tapaðist frá Mávahlíð, Rvk. 18.ágúst. Hann er svartur með hvíta bringu og sokka. Ef e-r verður hans var, vinsaml. hafið samb. í s. 823-0997.

Schafer hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Foreldrar myndaðir. Tilbúnir til afhendingar. s. 777 6969.

Ýmislegt

Opið hús út vikuna, allt á að seljast vegna flutnings. Mikið af búsáhöldum og ýmsu öðru. Uppl. í s. 692 5607.

Húsnæði í boði

3.herb.íbúð á 1.hæð v/Snorrabraut með öllum húsgögnum og húsbúnaði ef með þarf. Falleg, hreinleg og snyrtileg. Sérinngangur. Leiga 95þús. á mánuði með rafm. hita og húsfélagi. Frábær fyrir litla fjölskyldu eða 1-2 háskólanema. Sími 869-3079



Gautland, Fossvogur. Mjög góð 2ja herbergja íbúð með suðurverönd. Laus. Aðeins 5% útborgun möguleiki á 100% láni. Greiðslubirgði um kr. 80.000 á mánuði. Verð 14,9 millj. Erlendur s. 897-0199.

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is



Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Herbergi á jarðhæð til leigu á Eiríksgötu með sturtu, eldurnaraðstöðu og aðgangi að þvottahúsi. Uppl. í s. 551 1177.

Konu á miðjum aldri vantar meðleigjanda að mjög góðu raðhúsi í Mosfellsbæ. Upplýsingar í síma 6911013.

60fm2. uppgerð íbúð í 101 Rvk.við höfnina (skrifstofu húsnæði). Stórt svefnh. stofa,eldh.krók. wc með sturtu og þvottavél. 2 Mánuðir í tryggingu og 90 þús á mán með hita og rafm. Meðmæli æskileg. Sendið uppl. á zircon@simnet.is

Til leigu 2.herb íbúð í 108 Rvk. V. 90þús á mán með hita,rafmagni og hússjóð. Uppl. í s. 897 8183.

4.herb. íbúð í Frostafold til leigu, langtímal. 165.000.- á mánuði með hússj. Uppl. í síma 867 3190.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb. björt og snyrtileg íbúð til leigu fyrir reglusamt fólk í Seljahverfi. Leiga 130 þús. + rafm. Bílskýli fylgir. Þvottav., þurrkari og ísskápur getur fylgt. S. 862 8612.

Herbergi til leigu á Háaleitisbraut. Uppl. í s. 898 9946.

Húsnæði óskast

Húsnæði óskast á leigu- fyrir veitingastað
Æskileg stærð 150-250 fermetrar. Staðsetning: í miðborginni eða Faxafeni og nágrenni. Aðrar staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu koma einnig til greina. Húsnæðið þarf að hafa heimild fyrir veitingarekstur. Til greina kemur að kaupa rekstur starfandi veitingastaðar. Vinsamlega sendið upplýsingar eða tilboð á íslensku til info@pro-share.se merkt „Veitingastaður"

3-4 herb íbúð óskast í 104 R strax. Bankaábyrgð/trygging/meðmæli. Uppl. í síma 849 1672.

Við erum hjón utan af landi, sóknarprestur og hjúkrunarforstjóri, sem óskum eftir að taka á leigu 2 - 3ja herb. íbúð í Reykjavík, helst í Grafarvogi, frá og með 1. október. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 868 1181.

Óska eftir íbúð til leigu!
Ég er 29 ára, reglusamur og reyklaus, get útvegað meðmæli. Er í traustu starfi og möguleiki á greiðsluþjónustu. Vil helst vera í eða við Vesturbæ en er tilbúinn að skoða annað. Sigfús Axfjörð 821 5815.

Fasteignir



Þórufell 8 - opið hús- ótrúlegt verð
Til sölu rúmgóð og björt ca. 78 fm, 3ja herbergja íbúð á 4.hæð (0401). Vestursvalir og útsýni. Þarnast standsetn. Laus strax. Verð aðeins 13,5 millj. Björn sýnir í kvöld kl. 20.00-20.30 S: 7719432.

Sumarbústaðir



Stórt sumarhús í Grímsnesi til leigu
Helgar/viku leiga. Gisting fyrir 6-10 manns, heitur pottur og sauna. Helgarleiga 75þús, 5 nætur (sun-fös) 95þús, vikuleiga 125þús. Laust í haust og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598 sjá myndir: miklaborg.is undir Viðibrekka.



Brekkuskógur
93 m2 sumarhús til sölu. Tilbúinn að utan, en einangraður og lagnagrind að innan. Steypt plata með gólfhita. Fæst á góðu verði. Uppl gefur Kristmann í s. 772 2370 eða hakon@tryggir.is

Sumarhúsalóðir
Til sölu 0,8 hektara lóðir að Kringlu í Grímsnesi. Nýtt svæði við Brúará. Lækur við lóðarmörk. V. 2.2 milj. Uppl. í s. 486 4515 e. kl. 19:00.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 207 m2 iðnaðar/lagerhúsnæði með innkeyrsludyr við Smiðjuveg. S: 820 6030

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

HÚSVAGNAGEYMSLA
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

Vetrarleiga í Skorradal fyrir tjadvagna, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Uppl. indridastadir@indridastadir.is

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

Atvinna í boði

Gallery fiskur
Starfsfólk óskast til þjónustustarfa
Reynsla og Íslenskukunnátta skilyrði.
Kvöld- og helgarvinna.
Umsóknir sendist á galleryfiskur@galleryfiskur.is

MOSFELLS BAKARÍ
Mosfellsbakarí- Mosfellsbæ.
Óskum eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar í Mosfellsbæ. Í boði eru þessar vaktir frá 6:30-13:00 og 12:00-18:30 virka daga. Einnig aðra hverja helgi annann daginn. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 5666145, 6602155 eða á staðnum. Einnig er hægt að senda inn umsókn á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp

N1
Liðsmenn óskast.
N1 er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins með þjónustunet sem telur á um annað hundrað afgreiðslustaði um allt land. Við leitum nú að starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Kynntu þér málið og sæktu um á www.n1.is.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ BAKARÍ
Kornið
Vantar afgreiðslukonur í full störf og hlutastörf. Þarf að geta hafið störf fljótlega. Vinnustaður Lækjargata, Borgartún, Ögurhvarf og Reykjavíkurvegur. Íslensk mál skilyrði.
Umsóknar sendist á nonni@kornid.is.
Eldri umsóknir skal endurnýja.

Kol ehf
Kvöld- og helgarvinna
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

Stýrimaður
Stýrimann vantar á M-B Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða. Uppl. í s. 894 2013.

Veitingastaðurinn Krúska leitar eftir starfskrafti í eldhús við framleiðslu og pökkun. Vinnutími 8-16. Viðkomandi þarf að vera röskur, reyklaus og heiðarlegur. Áhugasamir sendi umsókn á kruska@kruska.is

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3933.

Beitningamenn óskast á 15 tonna bát sem rær frá Tálknafirði. S. 846 3526 og 861 0381.

KAFFI MILANO FAXAFENI 11
Óskum eftir að ráða fólk í fulltstarf. Uppl. á netfang milano@internet.is

Annan vélstjóra vantar strax á humarbát vélarstærð 635 hö. s. 866 4223

Veitingastaðurinn Saffran, okkur bráðvantar starfsmann í þjónustustarf. Eingöngu fullt starf í boði. Umsóknir sendist á haukur@saffran.is

Nýlenduvöruverzlun Hemma & Valda leitar að starfsmönnum á dagvaktir, kvöldvaktir og aukavaktir í vetur. Áhugasamir sendi fersilskrá m/mynd á valdi@kaupfelagid.is

Viðskiptatækifæri

Hefðir þú viljað eignast part af þeim peningum sem urðu til þegar gsm símarnir komu á markað? Ég get boðið þér að taka þátt í sambærilegu og ekki síðra viðskiptatækifæri. Hafðu samb. 8467260

Tapað - Fundið



Katla 5mán, hvarf 21.07 frá Dalalandi 11. s:6993316 Lilja/ s:5682710 Ingþór

Einkamál

Spjalldömur 908 1616
Opið frá 3 á daginn.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Vill órólega deild VG fella stjórnina?

Stjórnmál

Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur



Óróleiki virðist hafa aukist innan Vinstri grænna vegna stjórnarsamvinnunnar við Samfylkinguna. Síðasta upphlaup VG vegna Magma málsins var stórt og ekki enn séð fyrir endann á því. Stuttu áður var upphlaup hjá VG vegna umsóknarinnar um aðild að ESB en því máli var frestað til hausts. Það var þó í stjórnarsáttmálanum að sækja ætti um aðild að ESB þannig að ekki var ástæða til þess að efna til upphlaups út af því máli. Stærsta upphlaupið var þó vegna Icesave-málsins en þar var ágreiningur svo mikill, að Ögmundur Jónasson þá heilbrigðisráðherra, sagði af sér ráðherraembætti í mótmælaskyni við stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu.

> Ríkisstjórnin verður ekki starfhæf, ef einhverjir þingmenn VG eru stöðugt að lýsa því yfir, að þeir hætti að styðja stjórnina, ef þeir fái ekki þessu og þessu framgengt.

Stöðug upphlaup órólegu deildarinnar í VG veikja að sjálfsögðu ríkisstjórnina.Eðlilegra væri að að leysa ágreiningsmál stjórnarflokkannan innan stjórnarflokkanna í stað þess að bera þau alltaf á torg. En engu er líkara en VG kunni ekki að vera í ríkisstjórn. VG virðist halda, að flokkurinn geti bæði verið með og móti ríkisstjórninni. Það gengur ekki til lengdar.

Ekki betra að rifta samningum við Magma

Órólega deildin í VG hefur lagt mikla áherslu á að rifta samningnum við Magma um kaup á meirihluta í HS Orku.Sagt er,að samningurinn sé ógildur, þar eð um „skúffufyrirtæki“ hafi verið að ræða í Svíþjóð,sem keypt hafi hlutinn í HS Orku. Ég tel að vísu að fyrirtækið í Svíþjóð sé löglegur lögaðili og að ekkert sé í lögum sem skyldi félagið í Svíþjóð til þess að hafa aðra starfsemi með höndum en eignarhald.En ef rannsókn ríkisstjórnarinnar leiðir í ljós,að samningurinn við sænska félagið sé ólöglegur þá telst samningurinn ógildur og verður felldur úr gildi. En fari svo tekur Glitnir eða kröfuhafar félagsins við HS Orku á ný en þar er einnig um útlendinga að ræða. Það verður því farið úr öskunni í eldinn. Órólega deildin í VG gerði litlar athugasemdir þegar samningur Magma var gerður við HS Orku í sumar. Upphlaupið hófst ekki fyrr en að samningsgerð lokinni.

VG verður að virða stjórnarsáttmálann

Upphlaup órólegu deildar VG á flokksráðsfundi vegna ESB umsóknar er enn undarlegra. Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, tók það skýrt fram þegar ríkisstjórnin var mynduð, að það væri gott að fá að vita hvað í boði væri hjá ESB og þess vegna hefði VG fallist á, að sótt yrði um aðild að sambandinu. Síðan yrði málið lagt undir þjóðaratkvæðagreiðslu og þjóðin látin skera úr um það hvort Ísland ætti að ganga í ESB. En hvers vegna er órólega deildin í VG þá að efna til upphlaups um þetta mál, sem flokkurinn var búinn að semja við Samfylkinguna um. Málið er alveg skýrt í stjórnarsáttmálanum. Það er brot á stjórnarsáttmálanum, ef einstakir þingmenn VG samþykkja að draga eigi umsókn um aðild að ESB til baka. Icesave málið er eitt málið, sem mikill ágreiningur er um innan VG. Ögmundur Jónasson hefur verið fremstur í flokki andstæðinga stefnu stjórnarinnar í málinu. Margir telja nauðsynlegt að veita honum sæti í ríkisstjórninni á ný og að þá sé líklegra að unnt verði að leysa ágreining um Icesave innan ríkisstjórnarinnar. Ef til vill er það rétt. Raunar tel ég, að Ögmundur hefði aldrei átt að segja sig úr stjórninni. Það voru mstök, að hann skyldi fara úr stjórninni.

Samfylkingin getur misst þolinmæðina

Órólega deildin í VG verður að gera upp við sig hvort hún ætlar að styðja stjórnina eða ekki. Samfylkingin getur misst þolinmæðina, ef þessi stöðugu upphlaup halda áfram. Ríkisstjórnin verður ekki starfhæf, ef einhverjir þingmenn VG eru stöðugt að lýsa því yfir, að þeir hætti að styðja stjórnina, ef þeir fái ekki þessu og þessu framgengt. Slík vinnubrögð ganga ekki áfram.

Var rannsóknarskýrsla lífeyrissjóðanna tilbúin í vor?

Lífeyrissjóðir

Bjarki Steingrímsson
stjórnarmaður og fyrrum varaformaður í VR



Landssamtök lífeyrissjóða tilkynntu föstudaginn 20.08.2010 að ríkissáttasemjari hefði skipað rannsóknarnefnd um starfsemi lífeyrissjóðanna í landinu. Megin markmið nefndarinnar er að rannsaka fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegt umhverfi lífeyrissjóðanna.

Það hljómar mjög vel að skoða eigi starfsemi lífeyrissjóðanna. Það eitt að frumkvæðið komi frá Landssamtökunum vakti aftur á móti undrun mína þar sem ég trúi að lífeyrissjóðirnir láti ekki gera svona skýrslu nema að niðurstaðan sé þegar tryggð?

> Aðkoma ríkissáttasemjara er ein og sér sérstök en hvernig kom Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari, til sögunnar í huga sáttasemjara?

Aðkoma ríkissáttasemjara er ein og sér sérstök en hvernig kom Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari, til sögunnar í huga sáttasemjara?

Hrafn er eflaust vel að sér í lögum. En var Hrafn Bragason, formaður nefndarinnar, ekki leiðbeinandi nýráðins starfsmanns nefndarinnar, Kristjáns Geirs Péturssonar, þegar Kristján skrifaði meistaraprófsritgerð er heitir „Lífeyrissjóðir sem hluthafar“ og kom út 4.5.2010?

Fram kemur á netslóðinni, http://skemman.is/item/view/1946/4925 að ritgerðin fjalli einmitt um áþekk atriði sem nú á að fara rannsaka, eins og fjárfestingastefnu, lagalegt umhverfi og stjórnkerfi sjóðanna. Þegar þannig er, að nú þegar er til skýrsla sem fjallar um sömu mál, unnin af sömu aðilum og sæti eiga í nefndinni þá vakna frekari spurningar um þau atriði er ríkissáttasemjari átti að hafa til grundvallar við skipun aðila í nefndina.

Eru þeir Hrafn og Kristján hæfir til verksins? Hvers vegna valdi ríkissáttasemjari Hrafn? Voru það kannski Landssamtök lífeyrissjóða sem hlutuðust til um hverjir völdust í nefndina? Hver eru raunveruleg tengsl þessara manna við Landssamtökin og lífeyrissjóðina? Hafa þessir ágætu menn ekki þegið greiðslur fyrir meistaraprófsritgerð Kristjáns frá Lífeyrissjóðunum?

Er það álit mitt að best sé að þessi nefnd ljúki nú þegar störfum og hið opinbera sýni almenningi í landinu þann sóma að hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á Lífeyrissjóðunum þar sem ekkert verði dregið undan og engum hlíft.



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

MACAULAY CULKIN ER ÞRÍTUGUR

„Ég skellti mér í menntaskóla, sem reyndist skynsamleg ákvörðun þar sem ég hafði átt mjög lítil samskipti við jafnaldra mína sem önnum kafin kvikmyndastjarna. Ég var því einmana, átti milljón kunninga en enga vini í raun.“



Bandaríska barnastjarnan Macaulay Culkin heillaði heimsbyggðina í Home Alone-myndunum á tíunda áratugnum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 26. ÁGÚST 1984

Fyrst keppt í Reykjavíkurmaraþoni



Keppt var í Reykjavíkurmaraþoni, alþjóðlegu maraþonhlaupi, í fyrsta sinn hér á landi fyrir 26 árum. Hlauparar tóku hinu nýja maraþonhlaupi fagnandi, en þátttakendur í fyrsta hlaupinu voru 214. Tíu árum síðar voru þeir orðnir á fjórða þúsund og í ár voru þeir vel á ellefta þúsund.

Reykjavíkurmaraþon er haldið í ágúst á hverju ári og á sama degi og menningarnótt. Erlendir hlauparar koma víðs vegar að til að spreyta sig í íslenskri veðráttu og fögru borgarlandslaginu, og alltaf bætist við hóp Íslendinga sem reyna sig við fullt maraþon sem er 42,2 kílómetrar. Einnig er boðið upp á hálft maraþon, 10 kílómetra hlaup og 3 kílómetra skemmtiskokk og nú síðustu ár 1 kílómetra Latabæjarhlaup fyrir börn. Í nýliðnu Reykjavíkurmaraþoni var boðið upp á boðhlaup en það var hlaupið á maraþonbrautinni og því 42,2 kílómetrar eins og maraþon, en skiptistöðvar eru eftir 10, 20 og 30 kílómetra hlaup.

Undanfarin ár hefur þátttakendum í Reykjavíkurmaraþoni gefist kostur á að hlaupa í þágu góðs málefnis. Í ár tóku 98 góðgerðafélög þátt í áheitasöfnun og söfnuðust um 30 milljónir.

MERKISATBURÐIR

1896 Suðurlandsskjálfti hinn fyrri. Fjöldi bæja í Rangárvallasýslu hrundi til grunna.

1929 Vélbáturinn Gotta kemur til Reykjavíkur með fimm sauðnautskálfa frá Grænlandi.

1967 Bítlarnir, Mick Jagger og Marianne Faithfull fara saman á fund Maharishi Mahesh Yoga.

1979 Átta alda afmæli Snorra Sturlusonar minnst með Snorrahátíð í Reykholti.

1991 Ísland tekur formlega upp stjórnmálasamband við Eistland, Lettland og Litháen.



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa.

Jóns Helgasonar
húsasmíðameistara,
Hlíðarvegi 39, Kópavogi.

Þökkum einnig starfsfólki deildar 14 E, Landspítala við Hringbraut.

Guðríður Þóra Snyder
Viðar Jónsson
Helgi Jónsson
Guðrún Katrín Jónsdóttir
Sólveig Þóra Jónsdóttir
Katrín Jónsdóttir
og afabörn

Mark Laws
Inga Brynjólfsdóttir

Páll Breiðfjörð Sigurvinsson
Hólmgrímur Rósenbergsson
Sváfnir Hermannsson,



†

Minningarathöfn um móður mína,

Sigrúnu Sveinsson Balí

fer fram frá dómkirkjunni fimmtudaginn 26. ágúst kl. 15:00. Þeim sem vilja minnast hennar skal bent á ABC barnahjálp.

Jón Alexander Mír
og aðrir aðstandendur.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir,afi og langafi

Jón Stefánsson
Hvassaleiti 25

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju föstudaginn 27.ágúst kl 13:00

Steinunn D. Sveinsdóttir
Laufey Jónsdóttir
Ingileif Jónsdóttir
Sveinn Jónsson

Birgir Árnason
Rudiger Seidenfaden

barnabörn og barnabarnabörn.



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför bróður míns frænda okkar og vinar,

Eyjólfs Egilssonar,
Hverahlíð 13, Hveragerði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Ási fyrir frábæra umönnun.

Ættingjar og vinir.



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur

Steinn Þ. Steinsson
fyrrverandi héraðsdýralæknir, Þverholti 24, Reykjavík

lést þriðjudaginn 24. ágúst sl. á krabbameinsdeild Landspítalans. Útförin verður frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 1. september kl. 13.00.

Þorsteinn Steinsson
Finna Birna Steinsson
Friðrik Steinsson
Bryndís Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Baldur Hafstað



†

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Agnes Jóhannesdóttir
barnahjúkrunarfræðingur

lést á krabbameinsdeild Landspítalans, mánudaginn 23. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

Helena Kristbjörg Hrafnkelsdóttir
Jóhanna Hrafnkelsdóttir

Svava Snæberg Hrafnkelsdóttir

Valtýr Helgi Diego
Guðbjartur Þórarinnsson
Hulda Snæberg Hauksdóttir

og barnabörn



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Gústafs Gústafssonar,
Stigahlíð 97, Reykjavík.

Halldór Gústafsson
Helgi Gústafsson
Gústaf Gústafsson
Leifur Gústafsson

Guðrún B. Hallbjörnsdóttir

Fríða Dís Bjarnadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



†

Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

Gísli Jónsson
frá Norðurhjáleigu
Markholti 1, Mosfellsbæ,

lést þriðjudaginn 24. ágúst 2010.

Eygló Gísladóttir
Guðlaug Gísladóttir
Gísli Páll Davíðsson
Loftur Þór Þórunnarson
Grétar Snær Hjartarson
og langafabörn

Þórunn Gísladóttir
Eygló Svava Gunnarsdóttir
Þórey Una Þorsteinsdóttir
Sigrún R. Guðlaugardóttir



SEXTUGUR Á FJÖLLUM Ævar Kjartansson útvarpsmaður eyðir afmælisdeginum í torfbæ sem hann hlóð með hjálp Ögmundar Jónassonar, þingmanns, á Hólsfjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÆVAR KJARTANSSON: SEXTUGUR Í DAG

Loksins orðinn viðræðuhæfur

„Mér finnst tilfinningin að verða sextugur frekar góð. Mér finnst ég allavega ekki orðinn gamall og þreyttur, og vona að ég sé ekki mjög fúll, en ég stefni á að eldast sem þroskað og yfirvegað gamalmenni,“ segir guðfræðingurinn og útvarpsmaðurinn Ævar Kjartansson sem vaknaði á sextugasta afmælismorgni sínum í torfhýsi sínu á Hólsfjöllum.

„Hér eru æskuslóðirnar, en ég var alinn upp af fósturforeldrum mínum Benedikt Sigurðssyni og Kristínu Axelsdóttur bændum á Grímsstöðum á Fjöllum. Kristín er móðursystir mín en þær móðir mín höfðu hlutverkaskipti þegar Kristín tók mig nýfæddan í fóstur. Hér næ ég sambandi við æsku mína og hugsa mitt ráð,“ segir Ævar og lítur í átt til Herðubreiðar úr glugga baðstofu sinnar.

„Herðubreið er miðlæg í mínu lífi, enda fjall guðanna og afla sem ég held að vaki yfir landinu. Mér þykir mikið mál að ganga vel um landið og dreg nú lærdóm af því sem ég gerði tvítugur með aukinni visku. Þórbergur sagði ekki hægt að tala við fólk undir sextugu vegna þess hve það væri vitlaust. Ég tek það alvarlega og reyni að vera vitur og viðræðuhæfur hér eftir,“ segir Ævar og vísar í sprenginguna í Miðkvísl sem hann tók þátt í tvítugur, en í gær hélt hann ávarp í tilefni 40 ára afmælis hennar.

„Eins og aðrir sveitamenn var ég farinn burt til náms á unglingsaldri en taugarnar heim eru sterkar og þessi háslétta í norðvestri togar. Ég reyni að vera hér eitthvað á hverju ári og geng stundum til rjúpna, en byrjaði seint og hitti því illa,“ segir hann og brosir í kampinn.

„Ljúfasti afmælisdagur ævi minnar var sá tíundi þegar ég fékk leyfi til að keyra Ferguson-traktorinn en þá fannst mér ég mikils virði. Þá var heyskapur seint á ferðinni og ég fékk að raka saman heyi á túnum.“

Ævar lauk embættisprófi í guðfræði fyrir fimm árum. Síðar sóttist hann eftir brauði í Eyjafirði en fékk ekki.

„Mér hefur alltaf þótt hljóma vel að vera sveitaprestur og segi ekki ef brauðin á Skútustöðum eða Skinnastöðum losna að ekki væri freistandi að eyða árum af sjötugsaldrinum í að tala yfir gömlum sveitungum,“ segir hann dreyminn, en er sáttur við 38 ár í útvarpinu.

„Ég er ánægður með að leggja mitt af mörkum í jafn mikilvægri stofnun og Ríkisútvarpið er, en Rás 1 er eini fjölmiðillinn þar sem töluð er íslenska um íslensk málefni. Ég hef því skemmt mér vel, fundist þetta góður starfsvettvangur og kynnst góðu fólki,“ segir Ævar sem ætlar til Kína með eiginkonu sinni Guðrúnu Kristjánsdóttur myndlistarkonu í tilefni sextugsafmælis þeirra beggja í ágúst.

„Ég er ákaflega hamingjusamur. Ég á tvö börn og þrjú barnabörn, en barneignir eru nærtækasti tilgangur lífsins. Barnalán skiptir mestu í lífshamingju fólks, sem og réttlátt og gott samfélag til að lifa í.“ thordis@frettabladid.is

MJÓLKA

VIÐ ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR!



Fitu- og sykur- minna

ORKU jógúrt

- *Enginn hvítur sykur*
- *Inniheldur agavesíróp*
- *Minni fita*



Starfsfólk í kaffiteríu

Nú er tækifærið! Okkur vantar starfsfólk í kaffiteríu Perlunnar.

Vaktavinna

Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.

Hjónasæla í súld

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Íslensk sumarbrúðkaup eru frábær. Sérstaklega þegar brúðhjónin spila djarft og halda þau úti við. Á sumarblíðu er ekki að treysta á klakanum og ekki hægt að panta sólina eins og hverja aðra rjómatertu. Það er þó einungis þegar fólk hengir sig í smáatriðin sem eitthvað getur farið úrskeiðis. Því strangari sem verðandi brúðhjón eru á tímasetningum, skreytingum, veitingum og væntingum, er hættara við að eitthvað fari út um þúfur.

ÓTELJANDI kvikmyndir hafa verið gerðar um einmitt þetta, brúðkaupsdaginn mikla þar sem allt gekk á afturfótunum. Servéttur í röngum lit og blómin af kolrangri gerð, kakan í klessu, hringurinn týndur og brúðurin grátandi í lok dags, svo fjúkandi reið við brúðgumann fyrir að hafa stigið á kjólinn svo hún hrasaði niður kirkjutröppurnar.



Það er svo sem ekkert einfalt að halda stóra veislu, en í fyrirganginum sem skipulagning brúðkaups krefst sem nær frá sevéttubrotum til litar og fjölda rósablaða í hverju sæti, vill tilefnið stundum gleymast. Hjónabandið.

ÉG FÓR í eitt stórskemmtilegt brúðkaup um daginn. Það var einmitt eitt af þessum ekta íslensku sumarbrúðkaupum sem fór fram úti við, eða í garði brúðhjónanna. Tjaldað hafði verið yfir gesti og steikurnar kraumuðu á grilli úti undir vegg. Veðrið var hins vegar ekki eins og best hefði verið á kosið til útifagnaðar, lemjandi slagveður og fárra stiga hiti.

GESTIRNIR höfðu þó verið beðnir að klæða sig vel enda iðulega allra veðra von norðan heiða. Lopapeysur og pollajakkar leystu því kjólfötin af þennan daginn og hælaskórnir fuku fyrir stígvélum. Krakkaskarinn veltist svo um í rigningunni, vel vatnsvarinn og glaður. Enda var þetta gleðidagur þó hryssingslegur væri, brúðkaupsdagur.

TILEFNI samkomunnar var líka alveg ljóst en rétt á meðan presturinn gaf brúðhjónin saman skein sólin upp sem snöggvast og það hætti að rigna. Fólk dró af sér hetturnar á regnjökkunum, söng og lyfti glösum og óskaði þeim nýgiftu til hamingju þarna í tjaldinu. Og svo fór bara aftur að rigna.

MATUR bragðast aldrei betur en úti og svo var einnig í þetta skiptið. Kakóið með drifhvítum rjómanum iljaði fram í fingurgóma og kleinurnar og hjónabandssælan runnu ljúflega niður. Þau nýgiftu litu ekki út fyrir að vera kalt. Og þar sem ég sat undir tjaldhimninum sem slóst til í rokinu og heyrði gegnum skrafandi gestina rigninguna dynja, hugsaði ég með mér að svona ættu brúðkaup að vera.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli



Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið — Eftir Tony Lopes



Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki



FARTÖLVUR FYRIR ALLA

Á verði fyrir alla - mikið úrval



84.950 kr

Toshiba Satellite C650D-11R

Örgjörvi: 2.2GHz Mobile AMD V Series V120
Vinnsluminni: 2GB DDR3 1066MHz
Diskur: 250GB SATA
Skrifari: 8xDVD±RW DL
Skjár: 15.6" WideScreen WXGA LED
Skjákort: ATI Radeon HD 4250 skjástýring
Hátalarar: Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Myndavél: Innbyggð 1,3MP
Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64-BIT
Þyngd: aðeins 2.4KG,



119.900 kr

Packard Bell Easynote TM81-RB-004
þrír litir, Svört, hvít, eða rauð

Örgjörvi: AMD Athlon II Dual-Core Mobile P320
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
Diskur: 320GB SATA
Skrifari: 8xDVD Super-Multi DL
Skjár: 15.6" HD LED Diamond View
Skjákort: 512MB ATI HD4250 DX10.1
Myndavél: Innbyggð 1.3MP
Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64-bit
Þyngd: aðeins 2.6kg



149.900 kr

Packard Bell Easynote
TM85-JO-010

Örgjörvi: Intel Core i5-430M 2.26GHz, Dual Core,
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
Diskur: 500GB SATA
Skrifari: 8xDVD SuperMulti DL
Skjár: 15.6" HD LED Diamond View skjár
Skjákort: 512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
Hljóðkerfi: 2.0 hljóðkerfi innbyggt með 2 góðum hátölurum
Myndavél: Innbyggð 1,3MP
Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64-bit
Þyngd. aðeins 2.6kg



129.900 kr

Packard Bell Easynote
TM86-GN-005

Örgjörvi: Intel Core i3-330M 2.13GHz, Dual Core
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
Diskur: 320GB SATA
Skrifari: 8xDVD SuperMulti DL
Skjár: 15.6" HD LED Diamond View
Skjákort: 512MB Core i HD
Myndavél: Innbyggð 1.3MP
Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64-bit
Þyngd aðeins: 2.6kg



Töskur frá:
4.860 kr



Þráðlaus mús- Gigabyte M7700
4.860 kr

TÖLVUVIRKNI

Holtasmára 1 - 201 kópavogi - www.tolvuvirkni.is - Opið alla virka daga frá 9-18 Laugardaga frá 10-16

Allar fartölvur eru með 2 ára ábyrgð - Verð og upplýsingar geta breyst án fyrirvara

villidadi@gmail.com

Kl. 22.00
Evróputúr íslensku hljómsveitarinnar Kimono hefst á tónleikastaðnum Faktorý, áður Grand Rokk, laugardaginn 28.ágúst klukkan 22.00. Hljómsveitin Formaður Dagsbrúnar mun styðja við bakið á Kimono en það er Þormóður Dagsson sem er í forsvari fyrir þá ágætu sveit.

menning

menning@frettabladid.is

Woyzeck gefið út á DVD

Vesturport hefur ráðist í að gefa út DVD-myndisk með uppfærslu sinni af Woyzeck en í henni heyrist óútgefin tónlist eftir Nick Cave og Warren Ellis. Diskurinn fæst í bókabúð Máls og menningar en Woyzeck var frumsýnt í Borgarleikhúsinu árið 2005 og hefur gert góða hluti á erlendri grundu undanfarin ár, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá hópnum.

Þá kemur einnig fram að mikið sé lagt í að hafa hljóð- og myndgæði sem allra best en upptakan fór fram i Árósum í Danmörku árið 2009. Vesturport hefur í nægu að snúast um þessar mundir því nú styttist í að Faust verði sett upp í Young Vic-leikhúsinu í London en sýningin er sett upp í tilefni af fjörutíu ára afmæli leikhússins. Þá ætlar hópurinn að reyna sig við gamanleik eftir áramót í Borgarleikhúsinu, þrjár sýningar verða á Hamskiptunum í Þjóðleikhúsinu um helgina og svo er það BAM-leikhúsið í New York þar sem sjálft Broadway gæti verið innan seilingar.



Á DVD Hinn margrómaða sýning Vesturports á Woyzeck hefur verið gefin út á DVD.

> ekki missa af...

Sýningunni Nekt sem staðið hefur yfir í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu frá því um miðjan maí lýkur á föstudaginn. Sýningin samanstendur af þrjátíu ögrandi myndum af nöktum líkömum í raunstærð eftir hinn heimskunna ljósmyndara Gary Shneider. Hafnarhúsið er opið daglega frá 10 til 17 og alla fimmtudaga frá 10 til 22.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

18.08.10 - 24.08.10



1 Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg



2 Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbol/Agnete Frills



3 Íslensk-dönsk/dönsk-íslensk vasaorðabók - Halldóra Jónsd.



4 Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert



5 Sjálfstætt fólk - kilja
Halldór Laxness




6 Ensk orðabók
Orðabókaútgáfan




7 Dönsk orðabók
Orðabókaútgáfan



8 Íslandsklukkan - kilja
Halldór Laxness



9 Meistarar og lærisveinar kilja - Þórbergur Þórðarson



10 Matsveppir í náttúru Íslands
Ása Margrét Ásgrímsdóttir

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Fyrstu tónleikarnir í Hofi

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur náð að marka sér sína sérstöðu í menningarlífi landsmanna og á sunnudaginn hefst nýr kafli í sögu sveitarinnar.



MIKIÐ UM DÝRÐIR Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er komin með fastan samastað í Menningarhúsi Akureyringa, Hofi.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands stendur á merkum tímamótum. Því eftir átján ára samfelld ferðalög og flakk er hljómsveitin loks komin með fastan samastað í Menningar-húsi Akureyringa, Hofi. Að því tilefni verður blásið til hátíðartónleika 29. ágúst en einleikari á þeim verður Víkingur Heiðar Ólafsson, einn fremsti píanóleikari þjóðarinnar. Víkingur Heiðar hyggst flytja píanókonsert eftir Edward Grieg en Víkingur hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir píanóleik sinn, meðal annars Íslensku tónlistarverðlaunin tvisvar, annars vegar sem flytjandi ársins og hins vegar sem bjartasta vonin.

Að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá hljómsveitinni verður nýtt verk eftir Hafliða Hallgrímsson einnig frumflutt en það var samið sérstaklega fyrir þetta tilefni. Verkið hefur Hafliði nefnt Hymnos op. 45 en tónskáldið býr í Skotlandi og helgar sig tónsmíðum þar. Þá verður einnig flutt sinfónía númer 9 eftir Antonín Dvorák en stjórnandi sveitarinnar á tónleikunum verður Guðmundur Óli Gunnarssonar.

Lókal-hátíðin í þriðja sinn



NYA RAMPEN Finnski leikhópurinn Nya Rampen sýnir Undantekninguna á Lókal.

LÓKAL – alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík fer fram dagana 1.-5. september. Hátíðin er haldin í þriðja sinn og í ár er lögð sérstök áhersla á nýjar og spennandi leiksýningar frá Norðurlöndunum. Einnig verður boðið upp á listamannaspjall eftir sýningar og efnt til málþings um nýjustu strauma og stefnur í norrænu leikhúslífi.

Gestir hátíðarinnar verða Rimini Protokoll frá Berlín, sem er einn kunnasti leikhópur Evrópu, Teater får 302 frá Danmörku, leikhópurinn De Utvalgte frá Noregi, Teatr Weimar frá Malmö, Nya Rampen frá Finnlandi og reykvísku leikhóparnir Kviss Búmm Bang og 16 elskendur. Kviss Búmm Bang setur á svið fund fulltrúa helstu iðnríkja heims og kallast viðburðurinn The Great Group of Eight. 16 elskendur sýna Nígeríusvindlið þar sem hópurinn setur sig í samband við fjármálasnillinga frá Nígeríu.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á síðunni Lokal.is.





MIRI Hljómsveitin Miri heldur útgáfutónleika á föstudagskvöld.

Miri fagnar nýrri plötu

Útgáfutónleikar Miri í Reykjavík fara fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu á föstudag. Þetta verða aðrir útgáfutónleikar hljómsveitarinnar í tilefni af útgáfu hennar á plötunni Okkar sem Kimi Records gaf út í júní. Þeir fyrri fóru fram á Seyðisfirði þar sem fólk á öllum aldri fyllti húsakynni Herðubreiðar. Ásamt Miri stíga á stokk Bergur Ebbi Benediktsson, Snorri Helgason og Loji Höskuldsson. Þetta verða síðustu tónleikar Miri í bili en trommuleikarinn Ívar Pétur Kjartansson heldur til Danmerkur í upphafi september.



Í LEIKHÚSIÐ Orð skulu standa, útvarpsþátturinn vinsæli, verður á litla sviði Borgarleikhússins frá 21. september. Karl Th. Birgisson, Davíð Þór og Hlín Agnarsdóttir verða við stjórnvölinn eins og endranær en listrænn stjórnandi er Hilmir Snær Guðnason.

Orð fá að standa í leikhúsi

Borgarleikhúsið tilkynnti í gær að útvarpsþátturinn Orð skulu standa yrði á litla sviði leikhússins, einu sinni í viku frá 21. september. Höfundur þáttanna segir fyrirmyndina vera fengna frá Ameríku.

„Hugmyndin kviknaði bara um leið og við fengum þessi skilaboð frá RÚV að þátturinn yrði ekki á dagskrá," segir Karl Th. Birgisson, stjórnandi útvarpsþáttarins og nú leikhúsþáttarins Orð skulu standa þar sem allir krókar og kimar íslensks máls eru skoðaðir. Það vakti mikla athygli þegar yfirstjórn Ríkisútvarpsins ákvað að skera niður þáttinn sem notið hafði mikilla vinsælda.

Aðdáendur þáttanna geta hins vegar tekið gleði sína að nýju því þátturinn verður á „dagskrá" Borgarleikhússins einu sinni í viku á litla sviðinu frá 21. september. Karl segir að þau muni nýta allt það sem leikhúsið hafi upp á að bjóða en listrænn stjórnandi þáttarins verður Hilmir Snær Guðnason. Lifandi tónlist verður í boði undir stjórn Pálma Sigurhjartarsonar auk þess sem áhorfendum gefst kostur á að taka þátt, eins og þeir hafa vilja og áhuga til, að sögn Karls.

Ekki er vitað til þess að þetta hafi áður verið gert á Íslandi. En Karl fer ekki leynt með hvaðan hugmyndin er komin. Einhverjir kunna nefnilega að muna eftir myndinni A Prarie Home Companion eftir Robert Altman sem sýnd var á kvikmyndahátíð hér á landi fyrir allnokkrum árum. Sú mynd byggði á samnefndum útvarpsþætti Garrisons Keilor sem hefur verið á öldum ljósvakans síðan 1974. „Mér er ljúft að viðurkenna að ég hafi leitað í smiðju Keilors. Hann er mikill snillingur og þaðan kemur hugmyndin. Þetta var helgistund á mínu heimili í Ameríku þegar sá þáttur var á dagskrá," segir Karl en mörgum er enn í fersku minni þegar Keilor setti upp útvarpsþáttinn í Þjóðleikhúsinu í tilefni af frumsýningu myndarinnar.

Karli til halds og traust á litla sviði Borgarleikhússins verða, eins og undanfarin ár, Davíð Þór Jónsson og Hlín Agnarsdóttir. „Hlín þarf reyndar að bregða sér frá á einhverju tímabili og þá mun Sólveig Arnarsdóttir setjast í hennar stól." Karl vildi ekki gefa upp hverjir yrðu fyrstu gestir þáttarins, þeir myndu þó allir eiga það sameiginlegt að hafa eitthvað fram að færa. „Fólkið mun ekki bara sitja og svara einhverjum spurningum um íslenskt mál heldur fær að láta ljós sitt skína." **-freyrgigja@frettabladid.is**

Auðveld bráð þjófa

Söfn sem varðveita dýrmæt listaverk eru ekki nægjanlega vel undir það búin að óprúttnir listaverkaþjófar láti til skarar skríða. Þetta segir Charles Hill, fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður hjá Metropolitan-listaverkalögreglunni, í viðtali við BBC. Nýverið var verðmætu listaverki Vincents van Gogh að verðmæti fimmtíu milljónir punda stolið úr safni í Kaíró. Menningarmálaráðherra Egyptalands er talinn vera flæktur í málið en Hill telur að söfn sýni kæruleysi þegar kemur að vörnum gagnvart þjófum.

Hill bendir á að ránið í Kaíró sé ekkert einsdæmi. Þegar þjófar létu greipar sópa í nútímalistasafni Parísar hafði öryggiskerfið ekki verið virkt svo vikum skipti. Samkvæmt fyrstu rannsóknum í Kaíró bendir allt til þess að aðeins 7 af 43 öryggismyndavélum hafi sinnt hlutverki sínu. „Þetta er alltaf sama sagan, stjórnendur listasafna virðast hafa takmarkaðan áhuga á því að vernda listaverkin og það er fremur auðvelt fyrir þjófa að nálgast upplýsingar um brotalamir á öryggiskerfum," sagði Hill við BBC Radio 4.



LÍTIL ÖRYGGISGÆSLA Svo virðist sem listaverkaþjófar eigi greiðan aðgang að öryggiskerfum listasafna.

Hill telur jafnframt ólíklegt að málverkinu hafi verið stolið fyrir safnara en þetta er ekki í fyrsta skipti sem því er rænt. Árið 1978 var því stolið frá þessu sama safni og fannst ekki fyrr en áratug seinna í Kúveit. **- fgg**


Áttunda örverkið

Áhugaleikhús atvinnumanna sýnir áttunda örverkið af tólf um áráttur, kenndir og kenjar í dag kl. 12.30 í Útgerð Hugmyndahúss háskólanna.

Verkið, sem heitir Örverk um ágúst eins og hann leggur sig, verður sýnt í beinni útsendingu á Netinu á síðunni Herbergi408.is en þar er jafnframt hægt að skoða fyrri verk úr örverkaröðinni. Örverkin 12 taka á áráttum, kenndum og kenjum sem hafa áhrif á mannlega tilvist í Reykjavík og eru kennd við þann mánuð sem þau eru flutt í. Viðfang verkanna ræðst af því sem hrærist í samtímanum og hefur áhrif á líf okkar.

Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir og leikarar eru Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hannes Óli Ágústsson, Orri Huginn Ágústsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson.

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010



Fimmtudagur 26. ágúst kl. 17
Hugarflug – Verið velkomin á opnunina.
Aðalbjörg Þórðardóttir / Abba sýnir olíumálverk. Svanir sem sagnaminni, náttúrufyrirbrigði og táknmyndir sálarinnar.



Fimmtudagur 26. ágúst kl. 20
Hefðin heiðruð – jazzstandardar og bebop.
Tónleikar með Kristjönu Stefáns, Agnari Má Magnússyni, Valdimari Kolbeini Sigurjónssyni og Scott McLemore. Í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur. **Miðaverð 2.000 kr.**
Miðasala við innganginn. -Mætið tímanlega!

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 • Lokað um helgar í ágúst

Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Allt að 60% verðlækkun

Gallerí Myndmál flytur.
Síðasta sýningarhelgi.



Svart hvítar myndir 60x170cm. Verð áður 150.000 - nú aðeins **60.000**

Berserkjahraun 60x170cm. Verð áður 150.000 - nú aðeins **95.000**

Ljósmynd á striga 60x170cm.
Verð áður 150.000 - nú aðeins **75.000**

Fallegar íslenskar landslagsljósmyndir fyrir heimili og fyrirtæki.
Fullt af nýjum myndum, margar stærðir og frábært verð.

www.rawiceland.com

gallery myndmál

Jón Páll Vilhelmsson
ljósmyndari

Laugavegi 86 | 562 9870 | www.rawiceland.com
Opið laugardag og sunnudag frá 11.00 - 17.00



SUFJAN STEVENS



ARCADE FIRE

> Í SPILARANUM

Sufjan Stevens - All Delighted People EP
Best Coast - Crazy For You
Tired Pony - The Place We Ran From
Arcade Fire - The Suburbs

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Melodica-hátíð í fimmta sinn

Tónlistarhátíðin Melodica Acoustic Festival verður haldin í fimmta skipti í Reykjavík núna um helgina. Í þetta skipti verða um fimmtíu atriði á dagskrá, þar af þrír erlendir tónlistarmenn.

Meðal nýjunga í ár eru órafmagnaðir tónleikar hljómsveita sem hingað til hafa verið þekktari fyrir rafmagnaðri uppákomur. Má þar telja Morðingjana, Ultra Mega Technobandið Stefán, Sykur og Bloodgroup. Önnur nýjung er lagasmíðavinnustofa Melodica-hátíðarinnar. Fjórir listamenn, þau Jona Byron, Halla Norðfjörð, Daníel Jón Jónsson og Jóhann Kristinsson, dvelja nú á Hótel Djúpavík þar sem þau semja saman lög í tvo daga. Þau kynna afurðirnar á föstudagskvöld á Café Rosenberg.



MORÐINGJARNIR Pönkararnir verða órafmagnaðir á Melodica Acoustic Festival.

Melodica fer þannig fram í ár að á föstudag og laugardag hefst dagskráin kl. 16 á Hemma og Valda og stendur þar til kl. 22.30.

Dagskráin á Rósenberg hefst kl. 21 og stendur yfir til kl. eitt eftir miðnætti. Á sunnudag verður síðan slakað á í Slippsalnum við Mýrargötu 2 frá kl. 18 til 23. Ókeypis er á hátíðina en frjáls framlög eru vel þegin.

Tilgangur Melodica-hátíðarinnar er að hjálpa listamönnum úr grasrótinni að kynnast betur og vinna saman. Enn fremur að kynna unga og upprennandi tónlistarmenn og skapa þeim vettvang til að koma fram. Hátíðin er nú haldin víða um heim, meðal annars í Melbourne, Sydney, Hamborg, Berlín, Árósum, Brighton og brátt í New York og Amsterdam.



TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Hann og Þeyr

Haldið var upp á hundrað ára afmæli íslensku hljómplötunnar með sýningu og dagskrá í Norræna húsinu á mánudaginn. Almenn ánægja var með dagskrána yfir daginn og þótti hún bæði fróðleg og skemmtileg. Fyrir marga átti boðuð endurkoma nokkurra af meðlimum hljómsveitarinnar Þeyr um kvöldið svo að verða hápunkturinn, en mikil stemmning hafði myndast fyrir henni. Gestir fóru að tínast inn í Norræna húsið klukkutíma fyrir auglýstan tíma, enda salurinn lítill og ekki ráðlegt að hætta á að verða af þessum stórviðburði.



ÞEYR Ein flottasta hljómsveit Íslandssögunnar.

Þegar á hólminn var komið fólst „endurkoman“ hinsvegar í sýningu á kvikmynd um sögu sveitarinnar og flutningi á þremur lögunum hennar í nýjum útsetningum. Eini meðlimur Þeys sem tók þátt í dagskránni var Guðlaugur Kristinn Óttarsson sem kynnti flytjendur en tók ekki þátt í sjálfum tónlistarflutningnum. „Þetta eru ekki Þeyr, þetta er hann!“ eins og einn tónleikagesturinn heyrðist segja.

Þeyr er að mínu mati flottasta hljómsveit Íslandssögunnar. Hún gerði frábærar plötur og var stórkostleg tónleikasveit. Þess vegna er kannski bara gott að hún kom ekki saman í einhverri bæklaðri mynd í Norræna húsinu á mánudagskvöldið. Ef Þeysendurkoma á að standa undir nafni þurfa allir meðlimirnir að vera með og þá þarf að gera þetta almennilega. Hálfkák er verra en ekkert.
Eins og fram kom í kvikmyndinni Þeyr the Movie (sem enn er á vinnslustigi) þá kom hin endanlega útgáfa Þeys fram á sjónarsviðið 1981 og verður því 30 ára á næsta ári. Það mætti vel halda upp á þau tímamót með kombakki, en það mætti líka fagna þeim með endurútgáfu á plötum bandsins og bæta við fágætu efni og tónleikaupptökum. Þetta er allt of gott efni til að láta það rykfalla í einhverjum skúmaskotum.

Þó að tónlistaratriðin hafi verið ágæt þá stóð Þeys-dagskráin í Norræna húsinu ekki undir væntingum. Hún vakti hins vegar athygli á þessari frábæru sveit sem er besta mál.





TIRED PONY Gary Lightbody og Peter Buck á fyrstu tónleikum Tired Pony í London í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

Ofurgrúppan Tired Pony

Tired Pony er nýjasta ofurgrúppan sem lítur dagsins ljós. Liðsmenn R.E.M., Snow Patrol og Belle & Sebastian eru þar í aðalhlutverkum.

Ofurgrúppur virðast vera í mikilli tísku um þessar mundir. Rokkarinn Jack White reið á vaðið með The Dead Weather sem er skipuð meðlimum The White Stripes, The Kills og Queens of the Stone Age og í kjölfarið steig fram í dagsljósið Them Crooked Vultures, kröftug rokksveit með þríeykinu Dave Grohl, Josh Homme og John Paul Jones, fyrrum bassaleikara Led Zeppelin.

Núna er röðin komin að poppkántríbandinu Tired Pony. Meðlimir hennar eru Gary Lightbody, forsprakki hinnar norður-írsku Snow Patrol, Peter Buck, gítarleikari R.E.M., Richard Colburn, trommari Belle & Sebastian, og þeir Ian Archer, Jacknife Lee, Scott McCaughey og Troy Stewart sem eru allir reyndir úr tónlistarbransanum.

Lightbody er maðurinn á bak við Tired Pony. Hann byrjaði að semja lög fyrir ímyndaða kántríhljómsveit þegar Snow Patrol var á tónleikaferð til að fylgja eftir sinni síðustu hljóðversplötu, A Hundred Million Suns. Það var síðan í maí í fyrra sem Tired Pony komst fyrst í fréttirnar eftir að Lightbody játaði ást sína á sveitatónlist. Hann útskýrði að hann hefði gengið með kántríplötu í maganum í langan tíma og að hún yrði hans næsta verkefni.

Hljómsveitin varð síðan að veruleika 4. janúar síðastliðinn þegar hópi tónlistarmanna var hóað saman í hljóðver í Portland í Bandaríkjunum undir handleiðslu upptökustjórans Garrett „Jacknife“ Lee sem stjórnaði einmitt upptökum á A Hundred Million Suns. Hann hefur unnið náið með R.E.M. í gegnum árin og í gegnum hann gengu þeir Pete Buck og Scott McCaughey, sem hefur spilað með R.E.M. á tónleikum síðan 1994, til liðs við Tired Pony.

Hópurinn náði sérlega vel saman og fyrsta plata Tired Pony, hin prýðilega The Place We Ran From, kom út í Bretlandi í síðasta mánuði. Fyrstu tónleikar sveitarinnar voru síðan í London 14. júlí. Góðir gestir stigu þar á svið, eða Lisa Hannigan, sem hefur sungið með Damien Rice, og Tom Smith, söngvari Editors, sem kemur einmitt við sögu á plötunni.

freyr@frettabladid.is

Fyrstu tónleikarnir í sex ár

Enska rokksveitin The Libertines hélt sína fyrstu tónleika í sex ár í HMV-höllinni í London fyrir framan um þrjú hundruð vini og ættingja. Sveitin hætti árið 2004, aðallega vegna vaxandi eiturlyfjanotkunar söngvarans Pete Doherty, og töldu margir að hún ætti ekki afturkvæmt.

Doherty og hinn forsprakki sveitarinnar, Carl Barat, virðast hafa grafið stríðsöxina langt niður í jörðina því þeir náðu vel saman á tónleikunum. Spiluð voru 22 lög, bæði af fyrstu plötunni Up the Bracket frá árinu 2002 og af þeirri næstu, The Libertines. Sveitin var að sjálfsögðu klöppuð upp og spilaði þá tvö lög af fyrstu smáskífu sinni, What a Waster og I Get Along.

Liðsmenn The Libertines litu á tónleikana sem nokkurs konar æfingu, enda umvafðir fólki sem þeir þekktu. Í kvöld verða aðrir tónleikar á sama stað fyrir aðdáendur sem unnu miða á Netinu. Alvaran hefst síðan á morgun þegar Doherty og félagar spila á Leedstónlistarhátíðinni. Annað kvöld er síðan röðin komin að Readinghátíðinni heimsfrægu. Þar stígur sveitin næstsíðust á svið á undan hinni kanadísku Arcade Fire.



THE LIBERTINES Hljómsveitin The Libertines hélt sína fyrstu tónleika í sex ár í London.

VESTURPORT KYNNIR:

HAMSKIPTIN

EFTIR FRANZ KAFKA
LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARÐARSSON OG DAVID FARR
TÓNLIST: NICK CAVE OG WARREN ELLIS

Miðasala er hafin í Þjóðleikhúsinu



Sýning ársins og leikmynd ársins, Gríman 2008
★★★★★ The Guardian UK
"Best International Production of the year" Sidney Times
"An 85 minute masterpiece" The Daily Mail

EINSTAKT TÆKIFÆRI, AÐEINS ÖRFÁAR SÝNINGAR! FYRSTA SÝNING 27. ÁGÚST!

Hamskiptin í uppsetningu Vesturports hefur farið sigurför um heiminn, nú síðast í Kólumbíu og verður sýnd í Þjóðleikhúsinu í takmarkaðan tíma.

LEIKARAR: ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR EGILL EGILSSON

Viðskiptavinir NOVA **fá 1000 kr. afslátt á fyrstu 5 sýningarnar ef keypt er í miðasölu Þjóðleikhússins.**

Sýningar: 27/8 - 28/8 - 29/8 - 2/9 - 3/9

VesturPort

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasala | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is

> MACDOWELL Í FOOTLOOSE

Andie MacDowell hefur samþykkt að leika eiginkonu Dennis Quaid í endurgerðinni af Footloose. Gerð myndarinnar hefur reyndar verið í lausu lofti og enn er ekki búið að finna aðalleikara myndarinnar til að endurtaka spor Kevins Bacon frá því á síðustu öld.



bíó

bio@frettabla

Cera í vanda og þrívíddardans

Kvikmyndirnar Scott Pilgrim vs. the World og Step Up 3-D eru meðal nýrra mynda í kvikmyndahúsum borgarinnar. Scott Pilgrim skartar Michael Cera í kunnuglegu hlutverki, náunga sem á erfitt með að ná sér í stelpur en þegar hann finnur þá réttu hangir yfirleitt eitthvað á spýtunni. Persóna Cera í þessari mynd heitir Scott Pilgrim, er 23 ára gamall bassaleikari í bílskúrsbandi og hefur nánast aldrei verið við kvennmann kenndur. Þetta breytist allt þegar hann hittir Ramonu, sem er leikin af Mary Elisabeth Winstead. Hún er ekki öll þar sem hún er séð því sjö fyrirverandi kærastar hennar hafa í hyggju að drepa Scott. Bassaleikarinn ólánsami verður því sjálfur að berjast fyrir lífi sínu og vera fyrri til. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Kieran Culkin, þann Culkin-bræðra sem ekki varð frægðinni að bráð. Til gamans má geta að kvikmyndatímaritið Empire gaf myndinni fullt hús stiga og á imdb.com fær myndin 8,2 af tíu.

Hið sama verður ekki sagt um Step Up 3-D. Eins og nafnið gefur til kynna er myndin í þrívídd en Hollywood er gjörsamlega að fara fram úr sér með þessari tækni. Step Up 3-D hefur fengið vægast sagt skelfilega dóma, fær falleinkunn hjá imdb.com eða 4,2. Rotten Tomatoes er ögn vingjarnlegri í garð myndarinnar en í umsögnum um myndina kemur fram að aðalleikararnir geti ekkert leikið, hins vegar séu dansatriðin ótrúlega flott. Aðalhlutverkin í þessari mynd eru í höndum Ricks Malambri, Adams G. Sevani og Sharni Vinson.



VONLAUS KVENNAMAÐUR Michael Cera leikur enn og aftur vonlausan kvennamann í Scott Pilgrim. Miðað við gagnrýnina sem myndin fær virðist þetta þó vera besta Cera-myndin.

Katie snýr aftur

Lítið hefur farið fyrir Katie Holmes undanfarin ár eða síðan hún giftist Tom Cruise og eignaðist með honum Suri Cruise. Eftir að hafa sinnt barnauppeldi er Holmes nú aftur komin á kreik. Hún leikur til að mynda Jackie O í nýrri sjónvarpsþáttaröð um Kennedy-fjölskylduna og ekki má gleyma The Romantics, kvikmyndinni sem íslenski kvikmyndagerðarmaðurinn Eva Maria Daniels framleiðir.

Nýjustu fréttir herma að Holmes eigi nú í viðræðum við Adam Sandler og hans lið um að leika í gamanmyndinni Jack & Jill. Myndin fjallar um deilur tvíburasystkina en Sandler hyggst leika bæði tvíburabróðurinn og tvíburasysturina. Holmes myndi þá leika eiginkonu Sandlers í myndinni en Al Pacino hefur þegar samþykkt, samkvæmt Hollywood Reporter, að leika sjálfan sig í myndinni.

Holmes virðist hafa í nægu að snúast því hún leikur eitt aðalhlutverkanna í Don't Be Afraid of the Dark sem kemur úr smiðju mexíkóska snillingsins Guillermo del Toro. Holmes má líka við því að endurreisa feril sinn eftir að hafa verið sparkað, nánast bókstaflega, úr Batman-syrpu Chris Nolan.



MEÐBYR Katie Holmes finnur fyrir smá meðbyr en hún er smám saman að snúa aftur til starfa í Hollywood eftir barnauppeldi.

Einangraði sig frá mótleikurum sínum í myndinni

Þýski leikarinn Dieter Laser fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Human Centipede. Hann lagðist í drykkju eftir að tökum á myndinni lauk.

Þýski leikarinn Dieter Laser fer með eitt aðalhlutverkanna í hryllingsmyndinni The Human Centipede sem er frumsýnd á vegum Græna ljóssins 27. ágúst. Myndin hefur hlotið misjafna dóma gagnrýnenda en þrátt fyrir það hefur hún öðlast költstöðu meðal margra hrollvekjuaðdáenda, bæði fyrir myrkan húmor og nýstárlegt handrit.

Laser segir best að horfa á myndina í góðra vina hópi því þá komist hinn svarti húmor betur til skila heldur en þegar horft er á myndina einn síns liðs. „Móttökurnar hafa verið misjafnar. Eiginkona mín sá myndina á sérstakri miðnætursýningu í Berlín og fannst hún gríðarlega fyndin. Ef menn mæta einir á myndina er hætta á að þeir sjái ekki spaugilegu hliðina og verði fyrir vonbrigðum því þetta er ekki hryllingsmynd. Hið hryllilega er ekki sýnt nákvæmlega heldur gerist að mestu í huga áhorfandans. Ég hef sjálfur verið viðstaddur nokkrar frumsýningar og finnst sem fólk sé almennt mjög hrifið af myndinni," segir hinn geðþekki leikari.

Laser ræddi við leikstjóra kvikmyndarinnar, Tom Six, áður en hann las handritið og lýsti Six hugmyndum sínum svo fjálglega að Laser heillaðist strax og samþykkti að taka hlutverkið að sér. „Þegar ég las svo handritið fóru að renna á mig tvær grímur og ég óttaðist að þetta gæti haft slæm áhrif á leikferil minn. Ég ákvað samt að halda áfram og hóf að undirbúa mig. Ég vakti á nóttunni og las handritið aftur og aftur og hugsaði um hlutverkið þannig að þegar tökur hófust átti ég mjög auðvelt með að smella mér í hlutverk Dr. Heiters."



VILL HEIMSÆKJA ÍSLAND Dieter Laser er virtur sviðsleikari í heimalandi sínu. Hann hefur aldrei heimsótt Ísland en sagðist gjarnan vilja koma ef aðstandendur myndarinnar greiddu fyrir hann flugfarið. Hér er hann ásamt eiginkonu sinni.

NORDICPHOTOS/GETTY

Aðspurður segir Laser nauðsynlegt fyrir leikara að kafa eins djúpt í hlutverk sitt og þeir mögulega geta og gerði hann einmitt það með hinn bandóða Dr. Heiter. „Einmitt þetta gerir leiklistina svo spennandi. Fyrir þetta hlutverk þurfti ég að kafa ofan í mínar myrku hliðar. Sem Þjóðverji skil ég að menn geta aldrei verið fullvissir um sitt innsta eðli og maður sá það best í kringum seinni heimsstyrjöldina," segir hann. Við tökur á myndinni einangraði Laser sig algjörlega frá mótleikurum sínum og öðrum í tökuliðinu, hann snæddi meðal annars einn og ræddi aldrei við samstarfsfélaga sína. „Þetta var ein aðferðin við að styrkja karakterinn. Ég hafði engin samskipti við mótleikara mína sem gerði það að verkum að þeim fannst óþægilegt að vera nálægt mér og á sama tíma skapaðist bil á milli okkar, líkt og á milli guðs og sköpunarverks. En við erum öll miklir vinir í dag," segir hann og hlær.

Laser viðurkennir að hann hafi lagst í drykkju eftir að tökum á The Human Centipede lauk og drakk hann ótæpilega í nokkrar vikur. „Ég drekk yfirleitt ekki en ég drakk mikið vikurnar eftir að tökum lauk. Maður verður hálf tómur eftir að hafa verið í karakter í langan tíma og það getur verið erfitt að snúa aftur í raunveruleikann og takast á við hið daglega líf. Ég þurfti að þvo hausinn á mér hreinan af Dr. Heiter og nú er hann mér alveg ókunnugur."

sara@frettabladid.is


Bond ekki búinn

Aðstandendur 23. myndarinnar um James Bond hafa sent frá sér tilkynningu þar sem þeir fullvissa aðdáendur kvikmyndabálksins um að myndin verði gerð. Það vakti mikla athygli þegar ákveðið var að fresta gerð myndarinnar vegna fjárhagsvandræða MGM-kvikmyndaversins og margir sáu fyrir sér að sögunni „endalausu" um Bond, konurnar í lífi hans og vondu karlana með heimsyfirráðshugmyndir sínar væri loks lokið. En öðru nær, 23. myndin verður gerð ef marka má áðurnefnda yfirlýsingu.

Ian Dunleavy, yfirmaður Pinewood-kvikmyndaversins í Buckingham, sagði við fjölmiðla að myndin yrði að raunveruleika í nánustu framtíð. Margir hafa hrósað Daniel Craig fyrir frammistöðu hans í hlutverki Bond í síðustu tveimur myndum en hann ákvað í kjölfarið á frestuninni að leika Mikael Blomkvist í myndum David Fincher eftir bókum Stiegs Larsson.



SNÝR AFTUR Forsvarsmenn Pinewood-kvikmyndaversins eru sannfærðir um að Daniel Craig muni snúa aftur í hlutverki Bond.



INNANHÚSSTÍLISTANÁM

Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
Stílistun á:
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
Stílisti


Helga Sigurbjarnadóttir
Innanhúsarkitekt


Þorsteinn Haraldsson
Byggingafræðingur

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

Hoffman í þriðju myndinni


Samkvæmt yfirlýsingu frá Universal mun Dustin Hoffman endurtaka hlutverk sitt sem Bernie Focker í þriðju myndinni um ævintýri (lesist: óheppni) Gaylords Focker – eitt besta hlutverk Bens Stiller – og samskipti hans við tengdaföður sinn og CIA-manninn Jack Bynes. Hinar tvær myndirnar, Meet the Parents og Meet the Fockers, slógu eftirminnilega í gegn en samningar náðust ekki við Hoffman fyrir þriðju myndina sem hefur verið gefið nafnið Little Fockers.

Ekki tókust samningar við Hoffman um að leika í myndinni á sínum tíma og neyddust handritshöfundarnir meðal annars að skrifa nýtt handrit þar sem Bernie var ekki í myndinni. En um helgina bárust fréttir af því að Hoffman hefði hitt tökulið myndarinnar og allt leikaraliðið var kallað í nokkrar umfangsmiklar tökur. Forsvarsmenn Universal staðfestu þessar fréttir síðan og bættu því við að kostnaður við myndina hefði verið undir kostnaðaráætlun og þeir því ákveðið að nota „skiptimyntina" til að borga Hoffman nokkuð góða summu.



LÉT SLAG STANDA Dustin Hoffman féllst á að leika í þriðju Meet-myndinni, en þær fjalla um samskiptaörðugleika Jacks Bynes og Gaylords Focker.

Að þessu sinni eiga þau Gaylord, eða Greg, og Pam von á sínu fyrsta barni og það, eins og gefur að skilja, skapar nokkuð mikla togstreitu milli Gregs og Jacks. Ekki skánar ástandið þegar Jack fer að gruna að Greg gangi með grasið í skónum á eftir hjúkrunarfræðingi, sem Jessica Alba leikur.



GOSH®
COSMETICS

20% afsláttur af GOSH
förðunarvörum, kremum, hreinsilínu, baðlínu og GOSH fylgihlutum.

- Nýir litir í förðunarlínunni.
- Ný og endurbætt krem og hreinsilína.
- Baðlínan inniheldur hina vinsælu Green Tea og White Tea blöndu.
- Fylgihlutirnir frá GOSH eru gríðalega vinsælir s.s. gerviaugnahár, augnahárabrettari, naglaklippur, förðunarburstar og margt fleira.



Prevens hreinsiklútar
í vasann og veskið. Hreinsa og fríska augu, varir og andlit.

Prevens antiseptic
Sótthreinsandi blautklútar í vasann og veskið. Vinnur á 99,8% allra sýkla!



Frizz Ease hafðu stjórn á þínum stíl.
Straight Ahead undirstaða fyrir spegilslétt og fallegt hár.
Curl Around í átt að fullkomlega mótuðum krullum.
Frizz Ease mótunarvörur til þess að ná hámarksárangri.

NÝTT
fyrir tannkul





NÝTT Colgate Sensitive Pro Relief
Linar sársauka vegna tannkuls hratt og örugglega. Í viðkvæmum tönnum opnast göng, sem hleypa hita og kulda að taugunum. Colgate Sensitive Pro Relief er með einstakri Pro Argin formúlu sem lokar göngunum og sársaukinn hverfur samstundis. Með daglegri notkun linar þú sársaukann endanlega.

Natracare hreinlætisvörur
eru úr lífrænni bómull og náttúrulegum efnum sem brotna niður í náttúrunni. Lausar við klór, ilmefni og plastefni.

Gildir til 29. ágúst.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> SKUGGABALDUR HANDTEKINN



Skuggabaldur fyrirsætunnar **Paris Hilton** hefur verið kærður fyrir innbrot. Hinn 31 árs gamli Nathan Lee Parada reyndi að brjótast inn á heimili Hilton 24. ágúst síðastliðinn, vopnaður eldhúshnífi, en öryggiskerfi hótelerfingjans sannaði mátt sinn og megin og lét laganna verði vita. Parada kemur fyrir dómara í næsta mánuði.

fólk

folk@frettabladid.is

Elin talar um hjónaskilnaðinn

„Ég gekk í gegnum helvíti á jörðu.“ Þetta er meðal þess sem tímaritið People hefur eftir Elinu Nordegren, fyrrum eiginkonu Tigers Woods, í viðtali sem það birti í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem Elin tjáir sig á opinberum vettvangi um hvað gerðist og hvernig henni hefur liðið meðan á fjölmiðlafárinu stóð í kringum ótrygga eiginmanninn.

Skilnaður Tigers og Elinar tók formlega í gildi á mánudag en samkvæmt honum má Elin ekki ræða hjónabandið í smáatriðum.

Í viðtalinu kemur fram að Elinu grunaði aldrei að maðurinn hennar væri henni ótrúr. „Síðustu þrjú ár var ég mun meira heima, sinnti börnunum, var ólétt og í skóla. Ég hafði ekki hugmynd hvað gerðist og mér fannst ég vera heimskari og heimskari eftir því sem fleiri leyndarmál komu upp á yfirborðið,“ segir Elin í viðtalinu. Hún tekur jafnframt fram að hún hafi aldrei ráðist á Tiger þegar hann lá slasaður í bíl sínum eftir að hafa keyrt á brunahana.

Sænska fyrirsætan viðurkennir að það hafi tekið sinn tíma að taka ákvörðun um framhaldið. „Að endingu ákvað ég að sýna börnunum mínum að það væri betra að vera ein og hamingjusöm en í sambandi þar sem annar aðilinn treystir ekki hinum.“ Elin segir síðan að hún muni þurfa að fyrirgefa og sætta sig við hvað gerðist því það sé eina leiðin fyrir hana að verða hamingjusama á ný. „Og ég veit að ég á eftir að ná á þann stað.“



FYRSTA VIÐTALIÐ Elin Nordegren segist hafa gengið í gegnum helvíti á jörðu eftir að upp komst um framhjáhald eiginmanns hennar, Tigers Woods.


SCHMIDT
- vélar



- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Sótt um í smiðju



JIM JARMUSCH Bandarískur leikstjórinn tekur þátt í kvikmyndasmiðju RIFF.

Fresturinn til að sækja um að taka þátt í kvikmyndasmiðju Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF, hefur verið framlengdur til 1. september. Í smiðjunni hittast verðandi leikstjórar frá mörgum löndum, ráða ráðum sínum, horfa á kvikmyndir og læra af reynsluboltum úr bransanum.

Smiðjan er hugsuð til stuðnings þeim sem eru að undirbúa fyrstu mynd sína í fullri lengd en einnig fólki sem vinnur í bransanum og hefur áhuga á að gera meira. Í smiðjunni í ár verður að vanda einvala lið fagfólks sem tekur þátt, þar á meðal Jim Jarmusch, Peter Wintonick, Cameron Bailey og Valdís Óskarsdóttir. Þátttakendum stendur einnig til boða að keppa um Gulleggið og að kynna næsta verkefni sitt fyrir hópi framleiðenda.



Á LEIÐ TIL KÍNA Sylvía Briem undirbýr sig af krafti fyrir fegurðarsamkeppnina Miss Tourism Queen Of The Year International. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undirbýr sig fyrir ferðalag til Kína

Fegurðardísin Sylvía Briem Friðjónsdóttir tekur þátt í Miss Tourism í Kína eftir mánuð en það er ein stærsta fegurðarsamkeppni heims.

Kópavogsmærin Sylvía Briem Friðjónsdóttir tekur þátt í fegurðarsamkeppninni Miss Tourism Queen Of The Year International sem verður haldin í Kína 25. september í sautjánda sinn. Þar keppa stelpur frá um níutíu löndum um titilinn Ungfrú ferðalangur og telst þetta vera ein stærsta fegurðarsamkeppni heims.

„Þetta leggst rosalega vel í mig og ég hlakka ekkert smá til,“ segir Sylvía Briem, sem er 21 árs. „Ég er að fara í fyrsta skipti til Kína, þannig að þetta er mjög spennandi.“

Sylvía lenti í þriðja sæti í Ungfrú Ísland í fyrra og í öðru sæti í Ungfrú Reykjavík og fær nú tækifæri til að reyna sig utan landsteinanna. „Ég fékk boð frá manni sem heitir Peter Hadward sem sér líka um Miss World og Miss Universe. Hann bað mig um að koma í þessa keppni.“

Fegurðardísir úr Ungfrú Ísland hafa lítið keppt erlendis undanfarin ár, hvað þá í þessari keppni, og því er tækifærið gott fyrir Sylvíu. Hún flýgur út 4. september og verður því úti í þrjár vikur fram að keppni. „Við förum fyrst til Peking og síðan þaðan til Sjanghæ þar sem keppnin verður haldin. Svo verðum við líka í góðgerðarmálum í Malasíu,“ segir hún. Stelpurnar taka einnig þátt í tískusýningum og verða einhverjar þeirra sýndar á sjónvarpsstöðinni Fashion TV. „Þetta er pínu stressandi því ég vissi ekki að þetta væri svona stór keppni. Það kom mér á óvart hvað þetta er mikið dæmi því það er búið að plana hvern einasta dag.“

Sylvía undirbýr sig nú af krafti fyrir keppnina undir styrkri leiðsögn Fannars Karvels, einkaþjálfara hjá World Class. Hún starfar sem sölumaður hjá Ölgerðinni en ætlar í Kvikmyndaskóla Íslands eftir áramót. freyr@frettabladid.is

Í TOPPFORMI
MEÐ RÉTTU MATARÆÐI



SVELLKÖLD
A-skautarar Listhlaupadeildar Skautafélags Reykjavíkur stóðu sig með eindæmum vel á síðasta tímabili og eiga Íslands- og bikarmeistara í öllum A-flokkum. Þau áttu oft öll efstu sætin.

A-skautarar í Listhlaupadeild Skautafélags Reykjavíkur undirbúa sig nú fyrir næsta vetur. Þau velja hollan, ferskan og framandi mat á SAFFRAN til að halda sér í toppformi. Við erum stolt af að styrkja nokkur af okkar efnilega íþróttafólki.

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Syngur fyrir páfann

Skoska söngkonan Susan Boyle segir það mikinn heiður að fá að syngja fyrir Benedikt páfa í næsta mánuði. Páfinn er á leiðinni í opinbera heimsókn til Skotlands og Boyle hefur verið boðið að syngja fyrir hann. Hún mun syngja lögin I Dreamed a Dream og How Great Thou Art fyrir páfann sem mun vafalítið heillast af frammistöðunni.

„Það er mikill heiður að syngja fyrir páfann,“ sagði hin 49 ára Boyle, sem sló í gegn í raunveruleikaþættinum Britain´s Got Talent. „Mig hefur alltaf dreymt um að syngja fyrir páfann og ég get ekki lýst því hversu ánægð ég er með að draumurinn sé að verða að veruleika.“



SUSAN BOYLE Segir það mikinn heiður að fá að syngja fyrir páfann.

Ný sjónvarpsstöð

X TV er ný sjónvarpsstöð sem ætluð er ungu fólki og verður hún send frítt út bæði í sjónvarpi og á netinu. Markmið stöðvarinnar er að koma ungu og efnilegu fólki á framfæri og leitar Grétar Jónsson, stofnandi hennar, nú að fólki með skemmtilegar hugmyndir að sjónvarpefni.

„Við erum bæði að leita að fjármagni og fólki sem vill taka þátt í þessu verkefni. Markhópur stöðvarinnar er ungt fólk á aldrinum 18 til 25 ára, en þeir sem koma að dagskrárgerðinni þurfa bara að vera orðnir 18 ára gamlir. Við óskum eftir leikstjórum, tökufólki, handritshöfundum og öðru fagfólki eða áhugamönnum um þáttagerð því auk þess að vera sjónvarpsstöð verðum við líka í hlutverki tengiliðs fyrir fólk innan bransans," útskýrir Grétar. Hann segir hugmyndina að sjónvarpsstöðinni fyrst hafa kviknað árið 2004 og að hún hafi blundað í honum þar til nú. Sjálfur lærði Grétar við Kvikmyndaskóla Íslands og vann meðal annars við gerð kvikmyndanna Kóngavegar 7 og Borgríkis.



NÝR SJÓNVARPSSTJÓRI Grétar Jónsson setur á laggirnar nýja sjónvarpsstöð sem hlotið hefur nafnið X TV. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn er ekki komin nákvæm dagsetning á það hvenær sjónvarpsstöðin fer í loftið en Grétar vonar að það verði fyrr en síðar. „Ég er að taka á móti hugmyndum núna, það er enginn umsóknarfrestur því stöðin á að byggjast upp á því í framtíðinni að við fáum alltaf inn nýjar og ferskar hugmyndir." Áhugasamir geta haft samband með því að senda póst á netfangið xtv@xtv.is. - sm

Saman í þriðja sinn

Leikkonan Jennifer Aniston og söngvarinn John Mayer sáust saman á stefnumóti í New York á dögunum. Mayer á að hafa átt frumkvæðið að stefnumótinu þegar hann bauð Aniston frá New York til Los Angeles til að koma á tónleikana sína og fór parið saman út að borða eftir á. Parið á sér langa sögu en þau byrjuðu fyrst saman í byrjun árs 2008 og hættu svo saman um sumarið. Mayer og Aniston tóku svo aftur saman í mars 2009 en leiðir skildi á ný í október sama ár. Í bæði skiptin á það að hafa verið Mayer sem sagði Aniston upp en hann lýsti því yfir í viðtali við Rolling Stone í byrjun ársins að sambandsslitin við leikkonuna góðkunnu hefðu verið það versta sem hann hafi gengið í gegnum og að hann elskaði hana ennþá.



ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER Jennifer Aniston og John Mayer sáust saman á stefnumóti í New York en þau hafa byrjað og hætt saman tvisvar áður.



FÆR GLEE Billy Joel er nýjasta stjarnan til að fá sérstakan Glee-þátt.

Billy Joel fær Glee-þátt

Billy Joel er nýjasta stjarnan sem fær sérstakan Glee-þátt. Þættirnir hafa slegið í gegn beggja vegna Atlantshafsins og hafa stjörnur á borð við Lady Gaga, Madonnu og Britney Spears gefið leyfi til að nota tónlist sína í þáttunum.

Billy Joel sagðist sjálfur hafa verið í kór í framhaldsskóla og því væri gráupplagt fyrir framleiðendur þáttanna að notast við tónlistina hans. Til gamans má geta að gestaleikarinn Neil Patrick Harris fékk einmitt Emmy-verðlaunin þegar hann flutti áðurnefnt lag í síðustu þáttaröð.



BÚIÐ Í BILI Emma Watson og George Craig ætla að láta sér nægja vinasamband í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Of upptekin fyrir ástina

Sambandi leikkonunnar ungu Emmu Watson og George Craig úr hljómsveitinni One Night Only er lokið að sögn rokkarans. Segir hann þau bæði vera of upptekin fyrir samband núna en parið kynntist við tökur á Burberry auglýsingaherferð fyrr í sumar. Craig segist gjarna hafa viljað að meira yrði úr sambandinu og að Watson sé yndisleg manneskja. „Ég sætti mig bara við að vera vinur hennar í bili en við erum bæði með svo mikið í gangi að við höfum ekki tíma fyrir hvort annað."


Emma Watson er þessa stundina í fullu námi við Brown háskóla í Bandaríkjunum en hún er hvað þekktust fyrir hlutverk sitt sem Hermoine í Harry Potter-myndunum.





NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus









SÝNINGARTÍMAR

SCOTT PILGRIM	3.50, 5.45, 8 og 10.15	16
EXPENDABLES	3.50, 6, 8 og 10.15(P)	12
SALT	6 og 10.10	16
LAST AIRBENDER 3D	3.50	10
LAST AIRBENDER 2D	8	10


SAMBÍÓIN














SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
HUNDAR OG KETTIR 2 M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
LETTERS TO JULIET	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
SALT	kl. 8 - 10:10 - 10:50	14
THE SORCERER´S APPRENTICE	kl. 8 - 10:20	7
INCEPTION	kl. 7 - 8 - 10	12
INCEPTION	kl. 5 - 8	12
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ísl. Tali	kl. 4:20	L
LEIKFANGASAGA 3-3D M/ísl. Tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN SELFOSSI

HUNDAR OG KETTIR 2 M/ísl. Tali	kl. 8	L
KNIGHT AND DAY	kl. 10	12
KARATE KID	kl. 8	L
22 BULLETS	kl. 10:50	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

LETTERS TO JULIET	kl. 8:10 - 10:30	L
HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
THE LAST AIRBENDER-3D	kl. 5:50 - 8	7
THE SORCERER´S APPRENTICE	kl. 5:40 - 10:50	7
INCEPTION	kl. 8 - 10:10	12
SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ísl. Tali	kl. 3:40	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ísl. Tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

CATS & DOGS-3D ísl tal	kl. 6	L
LETTERS TO JULIET	kl. 8 - 10	L
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ísl. Tali	kl. 6	L
THE SORCERER'S APPRENTICE	kl. 8	7
INCEPTION	kl. 10:20	12



HUMAN WOMAN Hljómsveitin Human Woman treður upp í Saltfélagshúsinu ásamt Margeiri og fleirum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekkert snobb í einkapartíi

Saltfélagshúsinu á Granda verður breytt í stóran klúbb annað kvöld þar sem mikið verður um dýrðir. Human Woman og Dj Margeir halda uppi stuðinu.

Gríðarmikið partí verður haldið í Saltfélagshúsinu úti á Granda annað kvöld en mikil leynd hefur hvílt yfir viðburðinum.

Um þrjú til fimm hundruð útvaldir gestir fá aðgang og þurfa þeir að hafa boðskort í höndunum til að komast inn. Ölgerðin stendur á bak við herlegheitin og allar veitingar verða ókeypis. Húsinu verður breytt í klúbb þetta eina kvöld og munu tónlistarmenn af ýmsum toga troða upp, þar á meðal plötusnúðurinn Margeir.

Hljómsveitin Human Woman, sem er skipuð Jóni Atla og Gísla Galdri, mun einnig halda uppi stuðinu. „Er ekki dálítið flipp núna að halda svona 2007-partý," segir Gísli Galdur og hlakkar mikið til að stíga á svið. „Við erum ekki búnir að spila síðan um áramótin en erum að koma okkur í gang núna."

Fyrsta plata Human Woman er væntanleg síðar á árinu og fram undan er hljóðblöndun hennar. Gísli segir að giggið í Saltfélagshúsinu verði mikið fyrir augað. „Þetta verður blandað prógram. Það verður farið í gegnum nokkra stíla. Við tökum smá klúbbastemningu á þetta og förum jafnvel yfir í nett pönk. Þessi plata er líka að þróast þannig. Hún byrjaði sem hálfgert remix-verkefni. Svo ákváðum við að gera lög og þau urðu allt öðruvísi en við héldum. Ég held að þetta verði skemmtileg blanda," segir hann.

Plötusnúðurinn Margeir er tónlistarstjóri kvöldsins. „Þetta er skemmtilegt húsnæði og kemst eins nálægt klúbbunum í Berlín og hægt er," segir Margeir, sem hefur kynnt sér vel klúbbamenninguna þar í borg. „Þeir staðir eru flestir uppbyggðir á svipaðan hátt. Það er rosamikið lagt í alla umgjörð, hljóð og ljós, en minna lagt upp úr hvaða tegundir af stólum eru inni á staðnum, sem er öfugt við alla aðra skemmtistaði hérna á Íslandi. Þjóðverjarnir kunna þetta," segir hann og lofar góðri skemmtun í partíinu. „Þetta verður góður klúbbur, settur upp þetta eina kvöld með góðri músík og flottri umgjörð en engu snobbi."

freyr@frettabladid.is



MARGEIR Plötusnúðurinn knái verður tónlistarstjóri kvöldsins.

NÝTT Í BÍÓ!











SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

SCOTT PILGRIM vs THE WORLD	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE EXPENDABLES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE EXPENDABLES LÚXUS	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
VAMPIRES SUCK	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
SALT	kl. 8 - 10.10	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 3.20	10
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 3.30 (650 kr.)	L
KARATE KID	kl. 5.10	L
SHREK 4 2D ÍSL TAL	kl. 3.30	L

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

THE EXPENDABLES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
SALT	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
THE KARATE KID	kl. 6 - 9	L
BABIES	kl. 6 - 8 - 10 Síðustu sýningar	L

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

SCOTT PILGRIM vs THE WORLD	kl. 8 - 10.10	12
THE EXPENDABLES	kl. 8 - 10	16
VAMPIRES SUCK	kl. 6	12
SALT	kl. 6	14

SKRIFAÐU SKOTHELDAN TEXTA


Ný útgáfa HANDBÓKAR UM RITUN OG FRÁGANG er komin út!

Ómissandi uppflettirit fyrir nemendur og alla sem vinna með ritað mál.



Endurbætt útgáfa

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


HEIMABÍÓ
GRÆNA LJÓSSINS
Nýtt!
„Sláandi frumleg!“
- Twitch
„Dieter Laser er hryllilega góður!“
- V.A. Musetto, New York Post
„Minn kæri hryllingsgeiri fær hér langþráða og kraftmikla innspýtingu, stútfulla af sjúklegum húmor.“
- Rob Gonsalves, EfilmCritic.com
ÞITT HOLD ER HANS DRAUMUR
THE HUMAN CENTIPEDE
A TOM SIX FILM
FIRST SEQUENCE
Skríður samtímis í Háskólabíó og á VOD leigur Símans og Vodafone 27. ágúst.
græna ljósið

> Blikar vilja meiri pening

Enn er pattstaða í málum Alfreðs Finnbogasonar. Breiðablik og Lechia Gdansk hafa verið að kasta á milli sín tilboðum og enn ber nokkuð í milli að því er Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, segir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur pólska liðið boðið Blikum 30 milljónir íslenskra króna í Alfreð en Blikar vilja meira.

Einar Kristján viðurkenndi í gær að mögu-leikinn á því að Alfreð færi til Póllands færi minnkandi enda stutt í að glugginn lokist. Þess utan vill Alfreð skoða aðstæður áður en hann semur og ekki mikill tími fyrir hann að skjótast til Póllands.



sport

sport@frettabladid.is

SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON: LANDSLIÐSÞJÁLFARINN ÁNÆGÐUR MEÐ LOKALEIK ÍSLANDS Í UNDANKEPPNI HM 2011

Landsliðið þarf að eignast fleiri toppleikmenn

Ísland lauk í gær keppni í undankeppni HM 2011 með 5-0 útisigri á Eistlandi í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir skoruðu tvö mörk hvor og Edda Garðarsdóttir eitt.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari, var ánægður með leikinn. „Það voru margir góðir leikkaflar hjá okkur og mörkin voru flott sem og samspilið. Eistlendingar voru búnir að bæta sig mikið frá því við mættum þeim síðast og þær voru betur skipulagðar nú. En leikurinn var þó aldrei spennandi og þetta var öruggur sigur. Það var einnig gott að við héldum hreinu."

Ísland varð í öðru sæti riðilsins með 24 stig af 30 mögulegum. Liðið tapaði í tvígang fyrir sterku liði Frakka og fer því ekki á HM í Þýskalandi á næsta ári. Samningur Sigurðar Ragnars rennur út á næstunni en sjálfur vill hann halda áfram. „Ég hef þó ekki rætt um mín mál við framkvæmdarstjóra KSÍ. En ég hef fullan áhuga á að halda áfram ef mér býðst það."



Hann segir að enn sé verk að vinna með landsliðinu. „Það hefur verið spennandi og gaman að taka þátt í uppbyggingu kvennaknattspyrnunnar á Íslandi og ég vona að ég fái tækifæri til þess áfram. Það er sífellt meiri áhugi að skapast fyrir íþróttinni og það sést bæði í iðkenda- og áhorfendafjölda. Þetta er allt á jákvæðri og góðri leið."

Hann segir að breiddin hafi aukist í landsliðinu undanfarin ár en meira þurfi til til að styrkja liðið. „Við viljum fá fleiri toppleikmenn. Atvinnumönnum hefur fjölgað undanfarið og vonandi heldur þeim áfram að fjölga enda tel ég að sterkustu leikmenn Íslandsmótsins eigi erindi í atvinnumennskuna. Íslenskir atvinnumenn erlendis eru um tíu talsins núna og er það vissulega miklu meira en það var fyrir tveimur árum síðan. En við þurfum fleiri til að styrkja landsliðið og vonandi bætast fleiri í þennan hóp á næstu árum."



GÓÐUR Rúnar hefur verið sem vítamínsprauta fyrir KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR getur komist í annað sæti:

Sex sigurleikir Rúnars í röð

FÓTBOLTI Rúnar Kristinsson fer með sína menn í KR á Fylkisvöllinn í kvöld. Hann hefur stýrt KR í sex deildarleikjum, unnið þá alla og liðið hefur aðeins fengið á sig tvö mörk en skorað sautján.

Fylkismenn hafa unnið tvo af síðustu sex leikjum en tapað fjórum, skorað ellefu mörk en fengið á sig tólf. Fylkir er með 18 stig í níunda sæti deildarinnar en KR 28 í því fjórða. Það getur komist upp í annað sætið með sigri í kvöld. - hþh

Deildarleikir Rúnars

Frá 25. júlí til 23. ágúst:

Selfoss - KR	0-3
KR - Fram	4-0
KR - Stjarnan	3-1
Keflavík - KR	0-1
KR - Fram	2-1
Valur - KR	1-4

IMAGE FUDGE IMAGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

pepsi deildin

Fimmtudagurinn 26.ágúst
Fylkir - KR kl. 18:00
Fylkisvöllur

Laugardagurinn 28.ágúst
Haukar – Kelfavík kl. 16:00
Vodafonevöllurinn

Sunnudagurinn 29.ágúst
Fylkir - ÍBV kl. 18:00
Fylkisvöllur
Stjarnan - Fram kl. 18:00
Stjörnuvöllur
Selfoss - Valur kl. 18:00
Selfossvöllur

Mánudagurinn 30.ágúst
Grindavík - Breiðab. kl. 18:00
Grindavíkurvöllur
KR - FH kl. 18:00
KR-völlur

Það er ekkert stress í gangi hjá Eiði Smára

Umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen segir að ekkert sé að frétta af leit hans að nýju félagi. Monaco segir Eið velkominn aftur til félagsins. Það standi ekki í vegi fyrir því að hann fari, svo lengi sem það tapi ekki peningum á honum.

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er enn leikmaður AS Monaco í Frakklandi en hann leitar nú logandi ljósi að nýju félagi. Eiður vill komast frá Frakklandi og helst af öllu aftur til Englands.

„Það er enn algjör óvissa um hans mál ennþá. Það er ekkert að frétta," sagði Arnór Guðjohnsen, faðir Eiðs og umboðsmaður, við Fréttablaðið í gær.

Hann staðfesti að allt kæmi til greina eins og staðan væri, meðal annars að hann spilaði með Monaco í vetur.

En er ekkert stress komið í Eið þar sem stutt er eftir af glugganum? „Nei, alls ekki," sagði Arnór en Eiður fékk sem kunnugt er frí frá landsleikjum Íslands við Noreg og Danmörku til að einbeita sér að leitinni að nýju félagi.

„Ég hef ekki hugmynd um hvenær málið skýrist," sagði Arnór sem vildi ekkert segja til um það hvort einhver tilboð lægju fyrir framan Eið þessa stundina.

Monaco ber Eiði söguna vel. „Eiður má fara frá félaginu. Monaco gaf honum sérstakt leyfi til að fara til Íslands til að æfa einn. Það var gert í góðu á milli okkar og leikmannsins. Hann hefur ekki verið beðinn um að halda sig frá félaginu eða neitt slíkt," sagði blaðamannafulltrúi Monaco, Pierre-Joseph Gadeau, við Fréttablaðið í gær.

Gadeau er jákvæður í garð Eiðs Smára. „Eiður er velkominn aftur til Monaco. Hann er að leita sér að nýju félagi og lausnum fyrir framtíð sína. Við höfum ekkert heyrt frá honum hvernig það gengur í nokkrar vikur," segir hann. „Ef Eiður verður ekki búinn að finna sér nýtt félag þegar félagaskiptaglugganum verður lokað 1. september kemur hann bara aftur til okkar. Hann er velkominn aftur til Monaco. Hann er enn leikmaður okkar."



SÉRTU VELKOMINN HEIM Monaco segir að Eiður sé velkominn aftur til félagsins. Það standi heldur ekki í vegi fyrir honum í leitinni að nýju félagi. NORDICPHOTOS/AFP

„Það hefur gengið erfiðlega hjá honum að finna sér lið," segir Gadeau sem hefur þó ekki heyrt í Eiði lengi. „Við höfum í það minnsta ekki heyrt að eitthvað sé að gerast."

Blaðamannafulltrúinn segir að það komi bæði til greina að Eiður fari að láni frá félaginu eða hreinlega að selja hann strax. „Svo lengi sem Monaco tapar ekki peningum þá stöndum við ekki í vegi fyrir honum að fara. Við ætlum ekki að neyða hann til að vera hér áfram," segir Gadeau. Eiður kom frítt til félagsins frá Barcelona.

Ljóst þykir að Eiður Smári veðjaði á rangan hest þegar hann gekk í raðir hins fornfræga félags frá Barcelona. Hann komst aldrei inn í leik liðsins og var að lokum lánaður til Tottenham í janúar.

Harry Redknapp, stjóri félagsins, hefur lýst yfir áhuga á því að fá Eið aftur. Hann hefur einnig verið orðaður sterklega við Fulham sem og West Ham, Birmingham og Rangers í Skotlandi. Félag í Dúbaí hefur meira að segja verið orðað við Eið.

Eiður er staddur á Íslandi þar sem hann æfir í Sporthúsinu. Á milli þess fer hann til æfinga hjá liðum á Íslandi. Hann æfði til að mynda með KR í vikunni. Þó kemur ekki til greina að hann gangi í raðir félags á Íslandi þar sem félagaskiptaglugginn hér heima er lokaður. hjalti@frettabladid.is



ÓLI ÞÓRÐAR Er ekki vanur því að hlaupa frá verkefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur Þórðarson:

Ætlar ekki að gefast upp

FÓTBOLTI Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, lét í það skína eftir síðasta leik Fylkis að hann gæti hætt sem þjálfari liðsins. Það mun ekki gerast.

„Ég er ekki hættur og það stendur ekki til að hætta. Ég mun ekki gefast upp. Við verðum að standa saman og klára þetta tímabil eins og menn. Það gengur fyrir að tryggja sætið í deildinni," segir Ólafur.

„Ég er samt mjög ósáttur við árangurinn í sumar þó svo við séum að byggja þetta nær eingöngu á uppöldum leikmönnum. Það er óþolandi að vera með góða stöðu og tapa henni alltaf niður," segir Ólafur sem telur Fylki vanta reynslu í hópinn. Það sé aðalástæðan fyrir því að liðinu gangi ekki betur en raun ber vitni.

„Svo er breiddin líka lítil hjá okkur. Það var talað um það fyrir sumarið að það gæti komið í bakið og það hefur komið á daginn. Við misstum líka reynslumikla menn fyrir tímabilið sem reyndist okkur líka erfitt," segir Ólafur sem skartar myndarlegu alskeggi þessa dagana sem tengist þó ekki gengi liðsins.

„Innra eðlið er kannski að koma í ljós. Maður er svoddan villimaður," segir Ólafur og hlær dátt. „Nei, ég er reyndar voðalega ljúfur." - hbg

Sölvi Geir Ottesen var hetja FCK og skoraði mark sem mun tryggja liðinu þrjá milljarða króna í tekjur:

Afar sætt og spennandi tímar framundan

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Sölvi Geir Ottesen var hetja FC Kaupmannahafnar í gær er hann tryggði sínum mönnum 1-0 sigur á norska liðinu Rosenborg í síðari viðureign liðanna í umspili um sæti í riðlakeppni deildarinnar í gær. Samanlögð úrslit voru 2-2 en FCK komst áfram á útivallarmarki.

Sölvi Geir skoraði markið með skalla eftir langt innkast á 32. mínútu leiksins. FCK fékk fleiri tækifæri til að skora í fyrri hálfleik en Rosenborg komst nálægt því að skora í síðari hálfleik og átti Roar Strand til að mynda skot í slá.

„Þetta var mögnuð upplifun og afar sætt," sagði Sölvi í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það var gríðarlegar mikið undir og mikill léttir og fögnuður í leikslok. Það er auðvitað alltaf gaman að skora og sérstaklega svona mikilvægt mark. En aðalmálið er að við erum komnir áfram í Meistaradeildinni. Það eru spennandi tímar framundan."

Hann vonast auðvitað til að fá að mæta einu af stórliðum Evrópu en dregið verður í riðla í dag. „En við viljum líka gera góða hluti í riðlinum og komast áfram. Það væri ágætt að fá eitthvað stórlið og taka svo annað sætið í riðlinum," sagði hann í léttum dúr.

Miklir peningar eru í Meistaradeildinni og tryggði mark Sölva FCK háar fjárhæðir. „Mér skilst að þetta séu um 150 milljónir danskar króna [rúmir þrír milljarðar króna] sem voru undir í leiknum. Kannski að ég fái prósentur af því – það væri ekki verra," sagði hann og hló.

Tottenham komst einnig í riðlakeppnina eftir 4-0 sigur á Young Boys frá Sviss á heimavelli þar sem Peter Crouch skoraði þrennu og Jermain Defoe eitt. Tottenham vann 6-3 samanlagðan sigur og keppir nú í fyrsta sinn í riðlakeppninni. Síðast tók Tottenham þátt í keppni þeirra bestu í Evrópu tímabilið 1961-62.

Alls verða 32 lið í hattinum þegar dregið verður í riðlakeppnina í dag. - esá



MILLJÓNAMARK Sölvi Geir skoraði sitt fyrsta mark fyrir FCK í gær og það reyndist afar dýrmætt. NORDIC PHOTOS/GETTY

ALLTAF BETRA VERÐ



FARTÖLVA

MSI FX600

2.66GHz Intel Core i5-450M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15,6" HD LED breiðskjár • nVidia GT325M skjákort • Bluetooth • DVD og CD skrifari • 720p vefmyndavél • 6-hólfa Li-ion rafhlaða • THX Certified hljóðkerfi með 4 hátölurum • Windows 7 Home Premium 64-bit

179.990



FARTÖLVA

Acer Extensa 5235 -901G16Mn

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR3 1066MHz minni • Intel GMA X4500 skjákort • 160GB SATA diskur • 15.6" WXGA breiðskjár • Kortalesari • Windows Vista Home Basic

69.990



FARTÖLVA

Acer Aspire 5541-303G32Mn

2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" WXGA breiðskjár • ATI Radeon HD 4200 skjákort • • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

99.990



FARTÖLVA

MSI CR720

1.87GHz Intel Celeron Dual Core P4500 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 320GB SATA diskur • 17,3" HD+ LED breiðskjár • Intel GMA HD skjástýring • DVD og CD skrifari • Vefmyndavél • Li-ion rafhlaða • Windows 7 Home Premium 64-bit

129.990



FARTÖLVA

Acer Aspire 5741-334G32MN

2.13GHz Intel Core i3-330M Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" WXGA LED CineCrystal breiðskjár • Intel HD Graphics 4500M skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium - 64-BIT

139.990



FARTÖLVA

MSI CX620

2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI HD5470 1GB skjákort • DVD og CD skrifari • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-bit

149.990



FARTÖLVA

Acer Travelmate 5740G-334G64Mn

2.13GHz Intel Core i3-330M - Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 640GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • Bluetooth • 15.6" WXGA LED breiðskjár • 1GB ATI Mobility Radeon HD 5650 DirectX 11 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

179.990

VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN

Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI

Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi





F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi

VELJUM ÍSLENSKT

SKÓLA TILBOÐ

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

1 högg var allt og sumt sem Guðlaugur Guðlaugsson, úr Golfklúbbi Flúða, þurfti til að klára 16. brautina á Selsvelli á Flúðum. Hann notaði 4 járn á þessari braut sem er 172 metrar af gulum teigum.

36 dagar eru þar til Ryder-bikarkeppnin hefst á The Celtic Manor-vellinum í Newport í Wales.

GOLF & HEILSA



Aukinn sveifluhraði

Magni M. Bernhardsson, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Rannsóknir sýna að kylfingur getur aukið sveifluhraðann með því að bæta styrktarþjálfun og liðleikaþjálfun við æfingakerfi sitt.

„Til að geta slegið boltann lengra verður þú að hafa stöðugleika og styrk í neðri hluta líkamans, jafnt sem efri hluta líkamans og í höndum. Styrkur er aðeins grunnurinn; styrkur gefur þér möguleika á að framkvæma snúninginn og dregur klárlega úr líkum á meiðslum, en án liðleika og jafnvægis munt þú ekki geta aukið sveifluhraðann. Ef þú bætir styrk og eykur vöðvamassa án liðleikaþjálfunar þá getur þú misst það sem kallað er rétt tímasetning og sveifluhraðinn verður hægari. Flestir hafa nægan styrk til að sveifla golfkylfu en oftar er liðleikaþjálfuninni ábótavant. Að lokum, prófaðu að standa á öðrum fæti, hafðu hendur niður með síðum og horfðu beint fram. Þetta átt þú að geta gert vandræðalaust í 30 sekúndur. Ef ekki, gerðu þá þessa æfingu á hverjum degi. Þannig öðlast þú það jafnvægi sem er svo mikilvægur hluti af golfsveiflunni."

Höfundur starfaði með PGA-golfkennaranum Justin Stout í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans.



Stefnt á að opna nýjan Hlíðavöll haustið 2011

Golfklúbburinn Kjölur í Mosfellsbæ fagnar 30 ára afmæli um þessar mundir. Það er viðeigandi að nú hillir undir að nýr glæsilegur 18 holu völlur verði opnaður og má segja að klúbburinn hafi þá loks slitið barnsskónum.

Golfklúbburinn Kjölur var stofnaður 7. desember 1980. Skráðir stofnfélagar voru 95 en við stofnun klúbbsins lá ekkert fyrir um hvort, hvenær eða hvar yrði leikið golf á hans vegum. Var því fljótlega hafist handa við að reyna að útvega land fyrir golfvöll en í fyrstu var leikið golf á landi sem fékkst að láni í Leirvogstungu.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Kjalar, segir að strax á fyrsta stjórnarfundi klúbbsins var ákveðið að sækjast eftir því landi sem golfvöllurinn er nú á. Í maí 1983 var undirritaður samningur milli Mosfellshrepps og golfklúbbsins um leigu á landinu til tuttugu ára. Hannes Þorsteinsson var fenginn til þess að hanna völlinn og strax um sumarið var hafist handa. Sú framkvæmd var að mestu leyti unnin í sjálfboðaliðsvinnu og lauk ekki fyrr en 1986. Sú vinna var ekki létt þar sem aðeins hluti þess var ræktaður. Fóru því ófáir klukkutímarnir í sáningu og grjóttínslu. Hlíðavöllur var formlega tekinn í notkun í júlí 1986 en völlurinn hefur tekið algjörum stakkaskiptum frá þeim tíma.



HAUKUR HAFSTEINSSON

Árið 2004 var hafist handa við að stækka Hlíðavöll í 18 holur. Árið 2008 voru fimm nýjar holur teknar í notkun á miðju sumri og þótti takast vel til. Framkvæmdir stöðvuðust síðan tímabundið þegar kreppan knúði dyra.

„Þrátt fyrir kreppuástand er nú komin á koppinn ný áætlun um opnun vallarins í samvinnu við Landsbankann," segir Haukur. „Mosfellsbær stendur líka við bakið á okkur."

Stefnt er að því að opna nýja völlinn haustið 2011. „Það verður kannski ekki hægt að opna á fullkláruðum velli. Til dæmis bíðum við eftir mold í 14. brautina en við erum háð því að fá afgangsmold úr framkvæmdum. Það er ekki mikið um slíkt þessa dagana," segir Haukur. Í sumar kemur til greina að spila afmælismót og boðsmót á 16. holu velli og þá bætast við ellefta og átjánda holan á nýja vellinum. Haukur vill þó engu lofa eða nefna dagsetningar.

Skráðir félagar í klúbbnum eru um 650 í dag. Með nýjum velli er stefnan að fjölga félögum í eitt þúsund. „Við teljum það raunhæft. Sérstaklega þegar litið er til golfsprengjunnar sem hefur orðið á síðustu árum. Fólk veit af uppbyggingunni hér og hringir mikið til að spyrjast fyrir. Það hræðist að sitja eftir á biðlista."

svavar@frettabladid.is

GOLFKLÚBBURINN KJÖLUR

10 hola:	Par 4 –	283/251	metrar	**Hlíðavöllur** 18 holur
11 hola:	Par 4 –	344/280	metrar	
12 hola:	Par 5 –	494/432	metrar	**Opnun:** Haustið 2011
13 hola:	Par 4 –	437/376	metrar	
14 hola:	Par 4 –	317/269	metrar	
15 hola:	Par 3 –	171/127	metrar	
16 hola:	Par 4 –	279/236	metrar	**Hönnuður:** Edwin Roald
17 hola:	Par4 –	322/289	metrar	
18 hola:	Par 3 –	146/118	metrar	



NÝR HLÍÐAVÖLLUR Hönnuðurinn, Edwin Roald, og Onno ehf., unnu þessa mynd af stækkun vallarins. Holurnar sem eru óklárað-ar eru allar á Blikastaðanesi og númeraðar frá 12 til 15. Nýju brautirnar eru í forgrunni, sem og nýtt æfingasvæði, áhaldahús auk aðstöðu fyrir hestamenn sem var hluti hönnunarinnar. Nýlega var lokið við að tyrfa síðustu fjórar flatirnar. MYND/EDWIN ROALD - ONNO EHF.



10. HOLA Þessi glæsilega hola verður sú tíunda á fullkláruðum velli. Enginn getur velkst í vafa um að nýr völlur verði eftirsóttur. MYND/EWIN ROALD

Hollráð Hinna

Varabolti

Ein misskildasta reglan í golfinu er hvernig á að leika varabolta. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá GR, útskýrir regluna svona:

1. Leikmaður má taka varabolta ef bolti hans gæti verið týndur utan vatnstorfæru eða hann gæti verið út af. Hann verður að tilkynna það skýrt að hann ætli að taka varabolta. Geri hann það ekki og leiki öðrum bolta verður sá bolti, bolti í leik, með víti, höggi og fjarlægð, og upphaflegi boltinn er týndur.
2. Leikmenn ættu alltaf að taka varabolta við þessar aðstæður til þess að flýta leik. Athuga samt að það þarf að vera nánast öruggt að boltinn sé ekki í vatnstorfæru.
3. Eftir að leikmaður hefur hafið leit að upphaflega boltanum má hann leita í 5 mínútur og alls ekki lengur. Leikmenn ættu því að temja sér þann góða sið að taka tímann og hafa hann á hreinu frá því að leit hefst. Klukkan er eina gilda verkfærið til þess að mæla 5 mínútur, tilfinning um lengd þess tíma sem búið er að leita gildir ekki. Leiki leikmaður boltanum eftir að 5 mínútur eru liðnar fær hann 2 högg í víti. Leiðrétti hann það ekki áður en hann hefur leik af næsta teig fær hann frávísun. Leikmaður VERÐUR því að vita hvað tímanum líður.
4. Finni leikmaður upphaflega boltann áður en 5 mínútur eru liðnar verður hann að leika honum. Sé boltinn ósláanlegur verður leikmaður að nota hann og taka víti; til baka gegn víti og fjarlægð, láta boltann falla innan tveggja kylfulengda til hliðar gegn víti eða sem þriðja möguleika láta boltann falla handan við þann stað þar sem boltinn lá í beina línu milli holunnar og þess staðar og eins langt aftur og hann vill innan vallar.
5. Varaboltann má ekki nota finnist upphaflegi boltinn.



Vissir þú?

- að golfboltinn er 46 grömm.
- að golfboltinn er 0,0005 sekúndur á kylfuhausnum þegar hann er sleginn.
- að hraði kylfuhauss þegar kylfan hittir boltann er 200 km/klst.
- að boltinn flýgur á 250 km/klst. af kylfuhausnum.
- að kylfuhaus í kyrrstöðu er um 200 grömm.
- að rétt áður en kylfan hittir boltann er kylfuhausinn um 40 kíló.
- að hendur sveiflast á um 42 km/klst. í 200 metra upphafshöggi.
- að hendur sveiflast á um 41 km/klst. í 120 metra höggi með 9 járni.
- að kylfingur notar um fjögur hestöfl í löngu upphafshöggi.

Heimild/GKj.is



Tiger Woods: Í fyrsta sinn í fyrsta ráshóp

Tiger Woods leikur í fyrsta ráshóp á The Barclays-mótinu sem hefst á PGA-mótaröðinni í dag. Aðrir í ráshópnum eru Cameron Beckman og Troy Matteson og hefja leik um klukkan sjö að staðartíma, eins og segir á kylfingi.is.

Woods hefur ekki áður leikið í fyrsta ráshóp sem jafnan er fyrir lakari kylfinga á mótaröðinni. Ástæðan fyrir því að hann er settur í ráshópinn er staða hans á FedEx-bikar-listanum þar sem Woods er í 112. sæti.



Gott og skemmtilegt til heimilisins!

Toshiba

Toshiba 32" LCD HD ready 50hz
BH32AV733F

Upplausn:	1366x768
Dýnamísk skerpa:	12000:1
Endurnýjunartíðni:	50Hz
Móttakari:	DVB-T
Tengi:	2x HDMI



BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

99.999

Samsung

SAMSUNG 32" LE32C455 LCD
SALE32C455E1W
Upplausn: 1366x768
Endurnýjunartíðni: 50hz - Móttakari: Háskerpa
Tengi: 3 HDMI / Scart o.fl.



BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

127.999

Skeifan Reykjavík
Glerártorg Akureyri

DMtech DVD

DMtech 2009HP DVD spilari
NLDVD2009HP
Með HDMI 1.3 upscale og Dolby digital decoder
DVD upscale í 1080p
Tengi: HDMI 1.3, Component, Composite, RCA
Audio, S-video, SPDIF, Coaxial digital, Scart



12.999

Acer

Acer AS5532-5509
AMD Athlon 64 TF-36
2GB DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) high-brightness TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 2,5klst
Windows 7 Home Premium



79.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

Acer

acer

Acer S5534-1121
AMD Athlon 64 X2 Dual-Core L310
4GB(2x 2GB) DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA 5400rpm diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 3,5klst
Windows 7 Home Premium



99.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

Acer

acer

Acer 5542 Bluray
15.6'' HD LED CineCrystal
AMD Athlon II X2 M300
4GB DDR2
512MB ATI HD4200
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Bluray drif



BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

139.999
~~149.999~~

Packard Bell

Packard Bell

TT TM94-RB-004
AMD Athlon II Dual-Core Mobile P320
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD4200 DX10.1 öflug skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit



BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

119.999

Packard Bell

Packard Bell

TT TM86-GN-005
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB Core i HD Graphics
PCI-E2.0 DX10 Intel skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit



BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

134.999
~~129.999~~

Packard Bell

Packard Bell

TT TM85-JO-010
Intel Core i5-430M 2.26GHz, Dual Core örgjörvi
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
með allt að 1GB HyperMemory
500GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit



BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

149.999

Vaxtalausar raðgreiðslur á fartölvum, sjónvörpum og heimilistækjum!

Þvottavél

ZANUSSI ÞVOTTAVÉL
1000SN - 6KG

HZ914 904 429

1000 snúningar á mínútu
Tekur 6 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: C
Orkuflokkur: A+



79.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

Þvottavél

ZANUSSI ÞVOTTAVÉL
1200SN - 7KG

HZ914 904 801

1200 snúningar á mínútu
Tekur 7 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+



89.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

Þurrkari

ZANUSSI ÞURRKARI
6KG - MEÐ BARKA

HZ916 093 090

Barkaþurrkari með tímarofa.
Lægra hitastig fyrir viðkvæmt tau.
Valhnappur fyrir bómull eða gerviefni.



79.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

Þurrkari

ZANUSSI ÞURRKARI
7KG - BARKALAUS

HZ916 094 209

Barkalaus þurrkari með rakaskynjara.
Taumagn 7 kg.
Ryðfrí tromla og krumpuvörn.



89.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

Uppþvottavél

ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
HVÍT
HZ911 549 035

12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi

ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
GRÁ
HZ911 549 032

12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi



BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

89.999

99.999

Kæliskápur

ZANUSSI KÆLISKÁPUR
140SM 19/44L

HZ920 403 264
Hæð: 140 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 61 sm
Orkunotkun: A



79.999

Kæliskápur

ZANUSSI KÆLISKÁPUR
185SM 249/110L
GRÁR

HZ925 032 159
Hæð: 185 sm
Breidd: 60 sm
Dýpt: 63 sm
Kælir: 249L
Frystir: 110L
Orkunotkun: A+



119.999

Frystiskápur

ZANUSSI FRYSTISKÁPUR
85SM HVÍTUR

HZ933 012 625

Hæð: 85 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 60 sm
91 lítra frystihólf
Orkunotkun: A



59.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

BT

BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is



> Val Kilmer

„Ef ég hef ekki ákveðnar hömlur eða ákveðna tímaáætlun verð ég yfirleitt mjög upptekinn af öðrum hlutum en ég ætti að vera einbeita mér að."

Val Kilmer sló í gegn í hinni klassísku mynd frá árinu 1984; Top Secret. Top Secret er á dagskrá Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÍHUGAR STÖÐU SÍNA

Hvers á ég að gjalda?

Þegar sumrinu lýkur og maður fer smám saman að leggja golfskóna út í horn tekur við annað og ekkert síður ástríðuþrungið áhugamál: enski boltinn. Ég hef oft velt því fyrir mér hvers vegna þessi deild höfðar svona sterkt til mín því ekki næ ég neinum tengslum við Pepsi-deildina og hef ekki horft á heilan leik í íslensku úrvalsdeildinni síðan ég þeytti heimagerðan lúður á leik FH og Fylkis einhvern tímann í fyrndinni (þeim leik tapaði FH og horfði á eftir titlinum norður á Akureyri en Fylkir féll.)

Ég missti því miður af upphafsleik minna manna á Anfield; þar gerðu þeir baráttujafntefli við síungt lið Arsene Wenger sem heldur því alltaf fram fyrir hvert tímabil að hans menn séu pelabörn og þurfi tíma. Wenger virðist hafa ótakmarkaðan aðgang að æskubrunninum. Allavegana, jafnteflið gaf góð fyrirheit og maður hafði hina sígildu Liverpool-trú þegar liðið mætti milljarðaliðinu frá Dubaí… afsakið Manchester. Leikinn bar upp á mánudag og því mátti lítið bregða út af til að geðheilsunni yrði ekki ógnað.

Húsfreyjan hafði lýst yfir mikilli bjartsýni með leikinn, sagðist hafa trú á mínum mönnum en að sjálfsögðu endaði mánudagskvöldið með dæmigerðri Liverpool-fýlu sem ógnaði heimilisfriðnum allan síðasta vetur. Þrjú núll. Tölur sem maður á erfitt með að kyngja.

Það verður því nokkuð skrýtið að nálgast hádegin á laugardögum eða sunnudögum með kvíðahnút í maganum, að þora varla að kveikja á sjónvarpinu á tíma sem oftar en ekki fylgdi mikil tilhlökkun áður fyrr.



FIMMTUDAGUR



▶ 20.00 Top Secret STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.05 Bræður og Systur SJÓNVARPIÐ



▶ 20.10 The Office SKJÁREINN



▶ 21.00 Veiðiperlur STÖÐ 2 SPORT



▶ 21.40 The Closer STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.45 Áfangastaðir - Básar í Goðalandi (12:12)
17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Akrar á Mýrum (21:24)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Herbergisfélagar (4:13) (Roommates)
17.50 Herramenn (37:52)
18.00 Krakkar á ferð og flugi (10:10) (e)
18.25 Dalabræður (9:10) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶20.05 Bræður og systur (68:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
20.50 Réttur er settur (9:10) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.
21.35 Nýgræðingar (159:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Sporlaust (1:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
23.05 Hvaleyjar (7:12) (Hvaler) (e)
00.00 Kastljós (e)
00.30 Fréttir (e)
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

06.20 Top Secret
08.00 The Last Mimzy
10.00 Thank You for Smoking
12.00 Draumalandið
14.00 The Last Mimzy
16.00 Thank You for Smoking
18.00 Draumalandið
▶20.00 Top Secret
22.00 The Lost City
00.20 Paradise Now
02.00 Easy
04.00 The Lost City

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Dynkur smáeðla, Harry og Toto, Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Last Man Standing (8:8)
11.10 Sjálfstætt fólk
11.45 Logi í beinni
12.35 Nágrannar
13.00 NCIS (10:25)
13.45 La Fea Más Bella (224:300)
14.30 La Fea Más Bella (225:300)
15.15 The O.C. (23:27)
16.00 Barnatími Stöðvar 2 Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Þorlákur, Harry og Toto
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (15:22) Hómer neyðist til að flýja Springfield og gerast trúboði á afskekktri eyju.
18.23 Veður Markaðurinn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (17:24)
19.45 How I Met Your Mother (14:24)
20.10 The Amazing Race (7:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla.
20.55 NCIS. Los Angeles (3:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
▶21.40 The Closer (9:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
22.25 The Forgotten (6:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
23.10 Ameríski draumurinn (1:6)
23.50 Monk (9:16)
00.35 Lie to Me (11:22)
01.20 The Tudors (5:8)
02.10 Park Gamanmynd sem gerist á einum degi í almenningsgarði í Los Angeles.
03.40 Less Than Zero Ein af eftirminnilegustu myndum 9. áratugarins.
05.15 Fréttir og Ísland í dag (e)

SPORT *besta sætið*

07.00 Tottenham - Young Boys Sýnt frá umspili í Meistaradeild Evrópu.
16.20 Tottenham - Young Boys Sýnt frá umspili í Meistaradeild Evrópu.
18.00 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
18.25 Veiðiperlur
18.55 UEFA Europa League 2010 Bein útsending frá leik í umspili Evrópudeildarinnar í knattspyrnu.
▶21.00 Veiðiperlur Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.
21.30 Wyndham Championship Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni skoðuð í þaula.
22.25 UEFA Europa League 2010 Sýnt frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

SPORT 2 *enski boltinn*

16.20 Newcastle - Aston Villa / HD Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.10 Stoke - Tottenham Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.00 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
20.30 Football Legends - Maradona Diego Armando Maradona verður kynntur til sögunnar í kvöld og afrek hans sem knattspyrnumaður skoðuð.
20.55 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
21.55 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin skoðuð.
22.25 Man. City - Liverpool / HD Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Dynasty (20:30) (e)
09.30 Pepsi MAX tónlist
16.40 Dynasty (21:30)
17.25 Rachael Ray
18.10 Canada's Next Top Model (3:8) (e)
18.55 Still Standing (14:20) (e)
19.20 America's Funniest Home Videos (28:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot.
19.45 King of Queens (12:13)
▶20.10 The Office (1:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin. Þetta er sjötta þáttaröðin um Michael Scott og samstarfsfólk hans.
20.35 Parks & Recreation (17:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
21.00 Flashpoint (18:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Það er komið að lokaþættinum að sinni og sérsveitin þarf að yfirbuga byssumann sem reynir að koma í veg fyrir að íþróttahöll verði rifin.
21.50 Law & Order (18:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Bankastjóri rænir sinn eigin banka til að borga mannræningjum sem hafa dóttir hans í haldi.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.25 In Plain Sight (10:15) (e)
00.10 Leverage (13:13) (e)
00.55 King of Queens (12:13) (e)
01.20 Pepsi MAX tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Yngvi Örn og Jafet um vaxtalækkun Samtaka iðnaðarins.
21.00 Eitt fjall á viku Pétur Steingrímsson og föruneyti á fjöllum.
21.30 Í nærveru sálar Endurfluttur einn af frábærum þáttum Kolbrúnar.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

NCIS: Los Angeles

Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

The Amazing Race

Stöð 2 kl. 20.10

Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir eiga það sameiginlegt að vilja sigra.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Framtíð lýðræðis
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Eldfórnin
15.25 Bláar nótur í bland
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Á sumarvegi
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.22 Syrpan
18.50 Veðurfregnir
19.00 Rölt milli grafa
19.30 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
21.30 Kvöldsagan: Rómeó og Júlía í sveitaþorpinu
22.05 Veðurfregnir
22.10 Orð kvöldsins
22.15 Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Haustmánaðarkvöld
23.00 Útvarpsperlur: Um helgina
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

19.35 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

20.15 Grey's Anatomy (11:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.45 Gossip Girl (22:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.

22.30 Mercy (18:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

23.15 True Blood (9:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn andstöðu íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

00.10 Nip:Tuck (18:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

00.55 Grey's Anatomy (11:17)

01.40 The Doctors

02.20 Fréttir Stöðvar 2

03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.30 My Hero **13.00** My Hero **13.30** My Family **14.00** My Family **14.30** ‚Allo ‚Allo! **15.00** Dalziel and Pascoe **15.50** The Weakest Link **16.35** Monarch of the Glen **17.25** The Black Adder **18.00** How Not to Live Your Life **18.30** Lead Balloon **19.00** Little Britain **19.30** Dalziel and Pascoe **20.20** Little Britain **20.50** How Not to Live Your Life **21.20** Come Dine With Me **21.45** The Jonathan Ross Show **22.35** EastEnders **23.05** Torchwood **23.55** The Black Adder

DR 1

12.00 Hvad er det værd? **12.30** Det Søde Sommerliv **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Substitutterne **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Sallies historier **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Nabokrig **18.30** Undercover chef **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - spillets regler **21.30** Jordemødrene **22.00** Så er der pakket **22.30** Boogie Mix

NRK 1

12.30 Toppform **13.00** Filmavisen 1960 **13.10** Millionær i forkledning **14.00** Derrick **15.00** Norge rundt **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Det brente skipet **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.20** Hansenhjørna **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Klippen **22.45** Munter mat **23.15** Korte grøss: Budet **23.40** Blues jukeboks

SVT 1

12.30 Val 2010 **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Djursjukhuset **15.25** Val 2010. Tom Alandh i Sverige **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010 **19.00** Himmelblå **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Five Days **21.00** Undercover Boss **21.45** The Seventies **22.15** Livvakterna **23.15** Grävlingens hemlighet



Húsavíkurjógúrt á tilboði

Nú færðu allar bragðtegundir af Húsavíkurjógúrt á betra verði.
Prófaðu þær allar!

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-1360

GOTT Á GRILLIÐ



Kjúklingabringur sem pabbi grillar og eru búnar að liggja í eins konar maríneringu, er það sem mér finnst best á grillið. Með kartöflusalati, venjulegu salati og vatn að drekka með. Einfalt og gott.

Ingi Hrafn Hilmarsson, leikari sem reif liðþófa í miðri sýningu á leikritinu In the beginning.

Beyoncé málið búið


„Ég hafði bara séð eina mynd af leggingsbuxum Beyoncé og af þeirri mynd að dæma virtust þetta vera eins leggingsbuxur og okkar. Við sögðumst ætla að skoða málið betur áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar og það höfum við gert núna og í ljós kom að það er nokkur munur á hennar leggings og okkar. Það lítur út fyrir að hún hafi sótt innblástur í okkar hönnun og við erum bara stolt af því," segir Heba Hallgrímsdóttir, annar eigandi hönnunarmerkisins E-label. Frétt um mögulegan stuld söngkonunnar Beyoncé á hönnun E-label hefur farið eins og eldur um sinu um netheima og hafa netmiðlar á borð við Daily Mail, Toronto News og Mode.net fjallað um málið og vitnað í orð Hebu.

„Mér finnst sumir þessara miðla hafa tekið þetta úr samhengi og ekki greint nógu vel frá málinu. Þarna eru til dæmis kvót sem ekki eru kláruð," segir Heba og bætir við að sér finnist sumar fréttirnar hafa verið skrifaðar í eins konar æsifréttastíl.

E-label hefur verið fáanlegt í verslun Topshop í London frá því í fyrrahaust og verður nú einnig fáanlegt í tveimur verslunarkeðjum í Þýskalandi og bætist sú þriðja við í lok þessarar viku. „Það er nú engin reynsla komin á Þýskalandsmarkaðinn ennþá, en þetta lítur vel út og menn eru bjartsýnir á að þetta eigi eftir að ganga vel. Vonandi stenst það," segir Heba, en verslunarkeðjurnar sem selja hönnun E-label nefnast Kult, Elb og Olymp & Hads. „Þar munum við selja nýjustu vörurnar í bland við þær vinsælustu og leggingsbuxurnar víðfrægu verða þar á meðal." - sm



MÁLIÐ DAUTT Heba Hallgrímsdóttir segist hissa yfir þeirri athygli sem erlendir fjölmiðlar sýndu málinu.



LÁRÉTT
2. nægilega, **6.** utan, **8.** samstæða, **9.** endir, **11.** tveir eins, **12.** gafl, **14.** fáni, **16.** sjó, **17.** hlaup, **18.** geislahjúpur, **20.** guð, **21.** ferðast.

LÓÐRÉTT
1. líkamshluti, **3.** hróp, **4.** alger, **5.** sarg, **7.** nýta, **10.** frostskemmd, **13.** námsgrein, **15.** drykkjarílát, **16.** aum, **19.** strit.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. nógu, **6.** án, **8.** par, **9.** lok, **11.** gg, **12.** stafn, **14.** flagg, **16.** sæ, **17.** gel, **18.** ara, **20.** ra, **21.** rata.
LÓÐRÉTT: 1. háls, **3.** óp, **4.** gagnger, **5.** urg, **7.** notfæra, **10.** kal, **13.** fag, **15.** glas, **16.** sár, **19.** at.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Þjófarnir voru fimm.
2. Laxinn veiddist í Laxá í Aðaldal.
3. Um 60 þúsund manns.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

INGIBJÖRG FINNBOGADÓTTIR: VERÐUM GÓÐAR MÓDELMÖMMUR

ELITE MODEL MANAGEMENT OPNAÐ Á ÍSLANDI

„Það er mjög gott fyrir íslenska markaðinn að fá Elite Models Management til Íslands," segir Ingibjörg Finnbogadóttir sem ásamt Tinnu Aðalbjörnsdóttur mun sjá um rekstur fyrirtækisins hér á landi. Elite er eitt stærsta fyrirsætufyrirtæki í heimi og hefur á sínum snærum margar af fremstu fyrirsætum heims.

Ingibjörg segir að hugmyndin að opnun Elite hér á landi hafi komið í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli. Fyrst hafi komið upp hugmynd um að halda aðal fyrirsætukeppni Elite, Elite Model Look, hér en síðan var horfið frá því og byrjað að spá í opnun fyrirtækisins hér á landi. „Bernard Hennet, sem er stjórnarformaður Elite Worldwide, lýsti þessu þannig fyrir okkur að Ísland hafi komið sér ærlega á kortið með því að stöðva allt flug í heiminum," segir Ingibjörg en fyrstu drögin voru lögð fram á fundum milli athafnamannsins Jóns Ólafssonar og áðurnefnds Hennets. „Svo var haft samband við okkur og við beðnar um að taka að okkur daglegan rekstur á fyrirtækinu hér á landi og nú er komið að þessu."

Elite-fyrirtækið sérhæfir sig í að finna ný andlit og áðurnefnd keppni er hluti af þeirri leit en hún fer að þessu sinni fram í Kína í október á þessu ári. „Við ætlum að vera með íslenska forkeppni 26. september þar sem sigurvegarinn mun fara út í aðalkeppnina í Kína," segir Tinna en í verðlaun er samningur upp á 150.000 dollara eða átján milljónir. „Það besta er að stúlkur sem skrá sig hjá okkur verða hluti af alþjóðlega bókunarnetinu hjá Elite. Þannig að þær verða á skrá með mörgum af heitustu fyrirsætunum í dag og geta verið bókaðar út um allan heim," segir Tinna en hún mun hafa yfirumsjón með fyrirsætunum.

Elite er búið að fá skrifstofuhúsnæði á 3. hæð á Klapparstíg 25-27 og verður opið hús á laugardaginn milli 11 og 17. „Við hvetjum allar þær stúlkur sem telja sig eiga erindi í keppnina og í fyrirsætubransann til að koma og kíkja á okkur á laugardaginn," segir Tinna og bætir við að þær taki einnig við ábendingum. „Við erum báðar með mikla reynslu á þessu sviði og ætlum okkur að verða góðar módelmömmur," segir Ingibjörg.

alfrun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ELITE MEÐ ÚTIBÚ Á ÍSLANDI Tinna Aðalbjörnsdóttir og Ingibjörg Finnbogadóttir sjá um rekstur Elite-fyrirsætuskrifstofunnar á Íslandi sem verður til húsa við Klapparstíg.

MEÐ FRÆGAR Á SKRÁ

Elite Models management var stofnað árið 1972 og er ein af stærstu fyrirsætuskrifstofum í heiminum í dag. Skrifstofan er með 800 fyrirsætur á skrá hjá sér og um 35 skrifstofur víðs vegar um heiminn að meðtaldri íslensku skrifstofunni. Höfuðstöðvarnar eru í París en eigandi Elite World er Bertrand Hennet. Fyrirsætur sem starfað hafa fyrir skrifstofuna eru heimsþekktar stjörnur á borð við Heidi Klum, Naomi Campell, Claudiu Schiffer, Gisele Bundchen, Tyru Banks, Cindy Crawford og Elle Macpherson.



FRÉTTIR AF FÓLKI




Átakið Á allra vörum hefur varla farið fram hjá nokkrum manni en hápunkturinn verður söfnunarþáttur sem verður í beinni útsendingu Skjás eins á föstudagskvöldið. Fjöldi landsþekktra skemmtikrafta kemur fram en meðal þeirra eru systkinin Páll Óskar og Sigrún Hjálmtýsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Guðbjörg Magnúsdóttir auk **Helga Björnssonar** og Reiðmanna vindanna.

Yngri kynslóðin fær auðvitað einnig sitthvað fyrir sinn snúð en tvær vinsælustu hjómsveitir landsins ætla að troða upp. Þetta eru auðvitað Hjaltalín og Dikta en **Hjaltalín** fékk fyrir nokkru frábæra dóma í norskum fjölmiðlum og Dikta keypti nýlega útgáfuréttinn á annarri hljóðversplötu sinni. Þá hyggst stúlknasveitin Elektra einnig koma fram og Thin Jim and the Castaways.



Baltasar Kormákur og tökulið kvikmyndarinnar Djúpið stóðu í ströngu í gærkvöldi en þá var skipskaði myndaður á Suðurnesjum. Bátur, sem var sérstaklega keyptur fyrir kvikmyndina, var settur á hliðina og Ólafur Darri, sem fer með aðalhlutverkið í myndinni, fékk að kynnast hinu ískalda Atlantshafi. - fgg



SUÐRÆN SVEIFLA



Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latín dönsum, kviðæfingum og góðri slökun.

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17.30 og miðvikudögum kl. 18:00 og laugardögum kl. 11:00

Kennarar eru Bitgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari og Ólöf Björk Björnsdóttir.

Skráning er hafin á námskeið sem hefst 2. september.

Kennt verður í Mecca Spa, Nýbílavegi og íþróttasal Hvassaleitisskóla við Stórageröi, og hægt er að skrá sig í síma **899 8669**

Fundu flöskuskeyti í Viðey

Átta erlendir sjálfboðaliðar frá SEEDS-samtökunum, sem eru með bækistöðvar í Reykjavík, fundu flöskuskeyti í Viðey á dögunum er þeir unnu við hreinsun strandlengjunnar. Skeytið var frá krökkum í leikskólanum Brekkuborg og var sent 25. júní síðastliðinn þegar þeir voru í fjöruferð við Geldinganes.


Í skeytinu segir: „Hæ hæ, við erum nokkrir hressir krakkar á leikskólanum Brekkuborg í Reykjavík. Við erum öll í skólahóp og erum 5-6 ára. Fimmtudaginn 25. júní skruppum við í fjöruferð. Ferðin var haldin að Geldinganesi. Þaðan sendum við skeytið. Við eyddum morgninum í að leika okkur og veiða með háfi. Veðrið var frábært, sólskin og í kringum 17°. Þegar þú finnur þetta væri gaman að heyra frá þér.Bestu kveðjur, Tinna Mjöll 5 ára, Kjartan Snær 5 ára, Aldís Dröfn 6 ára, Aþena Rós 5 ára, Olivía 6 ára, Brynjar Ingi 5 ára, Silja 5 ára, Gabríel Máni 5 ára, Aleyna Júlía 5 ára, Gabríel 6 ára, Aþena Ásta 6 ára, Birgir Sveinn 5 ára, Ragnar 5 ára og Bríet 6 ára."

SEEDS-sjálfboðaliðarnir koma frá Englandi, Þýskalandi, Tékklandi og Serbíu. Þeir munu halda áfram að hreinsa strandlengjuna og sinna umhverfismálum ásamt því að undirbúa uppskeruhátíð Viðeyjar, Töðugjöld, sem verður haldin á sunnudaginn. -fb




MEÐ FLÖSKUSKEYTIÐ Átta erlendir sjálfboðaliðar frá SEEDS-samtökunum með flöskuskeytið sem þeir fundu í Viðey.

ELDHÚSSTÖNG OG 13 ÁHÖLD
350 kr/stk



Verð áður 6.990 kr.
Tilboð 4.893 kr. **30%**
Þú sparar 2.097 kr.

ÍSLENSKA BERJATÍNAN
Ný sending.



Verð 2,900 kr.


TRISTAR RYKSUGA
Max power
2400W



Verð áður
19.990 kr.
Tilboð 14.990 kr. **25%**
Þú sparar 5.000 kr.

ALLAR BAÐVOGIR
Mikið úrval, gott verð.

20%
afsláttur



ALLAR VEKJARAKLUKKUR




20%
afsláttur


SUSHI SETT 8 STYKKI **25%**



Verð áður 1.997 kr.
Tilboð 1.498 kr.












ALLAR SERÍUR
Nýkomin sending,
lægra verð með
betra gengi
20%
afsláttur









Gott verð



ERGORAPIDO
Handryksuga
með skafti
19.900 kr.

HNÍFASETT 9 STYKKI - 416 KR/STK
25%



Verð áður 4.997 kr.
Tilboð 3.748 kr.

TRISTAR BELGÍSKT VÖFFLUJÁRN



30%
Verð áður 9.990 kr.
Tilboð 6.990 kr.

Tifandi tilboðssprengja aðeins 4 dagar

fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag eða meðan birgðir endast

SALATÞEYTARI



Verð áður 1.390 kr.
Tilboð 990 kr. **29%**

RUSLAFATA SILFUR 35CM
Stál
50%



Verð áður 1.990 kr.
Tilboð 1.000 kr.

SCHOU BLANDARI
500W - 1,5LTR



Verð áður 9.999 kr.
Tilboð 7.999 kr.
Þú sparar 2.000 kr.

SULTUKRUKKA 0.15L
Skrúfað og þétt lok.



50%
Verð áður 499 kr.
Tilboð 250 kr.

FARTÖLVU LÍMMIÐAR
Lífgar uppá lærdóminn



Verð áður 499 kr.
Tilboð 250 kr. **50%**

Heimilistæki á lægsta verði
allar vörurnar á **2.990 kr.**














HEIMILISTÆKJAMARKAÐUR
byggtogbúið
KRINGLUNNI
www.byggtogbuid.is

MULTI TOOL **50%**



14 tæki í einu
Verð áður 1.999 kr.
Tilboð 1.000 kr.

RUSLATUNNU LÍMMIÐAR



Verð áður 499 kr.
Tilboð 250 kr. **50%**

ÖLL TENGI 20% afsláttur



Tölvu-, rafmagns-, síma,- sjónvarps- og hljóðtengi mikið úrval, gott verð.

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI



Til Ameríku

Íslenska heimildarmyndin Maybe I Should Have, sem fjallar um bankahrunið, verður sýnd á tveimur stöðum í Bandaríkjunum um næstu mánaðamót. Myndin var sýnd á ráðstefnu í Frakklandi á dögunum. Þar var bandarískur hagfræðiprófessorinn Richard D. Wolff staddur og hafði hann milligöngu um að myndin yrði sýnd í New School-háskólanum í New York 2. september. Í framhaldinu mun leikstjórinn **Gunnar Sigurðsson** sitja fyrir svörum um myndina. Myndin verður einnig sýnd í Iowa City-háskólanum þar sem Gunnar og þingmaðurinn Lilja Mósesdóttir sitja fyrir svörum.

Dansandi útvarpsstjarna

Belgíska hljómsveitin La Fanfare du BelgistaN kom fram á Venue á þriðjudagskvöldið í tengslum við Jazzhátíð Reykjavíkur. Hljómsveitin spilar stórskemmtilega og fjöruga sígaunatónlist og var margt um manninn á Venue. Tónlistin var hressandi og lífleg og voru margir gestir sem stigu léttan dans í takt við tónana, þeirra á meðal voru útvarpskonan **Margrét Erla Maack** og uppistandarinn Þórdís Nadía sem tóku nokkur magadansspor á hliðarlínunni. Þegar trommuleikari hljómsveitarinnar varð var við yngismeyjarnar gaf hann þeim merki um að færa sig nær sviðinu og halda dansinum áfram þar. Stúlkurnar urðu við bón trommuleikarans og dönsuðu af stakri snilld, allt þar til yfir lauk.

- fb, áp



Mest lesið VÍSIR.IS

1. Ólafur Skúlason hlaut fálkaorðuna fjórum sinnum
2. Meintur njósnari fannst látinn í poka
3. Síra Geir hlýðir tilkynningaskyldu
4. Peningar í óskilum
5. Hundruð manna til Þjóðskrár
6. Eyjafjallaaskan braut náttúrulögmál

Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

Fjöldi flugsæta á frábæru verði!

HAUSTTILBOÐ
NEW YORK
19.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.




Bókunartímabil: Frá hádegi í dag til hádegis á morgun
Ferðatímabil: 31. ágúst–31. október 2010

Nú er hárréttur tími til að bóka haustferðina til **New York** með Iceland Express. Frá hádegi í dag til hádegis á morgun bjóðum við fjölda flugsæta til New York í **september og október** á frábæru tilboðsverði, **verð frá 19.900 kr.***

Haustin í New York eru dásamleg, bókaðu þitt flug á betra verði á **www.icelandexpress.is**

Iceland Express
með ánægju



Frá New York er hægt að fá ódýrt tengiflug um alla Ameríku

www.icelandexpress.is

Fíton / SÍA